FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
25. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 04. FEBRÚAR 2023

Viltu koma út að leika?

Stærsta flugáætlunin til Spánar og Portúgals í sumar

Bragðaðu á því besta í Bologna, leiktu við börnin í Billund, stingdu tánum í sandinn á Mallorca, taktu sjálfsmynd við Lincoln-minnisvarðann í Washington eða röltu yfir Karlsbrúna í Prag. Skoðaðu frábært úrval áfangastaða, skipuleggðu draumafríið og hafðu það gott í sumar. Þú átt það skilið eftir þennan vetur.

flyPLAY.is

PLAY

Beint flug til yfir 30 áfangastaða í sumar

*Verð eru birt með fyrirvara um framboð

Alicante Frá **18.290** kr.

Aþena Frá **26.900** kr.

Álaborg Frá **11.900** kr.

Árósar Frá **11.990** kr.

Baltimore Frá **22.900** kr.

Barcelona Frá **13.290** kr.

Berlín Frá **10.499** kr.

Billund Frá **10.005** kr.

Bologna Frá **14.699** kr.

Boston Frá **22.900** kr.

Brussel Frá **12.299** kr.

Düsseldorf Frá **14.499** kr.

Dublin Frá **10.005** kr.

Gran Canaria Frá **18.499** kr.

HELGIN 20

Þegar gleðin breytist í sorg

HELGIN 18



Saga og sál í Brynju

VR

Lífið er að muna að febrúar er oftast bara 28 dagar

Lífið er ... að mæta því óvænta

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 04. FEBRÚAR 2023

Óttalaus í Ameríku

Arkitektinn og hönnuðurinn Gulla Jóns er þekkt fyrir stórbrotna hönnun hótela og veitingahúsa um allan heim. Hún fær innblástur úr íslenskri náttúru en Gulla hefur búið í Los Angeles í þrjátíu ár þar sem hún nýtur lífsins. ➤ 16

MYND/MAGNÚS UNNAR

FRÉTTIR 9

Flestir vændiskaupendur Íslendingar

TÍMAMÓT 23

Ári kanínunnar fagnað

TAKK!
6 ár í röð
1. sætið í ánægjuvoginni

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Sólveig Anna með lögmanninum Flóka Ásgeirssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tekist á um mál Eflingar í tveimur réttarsölum í gær

jonthor@frettabladid.is

KJARAMÁL Tekist var á í kjaradeilu Eflingar og SA í tveimur dómstólum í gær. Annars vegar var það mál Ríkissáttasemjara gegn Eflingu í héraðsdómi vegna afhendingar félagatals til að kjósa um miðlunartillögu. Hins vegar mál SA gegn Eflingu í félagsdómi vegna verkfallsboðunar.

Um hið fyrrnefnda sagði Sólveig Anna málatilbúnaðinn veikan og málið hápólitískt. Engum myndi dirfast að fara fram með þessum hætti gegn öðru félagi. Málið væri aðför að lýðræðislega vörðum réttindum samninganefndar Eflingar.

Andri Árnason, lögmaður Ríkissáttasemjara, minntist einnig á lýðræðið í sínum málflutningi í gær. „Þarna er verið að svipta félagsmenn kosningarétti sínum. Það er óumdeilt að það er einsdæmi í kjaradeilum að synja þeim þátttöku í atkvæðagreiðslu," sagði hann. ■

Ekkert messufall hjá Controlant

Controlant fékk aðalverðlaun UTmessunnar í Hörpu fyrir vöktunarlausnir sem koma í veg fyrir skemmdir á lyfjum og matvælum í allri virðiskeðjunni. Tryggir það þar með öryggi sjúklinga, dregur úr sóun og minnkar kolefnisspor. Aðalheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri UTmessunnar, veitir þeim Erlingi Brynjúlfssyni og Gísla Herjólfssyni verðlaunin í viðurvist Guðna Th. Jóhannessonar, forseta lýðveldisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Velja Hollywood fram yfir íslenskar

kristinnhaukur@frettabladid.is

KVIKMYNDIR Aðeins 10 prósent kvikmyndahúsagesta völdu að fara á íslenska bíómynd á síðasta ári. Þetta er langlægsta hlutfall á Norðurlöndunum. Danir eru duglegastir að sjá eigin kvikmyndir, 30 prósent, og Finnar eru ekki langt á eftir með 27 prósent. Í Noregi og Svíþjóð er hlutfallið í kringum 20 prósentin.

Aðeins ein íslensk kvikmynd komst á lista yfir þær 10 aðsóknarmestu, Allra síðasta veiðiferðin. Teiknimyndin Minions: The Rise of Gru fékk mesta aðsókn. Þar á eftir komu Elvis, The Batman, Avatar: The Way of Water og Thor: Love and Thunder. Kvikmyndirnar Abbabbabb, Svar við bréfi Helgu og Berdreymi komust ekki á topp 10 listann.

> Aðeins Allra síðasta veiðiferðin komst á topp 10.

Tekjur kvikmyndahúsanna voru tæpir 1,3 milljarðar króna sem er aukning um 18 prósent frá árinu áður. Aðsókn jókst um rúm 10 prósent en er enn þriðjungi minni en fyrir Covid-19 faraldurinn. ■

Hollvinasamtök Reykjalundar

AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar laugardaginn 4. febrúar 2023, kl. 14:00.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg aðalfundarstörf.

2. Stutt fræðsluerindi úr starfsemi Reykjalundar:
Meðhöndlun á langtímaeinkennum Covid, endurhæfing hjartasjúklinga og fleira.

Á fundinum mun Hollvinir afhenda Reykjalundi hjartarafrit og 6 senda af fullkomnustu gerð, til að fylgjast með hjartalínuriti einstaklinga í þjálfun en gjöfin er að verðmæti tæplega 4 miljónir króna.

Hollvinir eru hvattir til að mæta og nýir félagar velkomnir.

Stjórn Hollvinasamtaka Reykjalundar

Segja fatlað fólk dragast meira aftur úr í launum

Kjaragliðnun á milli öryrkja og lægst launaða fólksins úti á almennum vinnumarkaði hefur verið árviss í hálfan annan áratug, að mati forvígismanna helstu samtaka fatlaðs fólks. Það þurfi launahækkanir eins og aðrir landsmenn.

ser@frettabladid.is

KJARAMÁL Forvígismenn helstu samtaka fatlaðs fólks á Íslandi, Geðhjálpar, Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ réttindasamtaka segja félagsmenn sína vera að dragast enn meira aftur úr öðrum landsmönnum í tekjum.

Bilið á milli örorkulífeyris og launa á almennum vinnumarkaði sé að aukast. Kjaragliðnun á milli þessara tveggja hópa hafi verið árviss í hálfan annan áratug.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka, segir þetta vera tusku í andlit þeirra sem síst skyldi á Íslandi. „Okkar fólk situr bara á hakanum. Það er ekki hægt að upplifa það öðruvísi," segir hún og kveðst sár og reið fyrir hönd þessa hóps sem ber minnst úr býtum í samfélaginu.

„Hér á okkar skrifstofu er stöðugt símaálag. Fólk er reitt og það kvíðir næstu dögum," lýsir hún og bætir því við að á sama tíma og kjörin rýrni í samanburði við aðra hópa hækki allt; húsleigan, matarkarfan, lyf og læknisþjónusta.

„Fyrir vikið á þessi hópur enga möguleika á að borga það verð sem sett er upp í samfélaginu," segir Þuríður Harpa. „Allt hefur hækkað umfram þolmörk," bætir hún við.

Í ályktun samtakanna segir að í dag muni 80 til 150 þúsund krónum á lægstu óskertu greiðslum almannatrygginga og launatöxtum ef miðað er við launatöflur Starfsgreinasambandsins (SGS).

Tekjubilið á milli öryrkja og lægst launaða fólksins úti á vinnumarkaði er að aukast að mati helstu samtaka fatlaðs fólks.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samanburður á launataxta SGS og öryrkja

Öryrkjar – Lægstu óskertar greiðslur	**319.666 kr.**	**hækkun: 10,31%**
Öryrkjar – Hæstu óskertar greiðslur	**427.734 kr.**	**hækkun: 10,31%**
SGS – Byrjunarlaun	**402.235 kr.**	**hækkun: 12,39%**
SGS – Eftir 5 ára starf	**472.172 kr.**	**hækkun: 15,17%**

(Hækkun frá janúar 2022)

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ

Það sé ekki aðeins réttlætismál að kjör fatlaðs fólks fylgi launaþróun í landinu, heldur sé það lífsspursmál. Samtökin skori því á ríkisstjórnina að leiðrétta lífeyrisgreiðslur og hækka þær um að minnsta kosti 42 þúsund krónur á mánuði.

„Gleymum því ekki," segir Þuríður Harpa, „að sjálfur fjármálaráðherra hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að vísitölufjölskylda á lágmarkslaunum nái ekki endum saman. Hvað megum við þá segja um öryrkja sem eru eftirbátar allra annarra í kjörum?" spyr Þuríður Harpa og minnir jafnframt á að kannanir sýni að 80 prósent fatlaðs fólks sem þarf að reiða sig á tekjur almannatrygginga nái ekki endum saman.

„Samt er bilið að aukast á milli öryrkja og lægstlaunaða fólksins úti á vinnumarkaði," segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir. ■

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

STJÓRNU TILBOÐ

Í FEBRÚAR

Nýtt blað er komið út

Skannaðu kóðann

TÖLUR VIKUNNAR

60
prósent erlendra ferðamanna vilja ferðast um landið á bílaleigubíl.

100
gesta pláss verður á endurbættu skíðasvæði í Kerlingarfjöllum í vor.

345
þúsund krónur kostar að kynda og knýja 140 fermetra hús í Grímsey.

9.000
fengu ávísað megrunarlyfi í fyrra.

100
börn geta sótt Urriðaholtsleikskóla í stað 120 vegna kærumáls.

ÞRJÚ Í FRÉTTUM

Margrét Sigríður Guðmundsdóttir

sextug kona með MS-sjúkdóminn

fær nú loks íbúð eftir tvö ár á hjúkrunarheimili þar sem hvorki ríkið né Kópavogsbær útveguðu henni viðeigandi húsnæði. „Ég gæti ekki verið glaðari, það er eiginlega ekki hægt að segja annað," segir Margrét. Öryrkjabandalagið hefur nú keypt fyrir hana íbúð. „Mér finnst þetta svo stórkostlegt að þeir skyldu gera þetta fyrir mig. Ég eiginlega á varla til orð."

Hilmar Sigurðsson

einn eigenda Bryggjunnar í Grindavík

er ánægður með að ferðatímaritið Condé Nast hafi valið humarsúpu Bryggjunnar sem eina af tuttugu bestu máltíðum í heimi. „Þetta kom okkur á óvart en er um leið gríðarlegur heiður að þeir hafi fundið okkur þarna í Grindavík," segir Hilmar. „Þarna er iðulega einblínt á tuttugu bestu hótel heims, tíu bestu strendur heims og slíkt," segir Hilmar til marks um hversu mikilvæg umsögn Condé Nast sé.

Páll E. Winkel

fangelsismálastjóri

segir fangelsismálayfirvöld taka undir gagnrýni Íslandsdeildar Amnesty á aðbúnað fólks sem vistað er í einangrun til verndar rannsóknarhagsmunum meðan á gæsluvarðhaldi þeirra stendur. Einangrunarvist gæsluvarðhaldsfanga sé beitt óhóflega á Íslandi. „Við tökum það alvarlega þegar alþjóðlegar eftirlitsstofnanir gera athugasemdir og munum bregðast við því sem kemur okkur við," segir Páll. ■

TF-SIF líklega ekki seld á þessu ári

Sala á flugvélinni TF-SIF verður ekki að veruleika í ár samkvæmt samkomulagi sem náðist á ríkisstjórnarfundi í gær. Fyrirhuguð sala hefur valdið miklum usla innan stjórnkerfisins og verið harðlega gagnrýnd af mörgum.

benediktarnar@frettabladid.is

Ákvörðun Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra um sölu á eftirlits- og björgunarflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, hefur verið harðlega gagnrýnd. Meðal annars af viðbragðs- og vísindasamfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STJÓRNSÝSLA Í gær fór fram fundur fjárlaganefndar með Jóni Gunnarssyni dómsmálaráðherra og Georg Kr. Lárussyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar, segir að fundurinn hafi gengið vel, en málið er einkar mikilvægt fyrir öryggi Íslendinga og mikilvægt sé að hlusta á öll sjónarmið.

„En það breytir því ekki að fjárlaganefnd vissi ekki af stöðu Landhelgisgæslunnar þegar hún var að vinna fjárlögin og með þessum framlögum töldum við okkur vera að sjá reksturinn óbreyttan," segir Bjarkey um stöðu mála.

Bjarkey segir að það sé augljóst að málið hafi verið lengi í ferli innan dómsmálaráðuneytisins. Að hennar sögn eigi dómsmálaráðherra eftir að útskýra möguleg áhrif sölunnar, bæði varðandi innandlandsvarnir og á alþjóðlegt samstarf.

Á fundi ríkisstjórnarinnar náðist svo munnlegt samkomulag um að vélin yrði ekki seld í ár og að Landhelgisgæslan yrði fjármögnuð með öðrum hætti. Ákveða þyrfti svo framtíðar fjármögnun stofnunarinnar. Það er hins vegar Alþingis að staðfesta þetta.

Jón Þór Þorvaldsson, formaður stjórnar Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), segir að dómsmálaráðherra hafi enga lagalega heimild til að selja eina af grunnstoðum Landhelgisgæslunnar. Hann segir að Ísland þurfi að geta sinnt lögbundnum skyldum sínum og að málið komi fyrir sem lögleysa.

Vélin er gríðarlega mikils virði fyrir land og þjóð að sögn Jóns Þórs. Vélin kom til landsins árið 2009 og er sérútbúin tækjabúnaði sem getur skipt sköpum í björgunaraðgerðum.

„Hún hefur mikið flugdrægi og hún er sérstaklega vel búin tækjum til leitar og björgunar. Hún er útbúin meðal annars mengunarvarnaradar og myndavélum sem bæði geta greint skip og lífsmark og fólk í sjó, bæði að nóttu og degi til. Vélin er mikilvæg í erfiðum björgunum þar sem þyrlur koma við sögu og getur skipt máli um hvort björgun tekst eða ekki. Þessi vél sinnir gríðarlega fjölþættum tilgangi," segir Jón Þór.

> „Þetta er ekki hagræðingaraðgerð, þetta er lögleysa.

Jón Þór Þorvaldsson, formaður stjórnar FÍA

Tólf áhafnarmeðlimir TF-SIF myndu missa vinnuna ef vélin yrði seld. Jón Þór segir að málið sé þó einfaldlega stærra en það.

„Þetta er ekki hagræðingaraðgerð, þetta er lögleysa. Ákvörðunin er óverjanleg út frá sjálfstæði þjóðar, fullveldi og þjóðaröryggi, út frá almannavörnum, náttúruvá, leit og björgun. Þetta eru stóru hlutirnir. Ég geri ekki lítið úr því að fólk missi vinnuna, en við erum hér að tala um hagsmuni þjóðar," segir Jón Þór.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG og formaður fjárlaganefndar

Hann neitar að taka þátt í meðvirkni með dómsmálaráðherra um að nú þurfi að spara 300 milljónir, á meðan ausið er milljörðum í gæluverkefni. Það sé vel hægt að finna fjármuni til Landhelgisgæslunnar.

„Það er alveg klárlega hægt að finna fjármuni til að reka og halda úti starfi Landhelgisgæslunnar. Við hljótum að þurfa að sinna lögbundnum skyldum okkar þegar að þessu kemur," segir Jón Þór. ■

UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR

Verð frá: 6.160.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 143.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
33
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Engin tímasetning komin á viðgerð

benediktboas@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Ekki er komin tímasetning frá Landsneti á því hvenær viðgerð geti hafist og hve lengi hún mun standa yfir á Vestmannaeyjastreng 3 sem bilaði í byrjun vikunnar. Rafmagnsleysið í Vestmannaeyjum var rætt á bæjarráðsfundi í gær.

Nú er ljóst að bilun varð á Vestmannaeyjastreng 3 til Eyja um það bil einn kílómetra frá landi. Rafmagn til Vestmannaeyja er núna flutt um Vestmannaeyjastreng 1 og varaaflsvélar HS-veitna og færanlegar varaflsvélar frá Landsneti sem eru staðsettar í Eyjum sjá um raforkuþörf þangað til að viðgerð verður lokið á Vestmannaeyjarstreng 3.

Landsnet kom með tvær færanlegar varaaflsvélar til Eyja á fimmtudag, til viðbótar við þær þrjár sem fyrir eru í Eyjum.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja

Í bókun bæjarráðs segir að bæjarráð leggi áherslu á að nægt rafmagn verði tryggt í Vestmannaeyjum á meðan viðgerð á VM3 stendur yfir. „Fram undan er loðnuvertíð sem er mjög mikilvæg bæði fyrir Vestmannaeyjar og um leið þjóðarbúið allt," segir í bókun bæjarráðs.

Bæjarráð leggur jafnframt áherslu á að lagningu Vestmannaeyjastrengs 4 (VM4) verði flýtt og farið í þá framkvæmd eins fljótt og auðið er til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns til Vestmannaeyja til framtíðar. ■

Frá Reykjavíkurleikunum í frjálsum íþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Æfa frjálsar en fara í sund og á skauta

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Það fjarar undan góðum grunni þegar áhugi yfirvalda er nánast enginn og mánuð eftir mánuð þarf að fara með hópinn í sund, á skauta eða eitthvað sem kemur frjálsum lítið við," segir í bréfi frjálsíþróttadeilda Reykjavíkur til menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs borgarinnar þar sem óskað er eftir auknum aðgangi íþróttafólks félaganna að frjálsíþróttahöllinni í Laugardal.

Í bréfinu er bent á að mikið hafi verið um lokanir í höllinni bæði í september og október. Lokanirnar komu sér illa bæði fyrir afreksfólk og barna- og unglingastarf hverfafélagsins Ármanns sem er að reyna að byggja upp frjálsíþróttadeild.

„Á sama tíma og aðgengið er heft eða ekki nægjanlegt er gerð krafa um árangur á stórmótum sem þykir hafa verið undir væntingum síðastliðin ár," segir í bréfinu.

> Mikið hefur verið um lokanir í frjálsíþróttahöllinni undanfarið.

Nú þurfi að stíga fast til jarðar ef íþróttafólkið eigi einhvern möguleika á að ná framförum. „Við biðjum um ykkar hjálp við að efla starfið svo það megi dafna og verða Reykjavík til sóma og unnt verði að skapa flottar fyrirmyndir." ■

Stæðin á Keflavíkurflugvelli sem voru með snjóbræðslukerfi í tuttugu ár víkja fyrir uppbyggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snjóbræðsla fyrir þotustæði jafnvel í notkun á næsta ári

Verði af uppsetningu snjóbræðslukerfis á Keflavíkurflugvelli gætu fjögur stæði með upphitun verið tekin í notkun á næsta ári. Hitakerfi frá 1986 þótt of dýrt auk þess að valda vandræðum og var aflagt á árunum fyrir hrun.

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL Hitakerfi sem var sett undir sex flugvélastæði á Keflavíkurflugvelli árið 1986 var tekið úr notkun um tveimur áratugum síðar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu skoðar verkfræðideild Keflavíkurflugvallar nú möguleika á að koma aftur upp hituðum stæðum á vellinum. Mikill vandi getur skapast í hálku, líkt og gerðist síðast nú í janúar, og það átt þátt í að ekki er unnt að koma farþegum frá borði eftir lendingu.

„Hitakerfið sem var sett undir stæði númer 1 til 6 árið 1986 og var aflagt á árunum 2005 til 2008 virkaði þokkalega en hafði þó marga ókosti," segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia.

„Kostnaður við að reka kerfið var mikill og á mörkum þess sem var ákjósanlegt að hafa snjóbræðslu í þeim.

> Með nýrri tækni og betri búnaði eru eldri vandamál mögulega úr sögunni.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia

„Í dag erum við að meta kosti, galla og kostnað við uppsetningu og rekstur á snjóbræðslu en með nýrri tækni og betri búnaði eru eldri vandamál mögulega úr sögunni. Ef valið yrði að setja snjóbræðslu undir ný stæði við flugstöðina yrðu fjögur ný slík stæði tekin í notkun árið 2024," segir Guðjón.

Fyrrnefndu stæðin sex munu fara undir nýbyggingar samkvæmt framkvæmdaáætlum. „Í uppbyggingunni er gert ráð fyrir nýrri byggingu sem tengir saman norður- og suðurbyggingar flugstöðvarinnar með nýjum verslunum, veitingasvæðum, biðsvæðum og landamærum. Hönnun á þeirri byggingu, sem fer yfir stæði 1 til 6, er nú í gangi og ráðgert að hún verði byggð á árunum 2025 til 2030," segir Guðjón.

Aðspurður hvort snjóbræðslukerfi hefði breytt einhverju í tilviki þotu sem rakst í landgang á flugstöðinni við fyrrnefndar aðstæður í janúar segir Guðjón erfitt að meta það. „Miðað við fyrri ágalla á kerfinu hefði það mögulega geta valdið meira tjóni. Tilvikið sem um ræðir er í skoðun." ■

Hætta við að hætta í Bretlandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Iceland Seafood hefur hætt við að hætta starfsemi sinni í Bretlandi. Fyrirtækið rekur fiskvinnslustöð í borginni Grimsby.

Alls var tapið á fyrstu níu mánuðum síðasta árs tæpir 1,5 milljarðar króna. Þann 17. nóvember var tilkynnt að fyrirtækið hygðist hverfa af Bretlandsmarkaði.

Þann 6. desember var svo tilkynnt að kaupandi að starfseminni væri fundinn. Ekki var gefið upp hver það væri né hvað viðkomandi myndi borga. Aðeins að það væri stór aðili á breskum fiskmarkaði.

Sú tilkynning virðist hafa verið frumhlaup því í gær var það tilkynnt að samningar um kaup hefðu ekki náðst. Hefur stjórnin því ákveðið að setja söluferlið í pásu og halda áfram rekstrinum. ■

AUÐLINDIN OKKAR
STEFNA UM SJÁVARÚTVEG

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Auðlindin okkar

Taktu þátt í umræðunni

Bráðabirgðatillögur starfshópa kynntar

Opinn samræðufundur

Grand Hótel (Háteigur) — **8. febrúar | 08.30-10.45**

Formenn starfshópa taka þátt í umræðum

· Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður starfshópsins Aðgengi
· Gréta María Grétarsdóttir, formaður starfshópsins Umgengni
· Gunnar Haraldsson, formaður starfshópsins Samfélag
· Ingunn Agnes Kro, formaður starfshópsins Tækifæri

Fundarstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir, fundurinn verður einnig sýndur í streymi á helstu fréttamiðlum. Öll sem hafa áhuga og láta sig málefni auðlindarinnar og sjávarútvegsins varða eru hvött til að mæta.

Meginmarkmið verkefnisins Auðlindin okkar er að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning af fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Kynning á bráðabirgðatillögum
Skannaðu mig

audlindinokkar.is

Drægni rafbíla eykst sífellt, líka við kuldalegustu vetraraðstæður eins og nýleg könnun í Noregi vitnar um.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Drægnikvíðinn minnkar

Tesla S bar sigur úr býtum í rafbíladrægi í reglubundinni skoðun Norðmanna á framþróun bíla af þessu tagi. Sá bíll komst 530 kílómetra í vetrarkulda.

ser@frettabladid.is

BÍLAR Drægni rafbíla er sífellt að aukast eins og marka má af reglulegri athugun Norðmanna. Fyrir vikið er drægnikvíði að minnka.

Þetta staðfestir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), sem er nýkominn frá Noregi þar sem hann fylgdist með keppni á milli margra tegunda rafbíla um hver þeirra kæmist lengst á einni hleðslu við vetraraðstæður.

Norðmenn eru komnir allra þjóða lengst í rafbílavæðingu og leiða, að sögn Runólfs, allar kannanir á sviði framþróunar og gæðaeftirlits hvað þessar bílategundir varðar. Liður í því er að halda keppni í drægni bílanna tvisvar á ári, að sumri jafnt sem vetri.

> Á síðasta ári voru 87 prósent nýskráðra bíla í Noregi hreinir rafbílar

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

Að þessu sinni tóku rafbílar frá 29 framleiðendum þátt í keppninni sem hófst í Osló og rataði allt upp í þúsund metra hæð norður af Lillehammer inn í landi, en meðalkuldinn á leiðinni var fimm stiga frost og fór mestur í nítján gráðu gadd.

„Skemmst er frá því að segja að Tesla S bar sigur úr býtum og komst 530 kílómetra á einni hleðslu við þessar aðstæður," segir Runólfur.

„Þarna kepptu líka tólf kínverskar bílategundir sem við höfum ekki séð á Íslandi og stóðu sig afskaplega vel," bætir hann við. „Öll framþróun á þessu sviði er að verða æ hraðari."

Hann segir þessa drægnikönnun einnig hafa náð til þess hvað hleðslustöðvar ná að afkasta miklu.

Þessar kannanir Norðmanna séu gerðar í þágu neytenda svo þeir viti upp á hár hvað þeir eru að kaupa af bílaumboðunum. „Keppnin er raunveruleikatékk. Hún sýnir hvað bílarnir geta," segir Runólfur.

Það hafi einnig vakið athygli hans hversu mikil og víða uppbygging hleðslustöðva er í landinu. Markaðurinn sé að verða mjög stór. Á síðasta ári voru 87 prósent nýskráðra bíla í Noregi hreinir rafbílar.

„Það hreinlega borgar sig að bæta við æ fleiri hleðslustöðvum í Noregi," bendir Runólfur á og metur það svo, að þótt Íslendingar komi næstir á eftir Norðmönnum í rafbílavæðingu, en séu enn þá langt á eftir þeim í rafbílafjölda. ■

ORLOFSHÚS YFIR PÁSKANA

Opið er fyrir bókanir á orlofshúsum Eflingar fyrir félagsfólk um páskahelgina (5.-12. apríl). Tekið er við umsóknum á mínum síðum á www.efling.is til 15. febrúar. Úthlutun fer fram 22. febrúar.

English: Bookings for Efling holiday houses for union members are open for the easter weekend (5.-12. April). Applications are accepted on my pages at www.efling.is until 15. February. Allocations will take place 22. February.

Polski: Strona bookingowa domków letniskowych na weekend Wielkanocny (5 do 12 kwietnia) została otwarta. Wnioski należy składać na Moich Stronach do 15 lutego. Przydział domków planowany jest na 22 lutego.

EFLING

Spila borðtennis með neytendavernd

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir Fjármálaeftirlitið og Neytendastofu benda hvort á annað hvað varðar eftirlit með starfsemi viðskiptahátta smálánafyrirtækja og fyrir vikið falli neytendur milli skips og bryggju.

„Það er ólíðandi að eftirlitsstofnanir spili borðtennis með neytendavernd á lánamarkaði," segir Breki. „Það vísar hver á annan og neytendur liggja óbættir hjá garði á meðan."

Breki vísar til máls einstæðrar móður sem Fréttablaðið fjallaði um í gær, en á miðvikudaginn, á útborgunardegi, tæmdi smálánafyrirtækið Núnú lán ehf. bankareikning hennar með því að taka út ríu færslur, samtals tæplega 290 þúsund krónur.

„Það er alþekkt að bankar og önnur fyrirtæki skuldfæra bankareikninga neytenda. Það er hins vegar gert á gjalddaga eða eindaga

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

en ekki eftir eindaga þegar miklum innheimtukostnaði hefur verið safnað upp, eins og í þessu tilfelli og fleirum hjá smálánafyrirtækjum. Við teljum eftirlitsaðila vera að bregðast neytendum með því að láta svona viðskiptahætti óátalda," segir Breki.

Leifur Haraldsson, framkvæmdastjóri Núnú lána ehf., segir fyrirtækið alltaf vera að reyna að bæta þjónustuna og skoðað sé hvernig hægt sé að koma til móts við fólk sem lendir í svona. Hann hafi haft samband við Neytendasamtökin og óskað eftir upplýsingum um þá sem hefðu leitað til þeirra með svona mál og bíði svars. ■

Úkraína fær langdræg flugskeyti

Úkraína hefur tryggt sér að ný vilyrði um vopn feli í sér langdræg flugskeyti í samvinnuverkefni milli Bandaríkjanna, Frakklands og Ítalíu.

Teikningar sýna litla flaug sem skotið er af landi og Aster 30-loftvarnarflaug.

Vesturlönd ætla að færa Úkraínu öflugri vopn

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Bandaríkin undirbúa nú nýjan pakka með hergögnum fyrir Úkraínu upp á um tvo milljarða dala, jafnvirði 284 milljarða króna. Í honum verða langdrægar eldflaugar auk búnaðar fyrir Patriot-varnarkerfið og sprengjur sem skjóta má með mikilli nákvæmni.

Frakkar og Ítalir eru fyrir sitt leyti að leggja lokahönd á afhendingu meðaldrægra flugskeyta sem skotið er af jörðu niðri.

Þar er meðal annars um að ræða Aster 30-kerfið sem er eitt þeirra kerfa sem geta skotið niður rússnesku Kh-11 flaugarnar sem Rússar hafa beint að borgarlegum skotmörkum. ■

> Nýr hergagnapakki Bandaríkjanna til Úkraínu kosta 2 milljarða dala, eða 284 milljarða króna.

Véfengja tengsl milli ferðaþjónustu og vændis

Grímur Grímsson lögreglumaður, Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, og Brynhildur Björnsdóttir, höfundur viðtalsbókar um vændi á Íslandi, telja ekki tengsl milli aukinnar ferðaþjónustu og aukningar í framboði vændis hér á landi.

ninarichter@frettabladid.is

Sérfræðingar í vændismálum hér á landi telja ekki bein tengsl milli aukningar í ferðaþjónustu á Íslandi og vændiskaupa. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LÖGREGLUMÁL „Við höfum séð kippi í framboði vændis sem tók við sér til muna eftir að ferðamannaiðnaðurinn tók við sér á sínum tíma," var haft eftir Stefáni Erni Arnarssyni hjá miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar í Fréttablaðinu í gær.

„Undanfarin ár hefur orðið aukning í framboði. En sakborningar í vændismálum eru ekki almennt útlendingar, heldur Íslendingar," segir Grímur Grímsson lögreglumaður.

„Konurnar sex sem ég talaði við könnuðust ekki við að fá útlendinga til sín," segir Brynhildur Björnsdóttir, höfundur bókarinnar Venjulegar konur: Vændi á Íslandi sem kom út í fyrra. Viðmælendur Brynhildar höfðu unnið við vændi á ýmsum tímabilum og þar af voru tvær nýlega hættar. Viðtölin voru tekin árið 2021.

„Ég lagðist í alls konar rannsóknarvinnu. Það er ýmislegt sem bendir til þess að eftirspurnin hér á landi sé ekki frá ferðamönnum," segir Brynhildur. „Það kemur ekkert á óvart að framboðið á vændi aukist á þessum miðlum, sem eru aðallega vefsíður sem eru hýstar erlendis, við erum einfaldlega í þannig þjóðfélagsástandi. Það er verðbólga og erfiðara að ná endum saman. Þá er þetta örþrifaráð. Það er mín tilfinning að þetta haldist ekki endilega í hendur við ferðamannaiðnaðinn eða ferðamenn."

Brynhildur hefur eftir einni kvennanna að af þeim hundruðum manna sem sóttust eftir vændi hafi aðeins verið tveir erlendir.

Hvað umræðu um samfélagsmiðilinn Onlyfans varðar segir Brynhildur: „Þegar fólk fer inn á Onlyfans er það með hugmynd um að græða rosa mikinn pening. En raunin er sú að meðaltekjurnar eru kannski 130 dollarar á mánuði, og það er ef fólk er stöðugt að setja inn efni og með stanslausa viðveru. En svo fer það að ganga lengra og lengra og smám saman fer fólk að brjóta niður mörkin sín," segir hún og minnir á að þeir sem stundi slíkt af brýnni fjárþörf séu ekki færir um að setja mörk á sama hátt og fólk sem sé á Onlyfans af áhuga eða sem kynverur.

Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, tekur í sama streng og segir starfsfólk Stígamóta ekki hafa orðið vart við tengsl ferðaþjónustu og vændis hér á landi. „Konurnar sem koma til okkar eftir vændi eru langflestar Íslendingar og samkvæmt þeim eru þetta langoftast íslenskir menn sem kaupa vændi af þeim."

Steinunn segist þó sjá mjög skýrt, sé litið á fyrrnefndar vændissölusíður, að gríðarlegur fjöldi erlendra kvenna sé að auglýsa vændi hér á landi. „Þetta eru gjarnan konur sem eru að koma hingað og stoppa stutt í hvert skipti. Maður hefur áhyggjur af því að þær séu þolendur mansals. Það er sárasjaldan sem við hittum þessar erlendu konur á Stígamótum enda hafa þær ekki endilega tækifæri til þess að leita sér aðstoðar."

> **Konurnar sex sem ég talaði við könnuðust ekki við að fá útlendinga til sín.**
>
> Brynhildur Björnsdóttir, höfundur viðtalsbókar um vændi á Íslandi

Að sögn Steinunnar hefur efnahagsástand alltaf áhrif á það hvort konur fari aftur í vændi. „Oft eru þetta konur sem eru háðar ytri áhrifum, oft konur með litla menntun sem starfa í láglaunastörfum. Verðbólgan hefur bein áhrif á þær. Þetta sáum við í byrjun Covid þegar margar þeirra voru að missa vinnuna. Þá voru þær hjá okkur að íhuga hvað þær ættu að gera. Hvort þetta yrði leiðin sem þær myndu fara til að leysa málin. Það er ekki ólíklegt að svoleiðis komi upp núna líka." ■

Samkeppni um nafn á hús íslenskunnar

Bara að nefna það

Hús íslenskunnar er heimili íslenskrar tungu. Þar varðveitum við handritin, helstu dýrgripi íslenskrar menningar, til allrar framtíðar. Þar fara einnig fram rannsóknir og kennsla í íslensku. Þangað eigum við öll erindi.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Árnastofnun og Háskóli Íslands efna til samkeppni um nafn á þetta glæsilega nýja hús. Ert þú með rétta heitið?

Sendu inn þína tillögu á **arnastofnun.is/nafn** fyrir **1. mars**.
Nýtt nafn verður kynnt við vígslu hússins **19. apríl**.

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR í íslenskum fræðum

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fátæka stjórnin

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er mikil ró yfir ríkisstjórn landsins, ef undan er skilinn einn af ráðherrunum, en sá fer fyrir dómsmálum og keppir svo hressilega við tímann að hann stelur senunni svo til vikulega, samfélagsmiðlum til ómældrar geðshræringar.

En allur þessi hamagangur mannsins er afhjúpandi. Hann vitnar um fátækt þjóðarinnar sem stendur að því er virðist á berangri í upphafi nýs árs; það er eins og hún eigi hvorki í sig né á.

Ofan í mannekluna, sem virðust hrella alla opinbera þjónustu, hvort heldur er innan lögreglu eða heilbrigðiskerfisins, eru ekki lengur nokkur efni á þeim tækjum og tólum sem þarf til að rækja hversdagsleg verkefni.

Og þannig er því farið að landinn hefur ekki lengur ráð á einu flugvélinni í flota Landhelgisgæslunnar. Það er sameiginlegum sjóði landsmanna ofviða að fljúga henni í þau verkefni sem varnir almennings hafa kallað eftir á neyðarstundum. Svo það á að selja hana.

Eftir situr þjóð við ysta haf sem spyr sig vitanlega að því hvort hún hafi ekki lengur efni á þjónustu hins opinbera.

Þar er komin birtingarmyndin af afrakstri stjórnvalda. Þjóðin hefur ekki lengur sömu fjárráð og áður. Hún er beinlínis að verða blönk.

Og þetta gerist þrátt fyrir auknar álögur sem er samnefnarinn í stjórnarfari Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna sem ásamt þægilega prúðum Framsóknarflokki hefur haldið um stjórnartaumana í hálfan áratug.

Hvað hefur gerst á þeim tíma?

Er ofsagt að það sé ekkert?

Ekki hefur hagur heilbrigðiskerfisins skánað á þessum tíma. Miklu fremur er því þveröfugt farið. Ekki hefur okkur tekist betur upp í vetrarþjónustu á þjóðvegunum. Og núna er svo komið að skera þarf niður fjármuni til þjóðarháskólans sem á fyrir vikið erfiðara með að keppa við háskóla nágrannaþjóðanna um nemendur víða að úr löndum heimskringlunnar.

Og það er sárara en tárum taki að nefna þjónustu við aldraða og öryrkja, en annar tveggja hópanna er orðinn að einhverjum kerfislægum fráflæðisvanda á meðan hinn situr eftir með æ rýrari kjör sem eru í engum takti við lágmarksviðmið hins opinbera.

Og enn grátlegra er að fylgjast með biðlistunum á bæklunarstofum ríkisins, greiningarstöðvum þess, talmeinaþjónustu, sálfræðiaðstoð og á meðferðarheimilum af öllu tagi, en almenningur, jafnvel okkar veikustu börn, er númer rugl í röðinni.

Hvernig tókst okkur þetta eiginlega?

Hvernig fórum við að því að búa til samfélag þar sem landsmenn borga rausnarlega skatta en þurfa svo jafnframt að borga fyrir hvert viðvik í allra handa þjónustu hins opinbera?

Svarið er líklega að við kunnum ekki að stjórna. ■

> Þjóðin hefur ekki lengur sömu fjárráð og áður. Hún er beinlínis að verða blönk.

Menningarsjóður Íslands og Finnlands auglýsir eftir umsóknum

Menningarsjóður Íslands og Finnlands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna verkefna sem eru fyrirhuguð á síðari hluta ársins 2023 og fyrri hluta ársins 2024.

Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Íslands og Finnlands og veitir sjóðurinn árlega styrki til einstaklinga, samtaka, félaga og stofnana vegna verkefna sem geta orðið til að efla samskipti Íslands og Finnlands á sviði menningar, lista, atvinnulífs og þjóðlífs almennt.

- Frestur til að leggja inn umsóknir um styrki úr sjóðnum vegna þessa tímabils rennur út 31. mars 2023.
- Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku, norsku, finnsku eða ensku.
- Einungis er hægt að sækja um rafrænt á: www.hanaholmen.fi.
- Fyrirspurnir vegna umsókna má senda á: fonderna@hanaholmen.fi

Frekari upplýsingar um Menningarsjóð Íslands og Finnlands má finna á vefnum www.hanaholmen.fi

ISLANTILAIS–SUOMALAINEN KULTTUURIRAHASTO
KULTURFONDEN ISLAND–FINLAND
Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

GUNNAR

MÍN SKOÐUN

Eitruð einkavæðing

Sigmarsdóttir

Hinn 6. júlí árið 1988 ók John Stephens tankbíl sínum að Lowermoor-vatnshreinsistöðinni á Suðvestur-Englandi. Stöðin var mannlaus en John hafði verið fenginn lykill. John flutti álsúlfat sem notað er til að fella út óhreinindi úr vatni. Hann opnaði hliðið og sturtaði öllum farmi sínum ofan í það sem hann taldi geymslutank.

Ekki leið á löngu uns símalínur Vatnsveitu Suðvestur-Englands loguðu. Íbúar bæjarins Camelford sögðu vatnið sem rann úr krönum þeirra vera svart á litinn; það loddi við húð og hár eins og lím; mjólkin í tebollum hljóp í kekki. Fólk kvartaði undan magaverkjum, útbrotum, sárum í munni og minnisglöpum.

Þegar starfsmenn vatnsveitunnar könnuðu málið kom í ljós að John hafði í ógáti hellt tuttugu tonnum af álsúlfati út í drykkjarvatn 20.000 manna bæjar. En bæjarbúa biðu frekari hörmungar. Í sextán daga héldu embættismenn vatnsveitunnar eitrun vatnsbólsins leyndri. John var skipað að þegja um óhappið. Starfsmönnum var sagt að fullvissa neytendur um að vatnið væri skaðlaust og ráðleggja þeim að blanda appelsínusafa út í drykkjarvatnið til að breiða yfir óbragðið.

Hvað fékk yfirvöld til að reyna að hylma yfir alvarlegt mengunarslys með þeim afleiðingum að í sextán daga drukku 20.000 íbúar Camelford eitrað vatn?

Lowermoor og Lindarhvoll

Aðalmeðferð í Lindarhvolsmálinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku.

Lindarhvoll er félag sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra stofnaði árið 2016 og átti að annast og selja eignir sem féllu ríkinu í skaut eftir samninga við slitabú föllnu bankanna, að undanskildum hlutabréfum í Íslandsbanka sem Bankasýslu ríkisins var falið að selja – eins og frægt er orðið.

Í fjölmiðlum hefur víða verið fjallað um þá „leynd“ sem ríkir „um hvernig Lindarhvoll hefur staðið að málum við sölu á eignum ríkisins“. Hefur því verið haldið fram að „eigur hafi verið seldar á undirverði og til vildarvina“. Þingkona sagði „trúnaðarvin“ fjármálaráðherra hafa verið fenginn til að stýra félaginu.

Fyrrnefnt dómsmál hefur ekki orðið til að slá á sögusagnir. Í héraðsdómi sagði sérfræðingur hjá Kviku banka söluferli tiltekinnar eignar í umsjá Lindarhvols „sjoppulegt“ og gerólíkt því sem tíðkaðist. Var fullyrt að ríkið hefði orðið af hálfum milljarði króna þegar eignin var seld á helmingi lægra verði en verðmat kvað á um.

Í kjölfar mengunarslyssins í Camelford glímdu íbúar við margs konar heilsubrest. Árið 2004 lést 59 ára kona, sem búið hafði í bænum þegar slysið varð, úr taugasjúkdómi. Við krufningu fannst í heila hennar óheyrilegt magn af áli. Dánardómstjóri var harðorður í úrskurði sínum. Hann sagði Vatnsveitu Suðvestur-Englands hafa „lagt líf fólks að veði“ er hún hylmdi yfir slysið. Hann var í litlum vafa um ástæðu launungarinnar. Þegar slysið átti sér stað var hafinn undirbúningur að einkavæðingu vatnsveitna Englands. Stjórnendur óttuðust að slysið kynni að stofna einkavæðingunni í hættu.

Árið 2018 skilaði Sigurður Þórðarson, þá settur ríkisendurskoðandi, greinargerð um starfsemi Lindarhvols til Alþingis. Fátt er vitað um greinargerðina því stjórn Lindarhvols og fjármálaráðuneytið róa að því öllum árum að halda henni leyndri. Í viðtali við Vísi í vikunni sagði Sigurður skuggalegt að skýrsla hans væri ekki enn opinber.

Yfir hvað er verið að hylma? Og hver er ástæða launungarinnar? Kann að vera að hún sé sú sama og í Camelford? Ógnar sannleikurinn framtíðar einkavæðingaráformum ríkisstjórnar sem þegar er rúin trausti þegar kemur að sölu á ríkiseignum? Appelsínudjús dugar skammt til að deyfa bragðið af þeim fúla óminnisdrykk sem ráðamenn byrla okkur. ■

> Ógnar sannleikurinn framtíðar einkavæðingaráformum ríkisstjórnar sem þegar er rúin trausti þegar kemur að sölu á ríkiseignum?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

26. janúar - 5. febrúar

Velkomin á Heilsu- & lífsstílsdaga

Kynntu þér öll frábæru tilboðin í Heilsublaðinu

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

Skannaðu QR-kóðann og náðu í blaðið

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

OG APPTILBOÐ Á HVERJUM DEGI

HEILSUDAGATAL NETTÓ

Tilboðsbombur í appinu á Heilsudögum Nettó

Laugardagur 4. febrúar

Apptilboð dagsins

Vatnsmelóna
(kg)

Probi vítamín
Allar teg.

Sunnudagur 5. febrúar

Apptilboð dagsins

Appelsínur
(kg)

Vit-Hit
Allar teg.

Afsláttur í formi inneignar í appinu. Sæktu appið og safnaðu inneign.

netto

Nýttu þér netverslun okkar og gerðu innkaupin á netinu

Öll tilboð á Heilsudögum má finna á **netto.is**

Hallbera Guðný Gísladóttir

A-landsleikir: 131
Mörk: 3
Fyrsti landsleikur: Við Pólland 5. mars 2008

Ferill Hallberu Guðnýjar með landsliðinu hófst ári á eftir Sif og Söru Björk. Hallbera var hluti af fyrsta landsliði Íslands sem tryggði sér sæti á lokamóti stórmóts og þá batt hún enda á landsliðsferil sinn eftir síðasta leik Íslands á Evrópumótinu á Englandi í júlí í fyrra.

Íslenska landsliðið vann 50% af þeim landsleikjum sem Hallbera kom við sögu í.

Þorsteinn Halldórsson er landsliðsþjálfari íslenska landsliðsins og tekst nú á við breyttar aðstæður hjá liðinu og undirbýr það fyrir næstu áskorun þess.

Sif Atladóttir

A-landsleikir: 90
Mörk: 0
Fyrsti landsleikur: Við Ítalíu 7. mars 2007

Það var í september á síðasta ári sem Sif Atladóttir greindi frá því að landsliðsskórnir væru komnir upp á hillu. Sif fór á fjögur stórmót með íslenska landsliðinu og spannaði landsliðsferill hennar 15 ár. Síðustu landsliðsmínútur hennar komu í leik Íslands gegn Belgíu á Evrópumótinu á síðasta ári.

Sif fór á fjögur stórmót með íslenska landsliðinu.

Landsliðið á tímamótum

Það hefur mikið gengið á hjá íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu undanfarið ár, skipst hafa á skin og skúrir og nú er að komið að tímamótum.

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Reynslumiklir leikmenn, sem hafa á að skipa 366 A-landsleikjum, hafa undanfarna mánuði kvatt sviðið. Um er að ræða leikmennina Söru Björk Gunnarsdóttur, Hallberu Guðnýju Gísladóttur og Sif Atladóttur.

Rúmt ár er þar til undankeppni fyrir næsta stórmót hefst og hægt að segja að um ákveðin kaflaskil sé að ræða hjá landsliðinu.

Það kemur í hlut Þorsteins Halldórssonar, landsliðsþjálfara Íslands, að stýra liðinu inn í nýjan kafla sem felur í sér áskoranir en einnig tækifæri. Hann skilur ákvörðun þeirra landsliðskvenna sem hafa lagt landsliðsskóna á hilluna undanfarna mánuði.

„Það vildi nú þannig til með Söru Björk að hún missti út tæpt ár með okkur, Sif var ekki með okkur fyrri part ársins 2021 og kemur aftur inn í þetta hægt og rólega á því ári. Hallbera var með okkur allan tímann. Við höfum alveg komist af án þeirra, þannig lagað, ef við horfum á það blákalt," segir Þorsteinn í samtali við Fréttablaðið.

„Auðvitað er staðan hins vegar þannig að stórir póstar, með mikla reynslu og stóra rödd í hópnum, hafa verið að kveðja sviðið. Við höfum aldrei verið án þeirra alla, aldrei lent í því. Það á eftir að koma í ljós hvaða áhrif það hefur en ég hef fulla trú á því að við munum takast á við það verkefnum á góðum nótum.

Við höfum aldrei verið án þeirra allra, aldrei lent í því. Það á eftir að koma í ljós hvaða áhrif það hefur en ég hef fulla trú á því að við munum takast á við það verkefnum á góðum nótum.

Þorsteinn Halldórsson, landsliðsþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu

Þannig vill til að langt er í næstu undankeppni fyrir stórmót hjá landsliðinu og þó það sé ekki hægt að tala um einhvern réttan tíma í þessum efnum, er hægt að segja sem svo að þessar vendingar eigi sér stað núna þess vegna?

„Já, það gæti verið, svo er það náttúrulega þannig að þessar ákvarðanir hjá umræddum leikmönnum eru teknar með þetta til hliðsjónar, það er langt í stórmót. Út frá þessu er tímapunkturinn sem slíkur góður og ég hef skilning á þessum ákvörðunum þeirra." ■

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir

A-landsleikir: 96
Mörk: 14
Fyrsti landsleikur: Við Svíþjóð 2. mars 2012

Landsliðsskórnir eru ekki komnir upp á hillu hjá Gunnhildi Yrsu sem hefur verið lykilmaður á miðju íslenska landsliðsins undanfarið. Gunnhildur samdi við Stjörnuna á dögunum. Í viðtali við Fréttablaðið eftir skiptin sagðist hún ekki á þeim stað að leggja landsliðsskóna á hilluna.

„Ég er ekki á þeim stað. Það er alltaf gríðarlegur heiður að vera valin í landsliðið og það hefur verið í forgangi á mínum ferli."

Framhaldið á landsliðsferlinum væri undir landsliðsþjálfaranum Þorsteini Halldórssyni komið sem hafði þetta að segja við Fréttablaðið um framtíð Gunnhildar í landsliðinu:

„Gunnhildur hefur staðið sig gríðarlega vel með landsliðinu síðan ég tók við og hefur svo sem gert það áður líka. Hún hefur verið flott í hópnum hjá okkur, flott inni á vellinum og er ákveðin fyrirmynd í því hvernig landsliðsmenn eiga að vera og takast á við hlutina.

Ég hef engar áhyggjur af því að Gunnhildur sé kominn heim til Íslands að spila. Það er enginn leikmaður sem æfir meira heldur en hún og leggur meira á sig. Ég hef enga trú á því að heimkoman muni há henni að einhverju leyti. Svo er það bara þannig með landsliðsmenn að þegar að þú ert komin á ákveðinn aldur geta hlutirnir breyst hjá þér, það er eitthvað sem kemur í ljós."

Gunnhildur Yrsa er ekki hætt með landsliðinu en hún nálgast hundrað landsleiki.

Sara Björk Gunnarsdóttir

A-landsleikir: 145
Mörk: 24
Fyrsti landsleikur: Við Slóveníu 26. ágúst 2007

Landsliðsferill Söru Bjarkar spannaði 16 ár og fór hún fjórum sinnum á stórmót með íslenska landsliðinu. Sara Björk var lengi vel fyrirliði íslenska landsliðsins og þann 13. janúar síðastliðinn greindi hún frá ákvörðun sinni um að leggja landsliðsskóna á hilluna og kvaddi hún sem landsleikjahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi og mun nú einbeita sér að félagsliðaferlinum með Juventus.

„Ég get ekki svarað því hvaða áhrif þetta mun hafa á landsliðið, það á eftir að koma í ljós," segir Þorsteinn landsliðsþjálfari við Fréttablaðið um ákvörðun Söru. „Hún hefur verið leiðtogi og fyrirmynd, innan sem utan vallar, og haft mikil áhrif á landsliðið og íslenska kvennaknattspyrnu. Hún er sá leikmaður sem hefur unnið flestu titlana á stóra sviðinu, hún hefur spilað stærstu leikina og náð lengst. Fyrir mér er hún á toppnum hvað það varðar meðal íslenskra knattspyrnu kvenna."

Sara Björk hefur spilað meira en helming leikja íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi.

spánar heimili
Þitt annað heimili

Spánarkynning

laugardaginn 4.febrúar

13:00 - 17:00

Skrifstofa

Spánarheimila

Verslunarmiðstöðin Fjörðurinn

- **Kaupferlið á Spáni og lánamöguleikar**
- **Fasteigna- og leiguumsjón eigna**
- **Vildarklúbbur og helstu fríðindi**

Allt að 55% afsláttur af golfi

FJÖRÐUR

www.spanarheimili.is | sími: 5 585858 | info@spanarheimili.is

BJORK@FRETTABLADID.IS

Gleði verður sorg

Þórunn Pálsdóttir, einn stofnenda Gleym mér ei, styrktarfélags til stuðnings við foreldra sem missa barn á meðgöngu og í eða eftir fæðingu, segir í viðtali hér í blaðinu frá starfi sínu fyrir félagið en einnig eigin reynslu af því að missa barn á meðgöngu. Í ár fagnar félagið 10 ára afmæli og þó að heilmikið hafi færst til betri vegar á þeim tíma er þó stutt síðan foreldrar báru slíkan harm í hljóði.

Þórunn sem starfar sem ljósmóðir og brjóstagjafaráðgjafi þekkir bæði gleðina og sorgina úr starfi sínu og á eigin skinni og hefur í gegnum störf sín ásamt fleirum breytt miklu þegar kemur að viðbrögðunum við því þegar gleðin og eftirvæntingin breytist í ólýsanlega sorg. Í dag eiga foreldrar þess kost að hafa andvana fætt barn hjá sér í tvo til þrjá daga fyrir tilstuðlan sérstakra kælivagga sem félagið festi kaup á, auk þess sem þau fá fallegan minningakassa.

Minningarnar eru nefnilega mikilvægar enda því miður fáar í slíkum tilfellum. Það hefur sýnt sig að slíkt skiptir miklu enda segir Þórunn frá því hvernig eldra fólk sem aldrei fékk að vinna úr sinni sorg, jafnvel ekki að sjá barn sitt, glímir enn við afleiðingar þess komið á efri ár. ■

> Minningarnar eru nefnilega mikilvægar enda því miður fáar í slíkum tilfellum.

VIÐ MÆLUM MEÐ

Vatnsmelónu á Monkeys
Veitingastaðurinn Monkeys er staðsettur á Klapparstíg 28–30 í einstaklega fallegu húsnæði. Kokkarnir á Monkeys blanda saman japanskri og perúskri matargerð á ótrúlega skemmtilegan hátt og er maturinn afar bragðgóður. Við mælum sérstaklega með vatnsmelónu carpaccio sem kemur skemmtilega á óvart.

Bragðarefnum Bjössa
Íslendingar hafi lengi verið þekktir fyrir ísát í hvers kyns veðri en með hækkandi sól má gera ráð fyrir fleiri ferðum í ísbúðina. Bragðarefur er alltaf klassískur og sá besti að okkar mati er Bjössi í Huppu. Í Bjössa er Hockey Pulver, Daim og karamelludýfa. Í Huppu má finna fjölda ísrétta ásamt klassískum ís í brauði.

Kammersveitin Cauda Collective fagnar öld vatnsberans í Hörpu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fagna öld vatnsberans

Á morgun, sunnudag, ættu aðdáendur kammertónlistar og áhugafólk um stjörnumerki að leggja leið sína í Hörpu þar sem Kammerhópurinn Cauda Collective flytur tvö ný tónverk undir yfirskriftinni Öld vatnsberans.

bjork@frettabladid.is

Okkur í Cauda Collective finnst gaman að hrista aðeins upp í þessu klassíska tónleikaformi. Það er svo margt hægt að gera til að útvíkka upplifun áhorfandans og finna leiðir fyrir flytjendur til að tengjast áhorfendum betur," segir Sigrún Harðardóttir, fiðluleikari sveitarinnar, sem flytja mun verk eftir Stockhausen, Finn Karlsson og Fjólu Evans á tónleikum með stjörnumerkjaívafi á sunnudag.

Á tónleikunum verður flutt tónverkið Dýrahringurinn eða Tierkreis eftir Stockhausen í nýrri útsetningu meðlima Cauda Collective. Verkið er í tólf köflum og táknar hver kafli sitt stjörnumerki. Tónleikagestir sitja í sætum röðuðum í stóran hring og hver og einn tónleikagestur sest í stól merktan sínu stjörnumerki. Flytjendur eru svo staðsettir í miðjum hringnum og snúa að viðkomandi stjörnumerkjahóp í hverjum kafla fyrir sig.

„Það er frjálst sætaval, þannig að tónleikagestir ráða hvort þeir setjist í sitt stjörnumerki eða hvort þeir vilji velja sér eitthvert annað merki," segir Sigrún.

> Það er frjálst sætaval, þannig að tónleikagestir ráða hvort þeir setjist í sitt stjörnumerki eða hvort þeir vilji velja sér eitthvert annað merki.
>
> Sigrún Harðardóttir

„Það er svo fyndið hvað hópurinn er allur orðinn áhugasamur um stjörnuspeki eftir að við byrjuðum að æfa fyrir þessa tónleika. Núna erum við öll að pæla í stjörnumerkjunum. Við erum auðvitað mis-skeptísk á þetta allt saman, en það er eitthvað við þessa dulúð sem kitlar," segir hún.

Við þennan nýfundna áhuga kom í ljós að meirihluti hópsins er fæddur í sporðdrekamerkinu.

„Ég sjálf er vatnsberi og tónleikarnir eru meira að segja 5. febrúar, á afmælisdaginn minn. Finnur Karlsson sem skrifar verkið Aquarius sem við frumflytjum á tónleikunum, er líka vatnsberi þannig að við erum aldeilis ánægð að öld vatnsberans sé gengin í garð. Svo erum við með hrút, naut, tvíbura, meyju og ljón. Ég held að þetta sé nokkuð góð samsetning, enda erum við fjölbreyttur hópur með mismunandi styrkleika. Okkur vantar þó fiska, krabba, vog, bogamann og steingeit, þannig að við auglýsum eftir samstarfsaðilum í þeim merkjum fyrir næstu tónleika," segir hún í léttum tón.

Samkvæmt stjörnuspekingum hefur nú gengið í garð öld vatnsberans, tímabil sem á að einkennast af mikilli endurskipulagningu á heimsmynd mannanna; fyrst með niðurbroti og svo með enduruppbyggingu, en einnig af vaxandi víðsýni mannshugans. Valdi hópurinn því þessa yfirskrift yfir tónleikana á sunnudaginn.

„Á öld vatnsberans munu menn í auknum mæli vilja vaxa og vinna saman að friði og þess vegna er talið að tímabilið muni fyrst einkennast af umróti og óstöðugleika, sem síðan færir mannkynið í átt að jákvæðum breytingum. Þá munu fylgja vatnsberanum tækninýjungar og byltingarkenndar uppgötvanir í vísindum.

Upphaf tímabilsins markast af því að Júpíter og Satúrnus mætast í vatnsbera og er það í fyrsta skipti í um 200 ár sem plánetunar hittast ekki í jarðmerki, heldur í loftmerki. Þegar þetta gerist á mannkynið eftir að upplifa von og nýsköpun í auknum mæli en loftmerki himingeimsins tákna samvinnu og tækninýjungar." ■

UM HELGINA

Dansar til heiðurs kvenlíkamanum

bjork@frettabladid.is

Önnur sýning á verkinu Hringrás er í kvöld, laugardagskvöld, á Litla sviði Borgarleikhússins.

Hringrás er nýtt verk eftir Þyri Huld Árnadóttur unnið í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, Urði Hákonardóttur tónskáld, Júlíönnu Láru Steingrímsdóttur, búninga- og leikmyndahönnuð, og Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara sem sér um myndbandsinnsetningu í sviðsmynd. Anni Ólafsdóttir klippir allt efnið saman.

Þyri Huld Árnadóttir hóf feril sinn hjá Íslenska dansflokknum árið 2010 og hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum sem dansari og danshöfundur og tvisvar hlotið Grímuverðlaun sem dansari ársins.

Þyrí Huld gerði vídeóverk á seinni meðgöngu sinni MYND/AÐSEND

„Ég dansaði mig í gegnum tvær meðgöngurnar en tvö ár eru á milli strákanna minna. Á seinni meðgöngunni minni var Covid og dansflokkurinn var að leitast eftir nýjum leiðum til að gera dansinn sýnilegan. Ég fékk þá tækifæri á að gera vídeóverk þegar ég var komin 27 vikur á leið sem er uppsprettan að verkinu. Þegar ég var komin 38 vikur á leið opnaðist leikhúsið og ég sýndi live-útgáfu af vídeóverkinu. Ég tók síðan aftur upp þegar strákurinn minn var tveggja vikna og sótti um styrk í sviðslistasjóði til að gera sýninguna Hringrás. Það var svo mögnuð upplifun fyrir mig að vera ólétt, fæða barn og vera með barn á brjósti.

Ég vinn með líkamann minn á hverjum degi sem dansari en að upplifa þessa breytingu á líkamanum og hvað hann teygist og breytist og þróast með hverri barneign er magnað. Verkið er um þetta ferli að lána líkamann í sköpun og eignast hann síðan aftur." ■

> Verkið er um þetta ferli að lána líkamann í sköpun og eignast hann síðan aftur.

QVISTEN™ ANIMATION
KYNNIR

KARDEMOMMU BÆRINN

HIN ÁSTSÆLA OG SÍGILDA SAGA EFTIR THORBJØRN EGNER

SUBWAY nettó

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Sagði já við lífinu

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Guðlaug Jónsdóttir, arkitekt og hönnuður, flutti til Los Angeles þegar hún var aðeins 19 ára gömul og þar hefur hún búið síðan. Hún er þekkt fyrir stórbrotna hönnun hótela og veitingahúsa um allan heim. Gulla nýtur lífsins og frelsisins í Ameríku.

Gulla ferðast mikið vegna vinnu sinnar en hún vinnur að verkefnum um allan heim. Hún segist njóta þess til fulls að ferðast og frelsisins sem hún býr við en Gulla á hvorki börn né maka. Hún segist hafa eignast fjölskyldu af vinum í Los Angeles. MYND/MAGNÚS UNNAR

„Ég ætlaði aðeins að vera hérna í L.A. í nokkur ár en hér er ég enn þrjátíu árum síðar," segir arkitektinn og hönnuðurinn Guðlaug Jónsdóttir, betur þekkt sem Gulla Jóns.

Gulla ólst upp í Heiðargerði í Reykjavík ásamt móður sinni Kristínu Sighvatsdóttur og ömmu sinni og afa. Hún gekk í Hvassaleitisskóla og fór síðar í Menntaskólann í Reykjavík.

„Námið í menntaskólanum á Íslandi á þeim tíma var víðtækt en ekki mjög hnitmiðað í þágu arkitektúrs fyrir mig, en ég var á stærðfræðibraut og lagði mikla áherslu á stærðfræði og náttúrufræði," segir Gulla.

Þegar hún var aðeins nítján ára flutti hún til Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem hún nam arkitektúr í SCI-Arc (Southern California Institute of Architecture) en skólinn er talinn einn sá besti í heiminum. „Á þessum tíma var arkitektúr ekki kenndur á Íslandi. Margir fóru til Danmerkur að læra og ég íhugaði hina og þessa staði til að fara og læra, eins og Berlín og Flórens," segir Gulla.

„Svo starfaði ég eitt sumar eftir MR hjá Húsameistara ríkisins og þar vann með mér kona sem heitir Hildur Bjarnadóttir og hún sagði mér frá þessum skóla í L.A. Ég sótti um, hringdi svo í mömmu og sagði henni að ég væri að fara til Ameríku, þarna hafði ég aldrei komið til Ameríku áður," segir Gulla.

Hún segir að móðir hennar hafi orðið hissa í fyrstu en hún hafi ekki þurft mikla sannfæringu til að leyfa Gullu að fara á vit ævintýranna. „Mamma hefur alltaf verið minn helsti stuðningsmaður og alltaf hvatt mig áfram. Hún var smá hrædd við þetta í fyrstu, hafði séð ýmsar bíómyndir frá Ameríku og hafði ekki aðra vitneskju um þetta mikilfenglega land en núna elskar hún að koma í heimsókn til Los Angeles," segir Gulla.

Spurð hvort hún sjálf hafi verið hrædd við að flytja ein af landi brott svo ung segir Gulla svo ekki vera. „Ég hef alltaf látið óttann til hliðar í lífinu, það er algjör óþarfi að láta stjórnast af honum," segir hún.

„Ég fór út og bjó á hóteli þangað til ég fann mér íbúð og einhvern veginn setti ég þetta ekkert fyrir mig. Svo varð þetta bara allt í lagi," segir hún.

Líkar vel í Ameríku

Námið í skólanum tók fimm ár sem Gulla segir hafa verið erfið en skemmtileg. Að útskrift lokinni sótti Gulla um vinnu hjá tveimur þekktum arkitektum, Frank Gehry og Richard Meier. Henni voru boðin bæði störfin og tók starfi hjá Richard Meier sem þá var að byggja Getty-listasafnið í Los Angeles.

„Eftir útskrift fær maður leyfi til að vinna i Bandaríkjunum í eitt ár og það var stefnan. Svo fæ ég þessa vinnu og þetta verkefni sem við vorum að vinna við, sem var þá stærsta verkefni sem var verið að vinna í Ameríku," útskýrir Gulla.

„Ég var þarna í fjögur ár og þegar því var lokið fannst mér ekki spennandi að fara heim. Það var ekki mikið að gerast í arkitektúr á Íslandi eins og er kannski núna, svo hér er ég bara enn," segir hún og hlær sínum smitandi hlátri.

> Ég hef alltaf látið óttann til hliðar í lífinu, það er algjör óþarfi að láta stjórnast af honum.

Gulla hefur alls ekki setið auðum höndum í Ameríku, hún hefur unnið að fjölda stórra verkefna og rekur sína eigin stofu. Áður en hún stofnaði stofuna starfaði hún meðal annars hjá Walt Disney Imagineering bæði í Los Angeles og Japan og Dodd Mitchell Design eftir fjögurra ára reynslu við hönnun að Getty-listasafninu.

Gulla hefur verið kölluð „næsta Zaha Hadid", en Zaha er þekktur arkitekt og átrúnaðargoð Gullu. Fyrirtæki Gullu hefur verið valið eitt af 50 bestu hönnunarfyrirtækjum í Los Angeles og hefur Gulla hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín, en nýverið hlaut hún tvenn verðlaun fyrir bestu hönnun veitingahúss ársins á heimsvísu fyrir Esperanza í Kaliforníu og hún var valin leiðtogi ársins fyrir hótelhönnun.

Gulla hefur teiknað og hannað fjölda bygginga úti um allan heim og er meðal annars orðin þekkt fyrir hönnun hótela og veitingastaða en hún hannaði til dæmis tveggja Michelin-stjörnu veitingastaðinn Le Grand Restaurant í París, La Peer-hótelið í West-Hollywood, Macau Roosevelt-hótelið í Kína og Comal-veitingastaðinn á Chileno Bay Resort & Residences í Los Cabos, Mexíkó.

Teymi Gullu er nú með fimmtán verkefni í gangi um allan heim. Meðal þeirra er íbúðaháhýsi í Los Angeles, hótel í Sádi-Arabíu, Miami, Los Angeles og á Krít í Grikklandi, 2.000 fermetra einbýlishús í Beverly Hills, heilsulind við ströndina og nokkrir veitingastaðir.

Gulla leggur mikinn metnað í hönnunina á öllum sínum verkefnum og heldur utan um þau öll og hefur yfir þeim yfirsýn. Hún segist hafa góðan grunn til að byggja á, vera skipulögð og að þolinmæði sé mikilvæg þar sem hvert verkefni geti tekið fjögur til fimm ár.

„Það tekur kannski fimm ár að byggja hótel og það þarf að hugsa fram í tímann. Ég þarf að hugsa um það hvað verði tímalaus hönnun eftir tíu ár," segir Gulla.

„Það er eitt það skemmtilegasta við vinnuna mína, að þurfa að hugsa fram í tímann og meta hvað verður fallegt eftir tíu ár. Þó að hótelið verði opnað eftir fimm ár þarf það að standast tímans tönn," segir hún.

Á ferð og flugi

Gulla ferðast mikið vegna vinnu sinnar og segir hún mikilvægt að kynnast þeim stöðum sem hún vinnur á. „Ég nota yfirleitt fyrstu dagana í að skoða landið og menninguna í landinu sem ég er að vinna í. Fá innblástur frá náttúrunni," segir hún.

„Það er ekki nóg að gúgla Hawaii til að kynnast landi og þjóð. Núna er ég að hanna hótel þar og þá ber mér eiginlega skylda til þess að fara þangað og finna fyrir sálinni í

Loftið á Michellin-staðnum Le Grand Restaurant í París minnir á demant en Gulla hannaði staðinn. MYND/AÐSEND

landinu. Kynnast fólkinu og menningunni til að geta gert verkefninu góð skil og skilið hvað fólk vill og hvað passar inn í landslagið og kúltúrinn," segir Gulla.

„Arkitektúr er svo tilfinningaleg list. Þetta snýst ekki aðeins um að teikna og hanna heldur að skapa einhverja upplifun fyrir fólkið sem á eftir að vera í þessum rýmum. Það er alveg magnað hvað arkitektúr og hönnun getur haft mikil áhrif á líf okkar og tilfinningar, gert okkur glöð eða leið, lyft eða latt," segir Gulla.

Hún segir að sig hafi lengi langað að hanna byggingu á Íslandi, bygginga sem væri á einhvern hátt hluti af náttúrunni. „Íslensk náttúra er svo dramatísk og hefur haft mikil áhrif á mig og veitt mér mikinn innblástur. Það er mikil orka á Íslandi og mér finnst eins og Ísland sé fæðingarstaður náttúrunnar," segir Gulla.

„Það væri skemmtilegt að hanna byggingu á Íslandi sem væri hluti af náttúrunni. Öll mín verkefni eru svo staðbundin og þau eru mjög sérstæð. Það væri gaman að blanda byggingu inn í þessa dramatísku náttúru sem mér þykir svo vænt um," bætir hún við.

Spurð að því hvernig tilfinning það sé að standa loks inni í tilbúinni byggingu sem unnið hafi verið að í fjögur til fimm ár, segir Gulla það sérstaklega þægilegt. „Þegar maður er búinn að teikna, hanna, skoða og velja allt í mörg ár, leysa allar þrautir og hindranir sem upp koma og fylgjast með byggingu rísa og verða að rými sem fólk hefur gaman af og nýtur, það er alveg stórkostlegt," segir Gulla.

„Mín ástríða er að taka þátt í að fegra heiminn, og það er eitthvað sem ég hef tekið eftir, hversu vel fólki um allan heim líður þegar náttúran og arkitektúr spila vel saman. Ég leitast við að enduróma fegurð náttúrunnar í einhverju sem er byggt af mannavöldum og að blanda saman náttúruheimum og manngerðum arkitektúr."

Breytt eftir Covid

Eftir Covid ákvað Gulla að færa vinnuaðstöðu sína og er hún nú með stúdíó, gallerí og heimili, allt á sama stað. „Ég var alltaf með skrifstofu á Robertson Boulevard í hönnunarhverfinu í West-Hollywood en eftir faraldurinn fannst mér ekki sami sjarminn yfir þessu öllu og mig langaði að starfsfólkið mitt væri óhult og á öruggum stað," segir Gulla.

Hún segir að vel hafi tekist til og að bæði hún og starfsfólkið séu ánægð. Húsið sé stórt og staðsett í hæðum Hollywood og þar sé mikil ró. „Ég reyni að fara í göngutúr á hverjum degi og náttúran hérna í hæðunum er stórbrotin og mögnuð, það er eiginlega bara eins og maður sé í Suður-Frakklandi. L.A. er svo fjölbreytt, hér er maður í náttúrunni, svo tekur bara tíu mínútur að keyra niður á Sunset þar sem er allt önnur stemning og mikið af lífi og veitingastöðum," segir hún.

„Við erum mjög ánægð með það að vera saman hérna í kyrrð og ró og geta farið út í garð og borðað þar hádegismat. Skrifstofan er á fyrstu hæðinni, gallerí á annarri hæð og svo bý ég á þriðju hæðinni þannig að þetta virkar mjög vel og er þægilegt," segir Gulla.

Meðan faraldurinn stóð sem hæst ákvað Gulla að vera á Íslandi og hér var hún í eitt ár. „Yfirleitt þegar ég er á Íslandi þá er ég hjá mömmu en þarna leigði ég mér íbúð í Þingholtunum og fannst frábært að vera þar," segir Gulla.

Hún segist hafa notið ársins á Íslandi, hitt vini og fjölskyldu og ferðast mikið. „Af því að ég var á Íslandi en að vinna í Ameríku þá var ég að byrja að vinna klukkan fimm á daginn sem er klukkan níu að morgni í L.A., svo ég hafði svolítið fría daga sem ég notaði í að teikna og skissa eða fara í göngutúr, svo hitti ég starfsfólkið og kúnna úti um allan heim á vídeó-fundum," segir Gulla sem vann nánast á hverjum degi í faraldrinum og hélt öllum sínum verkefnum gangandi.

„Flest verkefnin voru í teikningavinnu og allir gátu verið heima hjá sér að vinna, það var ekki byrjað að byggja í mörgum verkefnum svo þetta gekk allt upp," segir hún.

„Mér fannst dásamlegt að vera á Íslandi og ég held að ég hafi haft gott af því. Ég hafði verið á miklu flakki út um allan heim og það var gott að staldra aðeins við," segir Gulla.

„Það var svo sætt að mamma kom kannski á hverjum degi með ferskt brauð úr bakaríinu og ég sagði henni að það væri kannski óþarfi að koma með ferskt brauð á hverjum degi en hún sagði bara: Ég hef ekki fengið að dekra við þig sem mamma á hverjum degi í þrjátíu ár svo ég kem með brauð á hverjum degi. Þetta var gaman og gott fyrir okkur báðar," segir Gulla og brosir.

„Svo hitti ég pabba og systkini mín og ferðaðist um landið án þess að það væri fullt af túristum, skoðaði til dæmis Vestfirði í fyrsta sinn," segir Gulla en hún er einkadóttir móður sinnar en á þrjú systkini hjá pabba sínum, verkfræðingnum og fyrrverandi handboltamanninum Jóni Hjaltalín Magnússyni.

„Það eru mikil forréttindi í því að geta komið í öruggt umhverfi á Íslandi í svona aðstæðum og ég er meðvituð um það og ég held að það hafi verið dásamleg gjöf að geta komið aftur til Íslands og notið þess að vera í öruggu og rólegu umhverfi. Ég var bara þarna, ekki að hoppa upp í flugvél og ferðast í hverri viku," segir Gulla.

Meira má sjá af hönnun Gullu í þáttunum Að heiman – íslenskir arkitektar sem verða aðgengilegir á Sjónvarpi Símans frá 23. febrúar. MYND/AÐSEND

Cuff Chair-stóllinn sem Gulla hannaði er einstaklega fallegur.



Gulla hannaði veitingastaðinn Esperanza sem staðsettur er við Manhattan Beach í Los Angeles en staðurinn er virkilega fallegur. MYND/AÐSEND

> **Það er eitt það skemmtilegasta við vinnuna mína, að þurfa að hugsa fram í tímann og meta hvað verður fallegt eftir tíu ár.**

Það hlýtur að taka ákveðinn toll af þér að ferðast svona mikið?

„Stundum gerir það það, en það er svo fyndið hvað maður venst þessu fljótt og mér finnst þetta auðvitað svo gaman. Oft er það þannig að þegar ég er búin að vera heima í svona tvær, þrjár vikur, þá er ég farin að hugsa: Jæja, hvert fer ég næst?

Þægilegt að vera frjáls

Allt frá því ég var ung hef ég haft þetta þakklæti fyrir fegurð og ferðalög og frelsi hentar mér vel," segir Gulla.

„Los Angeles er alþjóðleg borg, og hér hef ég eignast stóra fjölskyldu af fallegum vinum og viðskiptavinum og þegar ég ferðast út um allan heim eignast ég enn fleiri vini svo ég er vinarík alls staðar og það myndast sterk vinasambönd við hvert verkefni," segir hún.

„Ég er að njóta lífsins algjörlega til fulls og mér finnst þægilegt að vera frjáls, ég er ævintýragjörn, elska að ferðast um heiminn og gera nýja hluti," segir Gulla.

Svo þú getur horft stolt og ánægð á það sem þú hefur áorkað og skilið eftir þig?

„Já, ég er ánægð, en mér finnst ég alltaf vera að byrja og mig langar alltaf að gera meira," segir Gulla. „Hvert og eitt verkefni er sérstætt og það eru ákveðnir töfrar sem fæðast í hverju verkefni fyrir sig, og það er það sem hvetur mig," segir hún.

„Ég lifi og hrærist í vinnunni, er alltaf með hugann við vinnuna og alltaf að fá nýjar hugmyndir en ég er samt líka góð í því að stoppa, slaka á, fara í spa, út að borða, fer mikið á listasöfn og gallerí og tónleika og dansa við hvert tækifæri."

Spurð að því hvort hún hugi sérstaklega að því að halda sér á jörðinni þrátt fyrir mikla velgengni segist Gulla hreyfa sig, stunda göngur og jóga. „Ég ákvað að segja já við lífinu, segja já við tækifærum og láta óttann ekki stoppa mig. Það hefur gefið mér mörg tækifæri og ég hef fengið að kynnast svo mikið af fólki, fallegum stöðum og fengið að vinna við það sem mér finnst skemmtilegt," segir hún.

„Ég held að ég sé þannig að eðlisfari að mér finnst montið fólk bara leiðinlegt. Þetta er bara vinnan mín, mín ástríða og ég spái ekkert öðruvísi í þetta. Mér finnst ég alltaf geta gert betur og ég er krítísk á sjálfa mig. Ég er með báða fætur á jörðinni og lít á lífið sem gjöf og ævintýri," segir Gulla að lokum. ■

Pakkaði ævistarfi pabba

Björk Eiðsdóttir
björk
@frettabladid.is

Bryndís Ragna Brynjólfsdóttir fylgdi föður sínum, Brynjólfi H. Björnssyni, í nokkrar vikur í nóvember með myndavélina að vopni. Hún festi á filmu þegar ævistarfi hans, versluninni Brynju, var pakkað saman ofan í kassa.

Bryndís Ragna fylgdi föður sínum Brynjólfi nokkrar síðustu vikur verslunar hans Brynju og myndaði ferlið. Hér er Brynjólfur ásamt nokkrum starfsmönnum, þeim Birni G. Snæbjörnssyni, Haldor Haldorsen og Hafsteini Guðmundssyni. MYNDIR/BRYNDÍS RAGNA

Brynjólfur H. Björnsson hefur staðið vaktina í byggingavöruversluninni Brynju á Laugavegi síðan á sjötta áratugnum en í vikunni afhenti hann nýjum eigendum húsnæðisins lyklavöldin.

„Það er ekki búið að ákveða hvað verður, þau hjónin sem keyptu ætla bara að taka húsið í gegn og sjá svo hvað verður," segir hann.

Aðspurður hvernig tilfinningin við að afhenda lyklana hafi verið, svarar Brynjólfur: „Hún er mjög skrítin, eftir 60 ár þarna. Þetta er búið að vera ævistarfið enda byrjaði ég að vinna í Brynju 26 ára. Ég hef alltaf kunnað vel við mig í miðbænum en það hefur orðið mikil breyting á honum miðað við það sem var fyrir 30–40 árum. Lífið var þarna. Það finnst mér hafa breyst mikið."

Eitt sem hefur breyst er fjöldi ferðamanna í miðbænum en þeir létu Brynju ekki fram hjá sér fara. „Það var alltaf nóg að gera og útlendingarnir komu mikið líka og voru hrifnir. Bretar, Ameríkanar og Kanadamenn höfðu það á orði hversu gott það væri að koma inn í svona búð eins og var í þeirra heimalandi í gamla daga, nú væri allt komið í stórverslanir og moll. Þetta fannst þeim alvöru búð."

Áratuga safn af skjölum

Verslunin var upphaflega auglýst til sölu en þegar ekki tókst að finna kaupanda að rekstrinum var honum hætt.

Matthildur, elsta dóttir Brynjólfs, og eiginmaður hennar tóku við vefverslun Brynju. „Þau ætla að fikra sig áfram í þessu. Netverslunin hefur alltaf mallað með og Matta hefur starfað hjá mér í bókhaldi og þekkir þetta að megninu til," segir Brynjólfur sem ætlar að vera þeim til halds og trausts til að byrja með.

Bryndís myndaði daglega rútínu föður síns, sund, hádegismat og vinnu í versluninni.

Brynjólfur segir það hafa verið ánægjulegt að hafa Bryndísi dóttur sína með sér í nokkrar vikur í nóvember. „Það var einnig mikil hjálp enda fór hún í gegnum skúffur og annað sem þurfti að taka til í. Það var eitthvað minna hent í gegnum árin en hefði kannski þurft," segir hann í léttum tón. „En þeir voru alla vega ánægðir hjá Borgarskjalasafninu þegar þeir komust í kassana uppi á lofti," en bókhaldið og fleira fór til varðveislu þar.

Eins og fyrr segir afhenti Brynjólfur lyklana í vikunni og lokar þar með löngum og farsælum kafla. Fram undan eru önnur hugðarefni.

„Konan mín, Ragna Lára Ragnarsdóttir, er ánægð með að hafa mig heima á laugardögum framvegis," segir Brynjólfur sem undanfarna áratugi hefur unnið sex daga vinnuviku.

Gott að fá að vera til staðar

Bryndís Ragna Brynjólfsdóttir, ein þriggja dætra Brynjólfs, hefur verið búsett í Rotterdam frá árinu 2000 þangað sem hún fór til að dansa hjá Scapino Ballet Rotterdam.

„Í dag dansa ég af og til en er líka mikið að kenna bæði hjá dansflokknum hérna í Hollandi og í listaháskólanum," segir Bryndís sem útskrifaðist úr ljósmyndanámi frá De Koninklijke Academie van Beeldende Kunsten í Haag árið 2022.

Í nóvember síðastliðnum kom Bryndís heim til Íslands til að hjálpa föður sínum að hreinsa út úr húsnæði Brynju og hafði myndavélina með.

„Engu hefur verið hent frá því búðin opnaði og var margt mjög vel varðveitt, eins og til dæmis allt bókhald og viðskiptasamskiptin öll varðveitt í röð og reglu. Háaloftið var fullt af pappírum og skjölum og kjallarinn fullur af alls konar dóti. Þar gleymdi ég mér alveg í ryki og drullu. En það var alveg magnað að fá að fara í gegnum þetta allt. Það er svo mikil saga og sál sem geymdist þarna."

Bryndis með Brynjólfi föður sínum á áramótabrennu fyrir nokkru.

Bryndís segist þakklát fyrir að hafa getað varið þessum tíma með föður sínum og tekið þátt í hans rútínu dag hvern.

„Við vöknuðum þá klukkan sex til að fara í Laugardalslaugina. Keyra saman í myrkrinu hlustandi á RÚV, fara í útiklefa, synda nokkrar ferðir, fara í heita pottinn og kalda og svo upp úr. Fyrir klukkan átta vorum við svo komin upp í búð. Þá var unnið til tólf, þá smá matur, oftast afgangar frá deginum áður, og svo haldið áfram þangað seinnipart dags. Mér fannst mjög gott að fá að vera til staðar, þar sem ég er búin að búa í Hollandi í 27 ár, eða frá því ég var 17 ára gömul og hef aldrei fengið að vera svona mikið með pabba."

Háaloftið var fullt af pappírum og skjölum sem starfsmenn Borgarskjalasafns fögnuðu.

Tár þegar innréttingin fór niður

Bryndís segir það þó hafa tekið á að horfa á Brynju hverfa smám saman.

„Þegar öll búðarinnréttingin var tekin niður voru jafnvel vinnumennirnir næstum í tárum eins og við. Pabbi reyndi allt í sínu valdi til að koma öllu til einstaklinga eða fyrirtækja svo hlutirnir myndu lifa áfram. Sagan haldi áfram annars staðar."

Bryndís var með símann og myndavélina uppi við allan tímann.

„Pabbi heldur sér mjög sterkum en við vitum öll að tárin eru að innan. Það reif oft í að sjá pabba ganga í gegnum þetta, en það var líka mjög flott og ég er virkilega stolt af honum."

Bryndís segir föður sinn helst koma til með að sakna viðskiptavinanna, fólksins.

„Hann elskaði að vera niðri í búð, tala við fólk og heyra sögur, um lífið og tilveruna. Hann þekkir alla og veit margt um margt úr alls konar geirum. Hann hlustaði á fólkið. Ég held það segi líka mikið að allt starfsfólkið sem vann í Brynju vann þar í mörg ár. Þeim leið þar vel." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 4. febrúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Norsku úlfarnir koma fram á úrslitakeppninni í Noregi í kvöld.

Eurovision hjá frændum vorum

elin@frettabladid.is

Úrslit í undankeppni Söngvakeppni Evrópu fara fram í Þrándheimi í Noregi í kvöld en keppnin hefur staðið yfir á laugardögum frá 14. janúar. Níu keppendur berjast um að komast til Liverpool þar sem Eurovision fer fram 13. maí. Meðal þeirra sem koma fram eru sigurvegarar síðasta árs, Subwoolfer, en þeir koma líka fram á lokakvöldi hér heima þann 4. mars. Úlfarnir ætla að flytja nýtt lag á lokakvöldinu í Noregi sem þeir munu væntanlega flytja hér á landi. Lagið nefnist Worst Kept Secret.

Íslendingar sem hafa aðgang að norrænum sjónvarpsstöðvum geta einnig fylgst með fyrsta Eurovision-kvöldinu í Svíþjóð en Svíar hefja sína vegferð í kvöld. Bæði Noregur og Svíþjóð leggja mikið upp úr undankeppni og tjalda öllu til, til að gera keppnina sem glæsilegasta. Úrslit í Danmörku verða 11. febrúar en þar eru átta keppendur og aðeins eitt kvöld.

Nýtt kosningakerfi

Í Noregi í kvöld gilda atkvæði áhorfenda en einnig eru gefin stig frá alþjóðlegri dómnefnd. Atkvæði áhorfenda og stig frá dómnefnd gilda 50 prósent hvor. Fyrst verða birt atkvæði alþjóðlegu dómnefndarinnar og síðan atkvæði áhorfenda. Er þetta byggt á sama hátt og í keppninni sjálfri.

Sænsku úrslitin verða í Friends Arena-höllinni í Stokkhólmi þann 11. mars. Sama kosningakerfi verður viðhaft þar og í Noregi. ■

Nám í netöryggi býður upp á spennandi starfsmögueika. Aðalkennarar námsins eru Guðmundur Pétur Pálsson og Sveinbjörn Þormar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Netöryggi skiptir öllu máli

Promennt býður upp á nám í netöryggi í fyrsta sinn á Íslandi. Mikil eftirspurn er eftir sérfræðingum í netöryggi og nauðsynlegt að útskrifa fleiri sérfræðinga á því sviði hérlendis. 2

Netöryggi ætti að vera grunnur fyrir alla sem vinna með tölvur, vélbúnað og hugbúnað enda hafa fá fyrirtæki efni á að hafa sérstaka netöryggisdeild, segja þeir Sveinbjörn Þormar og Guðmundur Pétur Pálsson, aðalkennarar náms í netöryggi sem Promennt býður upp á og er hægt að stunda bæði í staðnámi og fjarnámi.

Framabraut-Netöryggi er ný og öflug námsbraut hjá Promennt sem er ætlað að mæta eftirspurn eftir sérfræðingum í netöryggismálum en hún hefur aukist mjög undanfarin ár. „Við heyrum allt of oft af netárásum sem gerðar eru á fyrirtæki og stofnanir úti um allan heim og því er mikil þörf á að fjölga sérfræðingum í greininni," segja aðalkennarar námsins, þeir Sveinbjörn Þormar og Guðmundur Pétur Pálsson.

Mikilvægi námsins sé því nokkuð augljóst. „Í dag ætti netöryggi að vera grunnur fyrir alla sem vinna með tölvur, vélbúnað og hugbúnað því að áhættan er mikil og mun bara aukast," segir Sveinbjörn. „Einnig er staðan sú á Íslandi að flest fyrirtæki eru með fáa starfsmenn í tölvudeild og því mikilvægt að þeir hafi þessa þekkingu. Fáir hafa efni á að hafa netöryggisdeild, þannig að við viljum gera alla starfsmenn klára í netöryggi."

Guðmundur bætir við að öryggi sé nauðsynlegur hlutur til að hafa í huga í öllum störfum og einnig í einkalífinu. „Það líður ekki dagur án þess að við verðum fyrir árásum eða tilraunum til árása, hvort sem það er í pósti, spjalli, eða yfir netið. Óprúttnir aðilar eru fljótir að nýta sér veikleika og nýjar leiðir til árása. Því er nauðsynlegt að vera reiðubúin með varnir og kunnáttu til að aðlaga þær til að bregðast við nýjum ógnum."

Þægilegt fyrirkomulag

Til að mæta þessari miklu eftirspurn, og um leið að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi tæknigeira, býður Promennt upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í Netöryggi sem eru sex lotur í heildina. Námið gerir ekki kröfu um að nemendur hafi víðtæka þekkingu á öryggismálum en reynsla og þekking á virkni upplýsingakerfa hjálpar þó í náminu.

Námskeiðið er kennt hjá Promennt í Skeifunni en hægt er að taka þátt í fjarkennslu í beinni útsendingu. Það þýðir að hægt er að taka þátt í kennslustundinni óháð staðsetningu, hvort sem nemandi býr á höfuðborgarsvæðinu, á landsbyggðinni eða í útlöndum.

Einnig er hægt að stunda bæði staðnám og fjarnám á sama námskeiðinu. Því er hægt að mæta stundum á staðinn og taka hluta námskeiðs í fjarkennslu, allt eftir því hvað hentar hverjum nemanda, sem er frábær kostur.

Ánægja með samstarfið

Við skipulagningu námsbrautarinnar fékk Promennt með í lið Fortinet sem er leiðandi fyrirtæki á heimsmarkaði í framleiðslu og þjónustuveitingu á net- og öryggislausnum. „Fortinet er í samstarfi við skólastofnanir á öllum skólastigum um allan heim," segir Sævar Haukdal sölustjóri. „Promennt og Fortinet undirrituðu samstarfssamning sem gefur Promennt aðgang að námsefni, aðgengi að lausnum og ráðgjöf í uppbyggingu á sérfræðinámi í netöryggi."

Hann segir fjölda netárása, fjölbreytni og aukna skipulagningu þeirra kalla á dýpri og meiri þekkingu en áður. „Því er nauðsynlegt að fjölga sérfræðingum á þessu sviði. Rekstrar- öryggi fyrirtækja er stefnt í hættu á degi hverjum og því miður höfum við séð dæmi um fyrirtæki hér á landi sem lenda í rekstrartruflunum og tapa gögnum sem hefur veruleg áhrif á rekstur þeirra og orðspor."

Sævar áætlar að þörf sé á milljónum sérfræðinga á þessu sviði á heimsvísu. „Samstarfsaðilar okkar og viðskiptavinir spyrja okkur reglulega hvort við þekkjum til aðila sem þeir geta ráðið í vinnu til að sinna slíkum verkefnum. Við erum því mjög ánægð að geta hafið samstarf við Promennt með það að markmiði að fjölga sérfræðingum hér á landi og hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að takast á við netöryggisógnina með réttri þekkingu."

Reynslumiklir kennarar

Guðmundur og Sveinbjörn eru báðir mjög reyndir á sínu sviði. „Ég hef verið Microsoft-kennari (MCT) í fimmtán ár og er með 30 ára reynslu í tölvubransanum. Síðustu fimmtán árin starfaði ég sem ráðgjafi hjá Opnum kerfum en er núna Microsoft-hönnuður hjá Isavia," segir Guðmundur.

Sveinbjörn hefur starfað sem kerfisstjóri í rúm 25 ár og komið að rekstri ýmissa tölvukerfa á þeim tíma. „Ég hef einnig kennt ýmsa tölvuáfanga hjá Promennt síðustu tólf árin. Síðan er ég mjög áhugasamur um öryggismál og raunar dálítill öryggisnörd."

Sveinbjörn kennir þrjá áfanga í náminu. „Ég kenni fögin Comptia Security+, Comptia CySa+ og NSE(1-2-3) sem spanna grunnatriði netöryggis upp að dýpri þekkingu, svo sem að setja upp búnað fyrir eftirlit og varnir gegn netárásum (atvikum), greining á hættum í nettraffík og hvernig skal bregðast við þeim."

Einnig er kennt öruggt utanumhald forrita og búnaðar í rekstrarumhverfi fyrirtækja. „Þar má nefna varnir og viðbrögð við mögulegum innbrotum og greining á atburðum, innleiðingu öruggari tölvureksturs fyrirtækja með sterkri fylgni við öryggisstaðla og stefnur og viðeigandi regluverk."

Guðmundur kennir MS-500 áfangann (Microsoft 365 Security Administration) sem er kenndur á seinni önninni. „Í þessum áfanga er farið yfir þær fjölmörgu lausnir sem Microsoft býður upp á til að styðja okkur í baráttunni að bættu öryggi. Promennt er Microsoft-vottaður fræðsluaðili og um leið eina vottaða Microsoft-fræðslufyrirtækið á Íslandi."

Mikil eftirspurn eftir netöryggissérfræðingum

Þeir eru sammála um að námið bjóði upp á mjög góða atvinnumöguleika. „Öll fyrirtæki hafa síðustu árin gefið öryggismálunum aukið vægi. Því er mikil eftirspurn eftir starfsmönnum sem hafa öryggisþekkingu, sérstaklega á breiðum grunni," segir Guðmundur.

Sveinbjörn tekur undir orð hans. „Þörfin á starfsfólki með þessa þekkingu hefur aukist mikið þar sem fyrirtæki skilja mikilvægi þess að verja sig og reksturinn. Til þess þarftu fólk með svona menntun. Ég sé fyrir mér að þessi þekking verði bráðum talin grunnþekking sem við viljum sjá hjá öllu starfsfólki."

> **Þörfin á starfsfólki með þessa þekkingu hefur aukist mikið þar sem fyrirtæki skilja mikilvægi þess að verja sig og reksturinn.**
>
> Sveinbjörn Þormar

Stöðug barátta sem klárast aldrei

Netöryggi er stöðug barátta sem verður aldrei fullkomnuð að sögn Guðmundar. Það komi stöðugt upp nýjar ógnir og þar af leiðandi nýjar lausnir til að bregðast við þeim og fyrirbyggja skaða. „Störfum tengdum upplýsingaöryggi mun fjölga á næstu árum ásamt kröfunni um að allt starfsfólk sé með virka öryggishugsun."

Sveinbjörn segir skort vera á starfsfólki í dag með grunnþekkingu í netöryggi og það gæti tekið mörg ár að ráða í öll þau störf sem verða á lausu. „Verkefnin sem við sinnum í dag verða líklega mikið breytt innan fárra missera. Það koma nýjar þjónustur í umhverfi okkar, nýr búnaður, aðstoð frá gervigreind og annað sem við sjáum ekki einu sinni núna. En við munum alltaf þurfa gott starfsfólk með þekkingu og innsýn til að vinna að þessum mikilvægu verkefnum." ■

Nánar á promennt.is.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio-Kult Advanced inniheldur 14 tegundir sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna

Sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio Kult Advanced er jafnframt ein af fáum góðgerlablöndum sem innihalda jafn marga gerlastofna.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

Bio-Kult®
Advanced

Kemst í gegnum daginn með kvíðarótinni

Helgi Ómarsson er mikill aðdáandi náttúrulegra bætiefna. Hann byrjaði að taka inn Meiri orku frá ICEHERBS eftir að hafa lesið sér til um burnirót. Hann hefur tröllatrú á henni og þreytist ekki að segja fólki frá töfrum hennar.

Helgi Ómarsson lýsir sér sem nett ofvirkum tvíbura með rísandann í bogamanni. „Loft og eldur, alltaf út um allt, veit ekki í hvaða átt ég er að fara en er samt alltaf á leiðinni eitthvað," segir hann og bætir við að ofvirknin sýni sig líka í vinnu, en Helgi er ljósmyndari, tískubloggari, hlaðvarpsstjórnandi og markaðsráðgjafi.

„Ég lifi mjög aktífum lífsstíl, bæði líkamlegum og andlegum. Ég er mikill sjálfsvinnuperri og tek því mjög alvarlega. Ég stunda einnig líkamsrækt hjá líkamsræktarstöðinni Afreki, sem er mikið partí," segir hann.

Helgi tekur daglega inn Meiri orku frá ICEHERBS, en Meiri orka er öflug blanda íslenskrar burnirótar og fjallagrasa.

„Síðan ég las fyrir mörgum árum að burnirótin væri náttúruleg kvíðarót þá hef ég verið frekar upptekinn af henni. Ég trúi á mátt náttúrunnar og mikilvægi þess að taka inn sem mest úr henni til að lifa sem heilbrigðustu lífi. Mér finnst það mjög sexí. Ég er sérstaklega upptekinn af burnirótinni, túrmeriki og engiferi. Ég læt það sjaldnast vanta inn í rútínuna mína," útskýrir hann.

„Ég er mjög skrautlegur þegar kemur að athygli. Ég er greindur með ADHD og með þeirri greiningu fylgir mikill kvíði. Ég fór því að taka það mjög alvarlega að muna að taka vítamínin mín, þá sérstaklega burnirótina og D-vítamín blönduna frá ICEHERBS sem inniheldur einmitt líka burnirótina. Eftir að ég byrjaði að taka inn vítamínin mín og vera með rútínu þegar ég vakna, þá fann ég mikinn mun og er í rauninni allt annar. Mér finnst það ákveðin lífsgæði að geta tekið inn náttúruleg bætiefni og vítamín til að bæta líkama og sál."

Geggjað að nýta mátt náttúrunnar

Helgi bjó í Danmörku þegar hann las fyrst um burnirótina. Hann var í skrifstofustarfi og segir að þegar hann vinni slíka vinnu sé auðvelt að greina hvernig honum líður frá degi til dags.

„Ef ég man rétt þá snerist greinin um að burnirótin er eina rótin sem við þurfum. Mér fannst það mjög sexí tilhugsun og varð mjög upptekinn af henni. Góðvinkona mín Ragga nagli er einmitt mikill talsmaður burnirótar og er mjög dugleg að mæla með henni en ég fylgi henni eins og hvolpur þegar kemur að heilsu," segir hann.

Helgi segir öllum í kringum sig að taka inn burnirót enda hefur hann fundið jákvæð áhrif hennar. MYND/AÐSEND

„Ég hef mjög strangtrúaða rútínu þegar kemur að bætiefnum og ef ég þyrfti að velja tvö vítamín þá mundi ég alltaf taka burnirótina og D-vítamínið. Ég tel það mjög mikilvægan part af minni andlegu heilsu. Mér finnst Meiri orka vera fullkomin leið fyrir mig til að koma mér vel í gegnum daginn minn sem svona ADHD-pési og finnst geggjað að nýta mátt náttúrunnar til að reyna að tækla það sem best. Áhrifin eru aðallega að ég er skýrari og man meira, sem er rosalega mikilvægt fyrir mig sem er út um allt og þarf að muna ótrúlega margt frá degi til dags."

Helgi segir að það sé algjörlega nauðsynlegt að taka burnirótina daglega. „Ég segi öllum í kringum mig að gera það. Það liggur við að ég krefjist þess."

Náttúran er ekkert að djóka

Helgi tekur vítamín daglega og finnst mjög gaman að bæta einhverju nýju og öflugu við í vítamínboxin sín.

„Mér finnst mjög gaman að vera vítamín-perri," segir hann og hlær. „Það koma auðvitað dagar sem ég gleymi að taka vítamín eins og þegar ég þýt út, en þá finn ég líka mun á sjálfum mér. Mér líður langbest og finnst ég alltaf skýrari með allt löðrandi í bætiefnum. Mér finnst góð morgunrútína vera það besta í heimi, lífsgæðin mín liggja þar," heldur hann áfram.

„En eftir að ég las þessa grein um burnirótina, þá er eins og eitthvað hafi smollið í heilanum á mér, ég hef síðan þá alltaf tekið hana inn og hef alla heimsins trú á henni og líka á vítamínum sem unnin eru beint úr náttúrunni. Ég vil hafa allt sem hreinast. Náttúran okkar er ekkert að djóka, hún býr náttúrulega bara yfir endalausum heilsu- og mannbætandi eiginleikum."

ICEHERBS meiri orka

100% íslensk burnirót með fjallagrösum fyrir aukna orku og minna stress. Meiri orka er öflug blanda íslenskrar burnirótar og íslenskra fjallagrasa. Burnirót inniheldur hátt innihald virkra efna sem hafa áhrif á andlegt jafnvægi og virka almennt hressandi og örvandi. Burnirót vinnur gegn þreytu, þunglyndi, einbeitingarskorti og þróttleysi. Burnirót er talin hjálpa vel á tímabilum andlegs álags í vinnu eða námi, eða gegn streitu og skorti á orku.

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og í glæsilegri vefverslun iceherbs.is. ■

Heimsmeistari í frjálsíþróttaveislu í Höllinni

Það verður boðið upp á sannkallaða frjálsíþróttaveislu í Laugardalshöllinni á morgun en þá fer þar fram Reykjavík International Games í frjálsíþróttum.

gummih@frettabladid.is

Ríkjandi heimsmeistari kvenna í kúluvarpi, Chase Ealey frá Bandaríkjunum, er á meðal keppenda líkt og í fyrra en hún fagnaði sigri á heimsmeistaramótinu á síðasta ári þegar hún varpaði kúlunni 20,49 metra og varð um leið fyrsta konan frá Bandaríkjunum til að vinna til gullverðlauna í kúluvarpi á heimsmeistaramóti. Þá vann hún einnig sigur á Demantamótaröðinni.

Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands, lofar frábærri skemmtun í Laugardalshöllinni á morgun og hann hvetur fólk til að fjölmenna í Höllina þar sem margt af besta og efnilegasta frjálsíþróttafólki landsins verður á meðal keppenda.

„Þetta verður heldur betur veisla og ég er gríðarlega spenntur fyrir þessu móti," segir Freyr, sem fagnar því að heimsmeistarinn Chase Ealey ætli að vera með.

Litríkur og sterkur karakter

„Við erum að tala um eitt stykki heimsmeistara og það er gríðarlega gaman að hún skyldi ákveða að mæta aftur. Hún kom hingað á mótið í fyrra og þá sá maður hversu litríkur og sterkur karakter hún er. Chase gerði miklu meira heldur en að keppa. Hún smitaði út frá sér og var svo ánægð með móttökurnar sem hún fékk þannig að hún vildi koma aftur núna sem er ofboðslega gott fyrir okkur. Mesta fjörið ætti að verða í kringum kúluvarpshringinn – að berja heimsmeistarann augum en það verður líka gaman að fylgjast með spretthlaupunum, stökkkeppnunum og ýmsu öðru," segir Freyr.

Chase Ealey fagnar heimsmeistaratitlinum í kúluvarpi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spretthlaupararnir Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir úr ÍR og FH-ingurinn Kolbeinn Höður Gunnarsson verða í eldlínunni á leikunum en bæði slógu þau Íslandsmetin í 60 metra hlaupi í síðasta mánuði. Guðbjörg fær verðugan mótherja en Naomi Sedney frá Hollandi mætir henni en Sedney fór með sigur af hólmi á leikunum í fyrra.

> **Við erum að tala um eitt stykki heimsmeistara og það er gríðarlega gaman að hún skyldi ákveða að mæta aftur. Hún kom hingað á mótið í fyrra og þá sá maður hversu litríkur og sterkur karakter hún er.**
>
> Freyr Ólafsson

Guðbjörg er í hörku formi og er komin á fulla ferð eftir erfið meiðsli og sló Íslandsmetið á móti í Danmörku á dögunum þegar hún kom í mark á 7,35 sekúndum.

„Það er ljóst að Guðbjörg fær hörkukeppni og það er mjög ánægjulegt til þess að vita að hún er að ná fyrri styrk eftir erfið meiðsli og ánægjulegt að sjá hversu sterk hún kemur til baka," segir Freyr en Guðbjörg Jóna mun einnig hlaupa sitt fyrsta 200 metra hlaup á tímabilinu og mætir þar Sarah Atcho frá Sviss, sem á best 23,64 sekúndur í ár. Besti tími Guðbjargar í greininni er 23,98 sekúndur.

Kolbeinn Höður bætti fyrir skömmu 30 ára gamalt Íslandsmet í 60 metra hlaupi þegar hann hljóp vegalengdina á 6,68 sekúndum en meðal þeirra sem mæta honum í hlaupinu er Englendingurinn Richard Akinyebo, sem á best 6,73 sekúndur. Kolbeinn mætir einnig sterkum hlaupara í 200 metra hlaupinu en það er Lee Thompson frá Englandi. Kolbeinn á Íslandsmetið í greininni, 21,21 sek. En besti tími Thompson er 21,13 sekúndur.

Eru svo góðar fyrirmyndir

„Kolbeinn og Guðbjörg eru svo sterkir og flotti karakterar og þau eru bæði svo góðar fyrirmyndir, með allt sitt á tæru og uppskera eftir því," segir formaður Frjálsíþróttasambandsins.

Ólympíufarinn og Íslandsmethafinn í kringlukasti, Guðni Valur Guðnason úr ÍR, verður á meðal keppenda í kúluvarpi á leikunum eins og undanfarin ár. Guðni á best 18,90 metra innanhúss og hann etur meðal annars kappi við Englendinginn Lewis Byng sem lengst hefur kastað 18,50 metra.

Langstökk kvenna ætti líka að verða skemmtileg grein en Íslandsmethafinn í þrístökki, Irma Gunnarsdóttir úr FH, er skráð til leiks en hún á næstlengsta stökk íslenskrar konu, 6,36 metra. Þá ætlar Hafdís Sigurðardóttir að dusta rykið af langstökksskónum en hún á Íslandsmetið í greininni sem er 6,54 metrar.

Mótið hefst klukkan 13.30. Miðasala fer fram á corsa.is en einnig verður hægt að kaupa miða á staðnum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ

GARÐABÆR AUGLÝSIR LAUS TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI SUMARSTÖRF ÁRIÐ 2023 FYRIR UNGT FÓLK

GARÐYRKJUDEILD

ALMENN GARÐYRKJUSTÖRF
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2005 eða fyrr.

FLOKKSTJÓRAR VIÐ GARÐYRKJU
Umsjón með garðyrkjuhópum.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2002 eða fyrr.

STÖRF Í SLÆTTI
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2005 eða fyrr.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

ALMENNIR VERKAMENN
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2005 eða fyrr.

FJÖLBREYTT SUMARSTÖRF FYRIR 17 ÁRA UNGMENNI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006.
Hægt er að sækja um eftirfarandi störf: *Störf í umhverfishópum, störf í leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi, og störf á sumarnámskeiðum íþrótta- og tómstundafélaga.*

VINNUSKÓLINN

YFIRFLOKKSTJÓRAR
Stefnumótun, skipulagning og stýring á Vinnuskóla í samvinnu við forstöðumann.

FLOKKSTJÓRAR
Skipulagning og stýring á vinnuhópum unglinga á aldrinum 13-16 ára við ýmis garðyrkjustörf.

SKRÁNING UNGLINGA Í VINNUSKÓLANN
Skráning unglinga sem fæddir eru árin 2007, 2008 og 2009 er hafin.

FJÖLBREYTT SUMARSTÖRF FYRIR 18 ÁRA OG ELDRI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2005 eða fyrr. Hægt er að sækja um eftirfarandi störf: *Ýmis störf í umhverfishópum, störf í leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi, störf á bæjarskrifstofum, störf á bókasafni, störf á Hönnunarsafni, skapandi sumarstörf og störf á sumarnámskeiðum íþrótta- og tómstundafélaga.*

Verkefnastjóri skapandi sumarstarfa
Viðkomandi skal vera með menntun í skapandi greinum og reynslu af listsköpun og miðlun.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

Aðstoðarmaður verkefnastjóra skapandi sumarstarfa
Starfið felst í skipulagningu og stýringu á vinnu ungmenna í skapandi sumarstarfi í samvinnu við verkefnastjóra. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr.

Yfirflokkstjóri
Starfið felur í sér stefnumótun, skipulagningu, ábyrgð og stýringu á vinnuhópum í samvinnu við garðyrkjustjóra. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

Aðstoðarmaður yfirflokkstjóra
Starfið felur í sér tímaskráningu, afstemmingu reikninga, undirbúningsvinnu fyrir verkefni og almennt flokkstjórastarf. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2002 eða fyrr.

Flokkstjórar umhverfishópa
Störfin felast í að stýra hópum ungmenna við almenn garðyrkjustörf.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2002 eða fyrr.

Flokkstjórar í leikskólum
Störfin felast í skipulagningu og stýringu í samvinnu við leikskólastjóra á vinnu ungmenna á aldrinum 17 – 20 ára sem eru við sumarstöf í leikskólum. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr.

ATVINNUTENGD FRÍSTUNDAÚRRÆÐI FYRIR UNGMENNI MEÐ FÖTLUN 17 ÁRA OG ELDRI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006 eða fyrr.
Markmiðið með frístundastarfinu er að efla sjálfstæði einstaklinga og styrkja félagsleg tengsl þeirra.

Nánari upplýsingar og lýsingar á störfunum má finna á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is

Umsóknafrestur er til og með 6. mars 2022.
Umsækjendur skulu sækja um ofangreind störf rafrænt á ráðningarvef Garðabæjar https://starf.gardabaer.is

GARÐABÆR
gardabaer.is

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Deildarstjóri fjármála og rekstrar

Matís leitar að fjölhæfum stjórnanda á sviði fjármála og reksturs. Starfið felur í sér mikil samskipti, samningagerð og greiningarvinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjárhagsuppgjör Matís og uppgjör einstakra verkefna
- Ábyrgð á verkefnabókhaldi
- Fjárhagsáætlanir í samvinnu við fjármálastjóra og sviðsstjóra
- Fjárhagsleg greiningarvinna
- Þróun á nýtingu gagna og mótun stjórnendaupplýsinga
- Umsjón með rekstri fasteigna, mötuneyti, tækjabúnaðar, tölvukerfi og hugbúnaði
- Yfirumsjón með innleiðingu og þróun á UT verkefnum
- Samningagerð og samskipti við fjölmarga aðila
- Þróun á ferlum og aðferðum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála og rekstrar
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Góð greiningarhæfni
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af reikningshaldi og uppgjörum
- Góð þekking á fjármálahugbúnaði
- Reynsla af rekstri upplýsingatæknikerfa er æskileg

matís

Matís er leiðandi á sviði matvælarannsókna og líftækni. Hjá Matís starfar um 100 manna öflugur hópur starfsfólks sem brennur fyrir því að finna nýjar leiðir til að hámarka nýtingu hráefnis, auka sjálfbærni og efla lýðheilsu. Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs og tryggja matvælaöryggi, lýðheilsu og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu. Matís leggur áherslu á hagnýtar rannsóknir sem auka verðmæti íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að öryggi og heilnæmi afurða og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar nk.**

Upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Störf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Stefna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. er að þróa faglega og samþætta skóla- og velferðarþjónustu með farsæld barna og fjölskyldna að leiðarljósi. Starfssvæðið er víðfeðmt og munu stjórn og starfsmenn þróa stafræna þjónustu og lausnir eftir því sem við á. Starfsmenn geta valið starfsstöð á starfssvæðinu í samræmi við verkefni hverju sinni og fjarvinnustefnu en megin starfsstöð þjónustunnar er í Laugarási. Sveitarfélögin sem standa að Skóla- og velferðarþjónustunni eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur og hafa þau flest hlotið viðurkenningu BSRB sem framúrskarandi vinnustaðir.
Á starfssvæðinu eru um 650 börn á leik- og grunnskólaaldri sem sækja nám í 10 leik- og grunnskólum og eru tveir þeirra samreknir.

Deildarstjóri skólaþjónustu

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir góðri þekkingu og reynslu af skólamálum og stjórnsýslu og hefur hæfni til að móta starfsemina og leiða öflugan hóp starfsmanna í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla á svæðinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiða skólaþjónustu og vinna að innleiðingu farsældarþjónustu
- Móta samþætta stefnu í þjónustu við skóla og fjölskyldur
- Efla skólana sem faglegar stofnanir
- Tryggja nýtingu kennslufræði- sálfræði- og þroskafræðilegrar þekkingar
- Veita stuðning við þróun, umbætur og nýbreytni og efla samstarf og samvinnu á milli skólastiga
- Samskipti við aðrar greiningastofnanir og samræming þjónustu við nemendur með sérþarfir
- Umsjón með frágangi ýmissa stjórnsýsluerinda
- Veita ráðgjöf til leik- og grunnskóla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem innan kennslu, náms- og starfsráðgjafar eða sálfræði
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Þekking og reynsla af leik- og grunnskólastarfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum og góð þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Lipurð í samstarfi og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tæknikunnátta er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Talmeinafræðingur

Leitað er að metnaðarfullum og lausnamiðuðum einstaklingi í 60% starfshlutfall. Starfið er tímabundið vegna fæðingarorlofs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skima fyrir og greina málþroskavanda barna með áherslu á áætlanagerð og eftirfylgd
- Veita íhlutun með áherslu á snemmtæka íhlutun
- Teymisvinna með starfsfólki leik- og grunnskóla
- Þátttaka í fræðslu um málþroska, málþroskaröskun og áhrif hennar á möguleika til menntunar
- Leiðbeina og fræða foreldra um málþroska og leiðir til að efla hann
- Stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi málþroska og læsi barna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í talmeinafræði og leyfi til að starfa sem talmeinafræðingur
- Þekking og reynsla af skólastarfi er æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Hæfni til að sinna fræðslu og ráðgjöf til nemenda, starfsmanna og foreldra
- Faglegur metnaður
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Sálfræðingur

Leitað er að metnaðarfullum og lausnamiðuðum einstaklingi sem býr yfir góðri þekkingu á skóla- og/eða velferðarþjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mat á þroska, hegðun og líðan nemenda
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum og unglingum, ráðgjöf og eftirfylgni mála
- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla
- Ráðgjöf og stuðningur við barnaverndarþjónustu
- Samskipti við aðrar stofnanir sem sinna börnum og fjölskyldum og samræma þjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Þekking og reynsla af sálfræðilegum greiningum á börnum
- Þekking og reynsla af leik- og grunnskólastarfi, þekking af velferðarþjónustu og barnavernd er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Lipurð í samstarfi og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **19. febrúar nk.**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá, prófskírteini og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda til starfsins.

Nánari upplýsingar um störfin veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**, og Þórdís Sif Arnardóttir, **thordis@hagvangur.is**.

Sótt er um störfin á hagvangur.is

BYGGINGARFULLTRÚI Á SNÆFELLSNESI

Sameiginlegt umhverfis- og skipulagssvið Stykkishólms og Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps leitar að kraftmiklum byggingarfulltrúa til að halda utan um byggingarmál og verklegar framkvæmdir.

Byggingarfulltrúi starfar náið með skipulagsfulltrúa, sem jafnframt er sviðsstjóri og næsti yfirmaður. Starfsaðstaða er í Ráðhúsunum í Stykkishólmi og Grundarfirði en auk þess kallar starfið á ferðir í Eyja- og Miklaholtshrepp.

Ítarlegri upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna og **alfred.is**

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Kristín Þorleifsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs í netfangið kristin.thor@stykkisholmur.is og/eða síma 433 8100.

- **Umsóknarfrestur til og með 7. febrúar 2023.**
- **Reiknað er með að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða skv. samkomulagi.**
- **Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í ráðningakerfi ALFRED.IS**

Starfsmaður óskast

Íþróttafélagið Grótta óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþróttamannvirki Gróttu

Grótta er staðsett á Seltjarnarnesi og innan vébanda þess eru þrjár deildir; fimleikadeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild. Íþróttamannvirki Gróttu samanstanda af tveimur íþróttasölum, gervigrasvelli, fimleikasal auk búnings- og fundarherbergja, skrifstofuaðstöðu, styrktaraðstöðu og veislusals.

Meginmarkmið Íþróttafélagsins Gróttu er að þjónusta alla félagsmenn á sem bestan hátt. Áhersla er lögð á árangursríkt samstarf við þá fjölmörgu sem nýta sér þjónustu Gróttu dag hvern.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Starfsmaður aðstoðar nemendur grunn- og leikskóla og iðkendur Íþróttafélagsins Gróttu í leik og starfi.
- Dagleg þrif á íþróttamannvirkinu, t.d. íþróttasölum, göngum, anddyri, veislusal og búningsklefum.

Hæfniskröfur
- Áhugi á að vinna með börnum
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp

Vinnutími er breytilegur eða eftir samkomulagi, óskað er er eftir starfsólki í fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Garðarsson í síma 561-1133 og tölvupósti kari@grotta.is. Nánari upplýsingar um Íþróttafélagið Gróttu er að finna á www.grotta.is.

Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2023. Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal senda á netfangið kari@grotta.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi **1. apríl nk.**

SUMARÆVINTÝRI Á AUSTURLANDI

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð. Um er að ræða framleiðslustörf á þrískiptum átta tíma vöktum sem bjóða upp á góðan frítíma. Launin eru góð, starfsfólk hefur aðgang að mötuneyti og boðið er upp á akstur til og frá vinnu.

Sumarstarfsfólk þarf að geta unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð og möguleiki er á áframhaldandi starfi. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa gild ökuréttindi og hreint sakavottorð.

Almennar hæfniskröfur
- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í teymi

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um. Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í síma 470 7700 eða á **starf@alcoa.com**. Áhugasöm eru hvött til að sækja um sem fyrst en hægt er að sækja um störfin á alcoa.is. Umsóknir eru trúnaðarmál og verður þeim öllum svarað. **Umsóknarfrestur er til og með laugardeginum 18. mars.**

FSRE

DEILDARSTJÓRI VERKHÖNNUNAR OG FRAMKVÆMDA

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE) óskar eftir að ráða framsýnan og drífandi stjórnanda til að leiða nýja deild verkhönnunar og framkvæmda, innan Framkvæmdasviðs FSRE. Framkvæmdasvið byggir á teymisskipulagi þar sem þverfagleg teymi sérfræðinga og verkefnastjóra leiða fjölbreytt framkvæmdaverkefni um allt land. Deildarstjóri gegnir stoðhlutverki við rekstur verkefna á stigi verkhönnunar og framkvæmda og tekur þátt í umbótastarfi og framþróun framkvæmdasviðs. Árið 2023 verður okkar umfangsmesta ár framkvæmdaútboða hingað til og því spennandi tímar framundan.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegum rekstri verkefnasafna á stigi verkhönnunar og framkvæmda
- Áætlanagerð vegna mönnunar verkefna og samhæfingar
- Þátttaka í framþróun aðferðafræði og viðmiða verkefnastjórnunar innan FSRE
- Leiðbeining og stuðningur vegna verkefnastjórnunar á stigi verkhönnunar og framkvæmda
- Eftirlit með framvindu verkefna og þróun lykilstærða
- Framþróun og framfylgni gæðakerfis
- Greining og eftirfylgni úrbótatækifæra og frávikaskráninga
- Upplýsingagjöf og samskipti við verkkaupa og ytri aðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun í mannvirkjagerð
- Farsæl reynsla af stjórnun
- Farsæl reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Menntun og/eða vottun í verkefnastjórnun er kostur
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á BIM hönnun og umhverfisvottunum er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Metnaður, skipulagsfærni og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 27. FEBRÚAR

Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225

intellecta

Ljósmynd: Vigfús Birgisson
Móberg: Urban arkitektar - LOOP Architects

AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Við hjá FSRE mótum og rekum aðstöðu sem nýtist öllum íbúum landsins með einum eða öðrum hætti. Við önnumst fasteignir og jarðir ríkisins, öflum húsnæðis og stýrum framkvæmdum við breytingar, endurbætur og nýbyggingar.

FSRE heldur utan um stærsta fasteignasafn landsins sem samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða. Við vinnum jafnframt að fjölbreyttum fasteignaþróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, dómskerfi, löggæslu, náttúru og friðlýst svæði.

Hjá FSRE starfa rúmlega 70 sérfræðingar með breiða þekkingu á sviði fasteignaþróunar, framkvæmda og rekstrar. Við erum spennandi vinnustaður á fleygiferð inn í framtíðina, bjóðum upp á verkefnamiðað vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma. Við leggjum áherslu á að styðja starfsfólk okkar í þekkingaröflun, m.a. í gegnum alþjóðlegt tengslanet. Við bjóðum upp á markvissa stjórnendaþjálfun, brennum fyrir jafnrétti, frábærri vinnustaðamenningu og fjölskylduvænum vinnustað.

FSRE.IS

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Sviðsstjóri fagsviðs

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að öflugum og framsýnum hjúkrunarfræðingi sem brennur fyrir málefnum hjúkrunar, til að leiða starf fagsviðs félagsins. Tilgangur fagsviðs er að efla fagmennsku og styðja við þekkingarþróun í hjúkrun, með fræðslu og símenntun, ráðstefnuhaldi, erlendu samstarfi, ráðgjöf og rannsóknum á sviði hjúkrunar- og heilbrigðismála. Sviðsstjóri fagsviðs vinnur í nánu samstarfi við formann og annað starfsfólk.

Félagið er fag- og stéttarfélag stærstu heilbrigðisstéttar á Íslandi með um 5.000 félagsmenn. Á skrifstofu félagsins starfa 10 manns á fagsviði, kjara- og réttindasviði og við aðra þjónustu við félagsmenn. Við bjóðum upp á fjölbreyttan og líflegan vinnustað í stöðugri framþróun.

Helstu verkefni

- Þátttaka í stefnumótun félagsins varðandi hjúkrunar- og heilbrigðismál
- Gerð ályktana og umsagna
- Skipulagning faglegra ráðstefna, viðburða og námskeiða
- Vinna að eflingu símenntunar, sérþekkingar og nýsköpunar
- Þátttaka í starfi nefnda á vegum félagsins sem fjalla um fagleg málefni
- Þátttaka í erlendu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðimenntun áskilin, ásamt meistaraprófi
- Víðtæk reynsla og þekking af málefnum hjúkrunar skilyrði
- Leiðtoga-, samstarfs- og samskiptafærni
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Reynsla af textaskrifum og miðlun upplýsinga
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2023. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn er skilað með tölvupósti á netfangið umsokn@hjukrun.is

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í síma 540-6400 eða gudbjorg@hjukrun.is
Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á vefnum **www.hjukrun.is**

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Skrifstofustjóri samgangna
í innviðaráðuneytinu

Innviðaráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda sem hefur brennandi áhuga, þekkingu eða reynslu af samgöngumálum til að leiða skrifstofu samgangna.

Hlutverk skrifstofunnar er að vinna að stefnumörkun um að tryggja markmið um greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur á landi, sjó og lofti og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Skrifstofustjóri leiðir starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Við viljum ráða til starfa einstakling sem hefur áhuga á samfélaginu, samgöngum og nýsköpun og hefur farsæla reynslu af því að skapa liðsheild og virkja fólk til árangurs.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Háskólagráðu sem nýtist í starfi
- Farsælli stjórnunarreynslu og færni í að skapa liðsheild á vinnustað
- Frumkvæði, metnaði og jákvæðu og lausnamiðuðu hugarfari
- Samskiptafærni og færni til að leiða fólk til árangurs.
- Árangursríkri reynslu af stefnumótun og áætlunargerð
- Þekkingu eða reynslu af málefnasviði skrifstofunnar
- Áhuga á nýsköpun og framþróun
- Góðri færni í íslensku og ensku í ræðu og riti, haldbær reynsla í Norðurlandamáli er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á EES samningnum og framkvæmd hans kostur

Innviðaráðherra skipar í embættið til fimm ára. Hæfnisnefnd skipuð af ráðherra metur hæfni umsækjenda samkvæmt reglum nr. 393/2012. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsókn skal skila rafrænt á **starfatorg.is** eigi síðar en **17. febrúar 2023**.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi með upplýsingum um ástæðu umsóknar og þann árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist embættinu. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um starfið veitir **Ingilín Kristmannsdóttir**, skrifstofustjóri **ingilin.kristmannsdottir@irn.is** eða **545-8200**.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Forfallakennari
- Leiðbeinandi á leikskóladeild
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili
- Leikskólakennari

Sjálandsskóli
- Íslenskukennari

Urriðaholtsskóli
- Atferlisþjálfi
- Þroskaþjálfi

Leikskólinn Akrar
- Leiðbeinandi

Fjölskyldusvið
- Stuðningur við ungan mann

Samveitur Garðabæjar
- Pípulagningarmaður eða véltæknimenntaður aðili

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

GARÐABÆR
gardabaer.is

Sölustjóri vinnuvéladeildar

Véltindar stækka nú vöruúrval sitt og óska því eftir metnaðarfullum sölustjóra til þess að leiða og þróa nýja vinnuvéladeild.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Sala og kynning á vinnuvélum
- Gerð söluáætlana og eftirfylgni
- Útreikningur, framsetning og frágangur
- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Heimsóknir til viðskiptavina um land allt
- Innkaup
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Víðtæk þekking á vinnuvélum
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og drifkraftur
- Reynsla af tilboðs/áætlanagerð
- Góð færni í íslensku og ensku

Umsóknir sendist á veltindar@veltindar.is - Nánari upplýsingar í síma 552-6270

-Fyrirliggjandi eru spennandi tímar í góðu starfsumhverfi og samstarf við öfluga birgja-

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Laust starf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Við leitum að sérfræðingi á svið mannvirkja og sjálfbærni

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, starfræna þróun og árangursríkt vinnuumhverfi?

Um svið mannvirkja og sjálfbærni

Svið mannvirkja og sjálfbærni er nýtt, öflugt svið hjá HMS sem leggur áherslu á að auka gæði og sjálfbærni innan mannvirkjageirans með rekjanleika og fræðslu. Við vinnum í spennandi starfsumhverfi til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið okkar. Viltu ekki slást í hópinn?

Nánari upplýsingar veitir Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, *thora.thorgeirsdottir@hms.is.*

Sótt er um starfið á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til 16. febrúar 2023

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ýmis verkefni tengd fasteigna- og mannvirkjaskrá.
- Þátttaka í þróun mannvirkjagerðar til framtíðar.
- Samskipti við starfsfólk sveitarfélaga, hönnuði, fasteignaeigendur og aðra hagaðila.
- Samskipti við aðila á framkvæmdasvæði nýbygginga í þeim tilgangi að afla upplýsinga um fjölda íbúða í byggingu hverju sinni og framvindu þeirra.
- Önnur verkefni í samráði við teymisstjóra.

Þekking og hæfni:
- Háskólamenntun í byggingafræði, tæknifræði eða háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af byggingarframkvæmdum, mannvirkjahönnun og/eða umsýslu fasteigna er kostur.
- Hafa setið og staðist viðurkennt námskeið í gerð eignaskiptayfirlýsinga er kostur.
- Lipurð í samskiptum og samstarfi.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvuþekking.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Um mannvirkjaskrá HMS

Í mannvirkjaskrá er meðal annars að finna upplýsingar um stærðir og eiginleika bygginga, hönnuði þeirra og byggingaraðila ásamt framvindu á framkvæmdartíma. Til staðar er fjöldi spennandi þróunartækifæra til að efla mannvirkjaskrá og rekjanleika mannvirkjagerðar til framtíðar, til dæmis varðandi móttöku rafrænna hönnunargagna og vistun mikilvægra upplýsinga á borð við orkunýtingu, vottanir, tjón, viðhald og fleira sem gerist á líftíma mannvirkja.

Borgartúni 21, 105 Reykjavík - Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki - Hafnarstræti 107, 600 Akureyri

hms.is

Móttökuritari

Umboðsmaður skuldara auglýsir lausa til umsóknar stöðu móttökuritara hjá embættinu.

Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf í lifandi umhverfi þar sem reynir á góða samskiptahæfni, ríka þjónustulund og fagmennsku.
Starfshlutfall eftir samkomulagi.
Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Símsvörun, móttaka og úrvinnsla fyrirspurna
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur og röðun skjala í skjalasafn
- Ýmis önnur verkefni sem til falla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun
- Starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking og reynsla af skjalavistun er kostur
- Almenn og góð tölvukunnátta er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni
- Geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eygló Kristjánsdóttir, fjármálastjóri,
eyglo.kristjansdottir@ums.is.

Umsókn skal skilað á Starfatorg.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags
Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreind er ástæða umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.
Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðum um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Fólk óháð kyni, þjóðernisuppruna og fötlun er hvatt til að sækja um.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Í dag starfa 14 starfsmenn hjá stofnuninni, sem heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðherra. Meginmarkmið stofnunarinnar er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara starfar eftir lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010.

Umboðsmaður skuldara

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Sölumaður

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum starfsmanni til að vinna með okkur. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf í nýrri verslun að Smiðjuvegi 1.

Helstu verkefni:
- Almenn afgreiðsla, sölumennska, tilboðsgerð, ráðgjöf o.fl.
- Viðkomandi þarf að geta tímabundið séð um daglegan rekstur.

Hæfniskröfur:
- Almenn tölvukunnátta.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Frumkvæði og jákvæðni.
- Snyrtimennska og góð framkoma.
- Reynsla af sölumennsku er kostur en ekki skilyrði.

Góð laun í boði fyrir rétta manneskju.
Hentar bæði yngri og eldri umsækjendum.

Sauna er alhliða sölu- og þjónustufyrirtæki fyrir þurrgufu-, blautgufu- og infraklefa, spa-rými, heita og kalda potta og fleira. Einnig selur fyrirtækið margs konar auka- og fylgihluti.

Upplýsingar veitir Páll S. Kristjánsson 860 4460 og pall@sauna.is
Umsóknarfrestur er til **14. febrúar nk.** og skal senda umsóknir á pall@sauna.is Nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.sauna.is

SAUNA
Fjárfesting í vellíðan
Smiðjuvegi 1, 200 Kópavogur, sauna.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Ertu framsýnn hugmyndasmiður?
Orkídea leitar að verkefnastjóra

Við leitum að öflugum einstaklingi, sem er til í gott hugarflug og með auga fyrir nýjum hugmyndum og lausnum, í starf verkefnastjóra í uppbyggingu Grænna iðngarða á Suðurlandi, í anda hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og nýsköpunar.

Grænn iðngarður er samstarfsnet fyrirtækja á ákveðnu atvinnusvæði þar sem skipst er á orku og hráefnum þar sem úrgangur og straumar eins fyrirtækis getur nýst sem auðlind annars. Innviðir græns iðngarð eru skipulagðir með samvinnu í huga er varðar þjónustu og viðskipti fyrirtækjanna innan garðsins. Uppbygging græns iðngarðs styður við sjálfbærni með innleiðingu félagslegra, efnahagslegra og umhverfisvænna sjónarmiða í skipulagi, stýringu og framkvæmd.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Þátttaka í teymisvinnu um hönnun og mótun Grænna iðngarða á Suðurlandi
- Öflun og mótun nýrra viðskiptatækifæra fyrir Græna iðngarða með hringrásarhugsun að leiðarljósi
- Greining á nauðsynlegum innviðum og kostnaði
- Samskipti og samvinna við nýja og núverandi rekstraraðila sem og sveitarstjórnir og byggðaþróunarfulltrúa viðkomandi svæða
- Önnur verkefni sem tengjast innleiðingu hringrásarhagkerfis á Suðurlandi

Hæfniskröfur:
- Nám sem nýtist í starfi
- Farsæl og haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á nýsköpun, orku og umhverfismálum
- Frumkvæði og drifkraftur í einstaklings- og teymisvinnu
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Færni í að koma frá sér efni í ræðu og riti
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Tækniþekking sem nýtist í starfi er kostur
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk.
Starfsstöð er á Suðurlandi. Öll kyn eru hvött til að sækja um. Umsókn, sem sendist á **orkidea@orkidea.is,** skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi um hæfni umsækjanda til að gegna starfinu.

www.orkidea.is

Orkídea

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Leiðtogi hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi

Reykhólahreppur auglýsir eftir verkefnastjóra hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi.
Leitað er að leiðtoga með brennandi áhuga á mótun og uppbyggingu sjálfbærs hringrásar-samfélags sem hefur getu til að halda utan um mismunandi verkþætti og hafa yfirsýn sem hjálpar við ákvarðanatöku og miðla réttum og skýrum skilaboðum til hagsmunaaðila.
Um er að ræða tveggja ára verkefni.

Helstu verkefni:
- Vinna með sveitarstjórn og hagaðilum að mótun hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi
- Gerð og mótun auðlindafélags Reykhóla
- Þátttaka í greiningarvinnu
- Fjárfestakynningar
- Samskipti við hagaðila
- Upplýsingamiðlun, kynningar og fræðsla fyrir íbúa um hringrásarsamfélag
- Umsóknir í sjóði

Menntun og hæfni:
- Mikil samskiptahæfni skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á upplýsingamiðlun nauðsynleg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu kostur
- Hæfni til að móta nýjar leiðir og leita að stöðugum umbótum kostur

Um Reykhólahrepp:
Í sveitarfélaginu Reykhólahreppi búa rúmlega 240 manns, þar af um 120 manns á Reykhólum sem er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu. Á Reykhólum er að finna mesta jarðhita Vestfjarða-kjálkans og framtíðarsýn Reykhólahrepps er að nýting jarðhita á Reykhólum verði samfélag-inu til framdráttar, efli starfsemi starfandi fyrirtækja á Reykhólum og laði að ný fyrirtæki.

Með uppbyggingu hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi er leitast við að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið í skipulagningu, stýringu og framkvæmd með það fyrir augum að auka aðdráttarafl svæðisins til fjárfestinga og nýsköpunar.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2023. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við stéttarfélög háskólafólks.
Áhugasamir sendi kynningarbréf, meðmælabréf og ferilskrá á netfangið johanna@reykholar.is Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Ösp Einarsdóttir í síma 698-2559 eða á meðfylgjandi netfangi.

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Laust starf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Sérfræðingur í byggingafræðilegum þáttum á lánasviði

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, stafræna þróun og árangursríkt vinnuumhverfi?

Um lánasvið HMS

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) leitar að öflugum sérfræðingi á lánasvið. Sviðið ber m.a. ábyrgð á lánum til lögaðila, úthlutun stofnframlaga samkvæmt lögum um almennar íbúðir og samstarfi við byggingaraðila vegna íbúða sem uppfylla skilyrði vegna hlutdeildarlána.

Nánari upplýsingar veitir:
Elmar Erlendsson, framkvæmdastjóri á lánasviði
elmar.erlendsson@hms.is – 440 6400

Sótt er um starfið í gegnum www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2023

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mat sem snýr að byggingafræðilegum þáttum vegna úrvinnslu erinda tengd umsóknum um stofnframlög skv. lögum nr. 52/2016, lánsumsóknum lögaðila skv. reglugerð nr. 805/2020 og hlutdeildarlánum skv. reglugerð nr. 1084/2020.
- Þátttaka í verkefnum á lánasviði, þar með talið mat á umsóknum um stofnframlög og lánsumsóknum til byggingar eða kaupa íbúða meðal annars m.t.t. mats á byggingarkostnaði, hagkvæmni þeirra, framkvæmdaáætlunum, fjárþörf verkefna sem og umhverfisvænum þáttum. Auk þess úttektir á endurbættum íbúðum.
- Samskipti við umsækjendur, byggingaraðila og aðra hagaðila.
- Aðkoma að eftirliti með uppbyggingarverkefnum lögaðila og stofnframlagshafa.

Þekking og hæfni:

- Menntun á byggingarsviði, s.s. byggingarfræði, byggingatæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og/eða mannvirkjahönnun ásamt þekkingu á kostnaðaráætlununum er kostur.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þekking og hæfni til að nýta upplýsingakerfi sem starfinu tengjast.
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Gott vald á íslensku og ensku bæði í riti og máli.

Borgartúni 21, 105 Reykjavík - Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki - Hafnarstræti 107, 600 Akureyri

hms.is

Kvika leitar að öflugu starfsfólki

Kvika er öflugur fjártæknibanki sem stuðlar að umbreytingu og samkeppni á fjármálamarkaði með áherslu á upplifun viðskiptavina, nýsköpun og stafrænt vöruframboð. Vörumerki samstæðunnar eru meðal annars TM, Kvika eignastýring, Lykill, Auður, Netgíró og Aur.

Starfsumhverfið einkennist af samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og jákvæðni.

Forstöðumaður upplýsingatæknireksturs

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á kerfisrekstri og notendaþjónustu samstæðunnar
- Samningar og samskipti við birgja
- Kostnaðarhagræði
- Verkefnastýring fyrir innviði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Rut Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og þróunarsviðs, anna.agustsdottir@kvika.is

Sérfræðingur í viðskiptagreind

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun og rekstur á lykilmælikvörðum samstæðu
- Þróun á viðskiptagreindarumhverfi og undirliggjandi gagnaferlum
- Þróun á stjórnendaskýrslum
- Aðkoma að þróun á vöruhúsi gagna og gagnalagi viðskiptagreindar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eðvald Ingi Gíslason, forstöðumaður hagdeildar, edvald.gislason@kvika.is

Verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og stýring verkefna í fyrirtækjaráðgjöf skv. viðmiðum bankans, lögum og reglum
- Ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og aðra hagaðila, verkefnastýringu, greiningum, virðismötum, kynningum, framsetningu gagna og eftirfylgni verkefna
- Öflun nýrra verkefna og viðskiptasambanda

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Davíðsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar, erlendur.davidsson@kvika.is

Sérfræðingur í eigin viðskiptum

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með verðbréfasafni Kviku banka í skráðum verðbréfum
- Viðskipti með verðbréf fyrir hönd bankans á Nasdaq Iceland
- Greining á fjárfestingartækifærum
- Umsjón með viðskiptavakt á hlutabréfum og skuldabréfum fyrir hönd útgefenda
- Samskipti við verðbréfamiðlara og aðra þátttakendur á markaði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Karl Högnason, forstöðumaður fjárstýringar, halldor.hognason@kvika.is

Sótt er um störfin á kvika.umsokn.is — Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar

KVIKA

Aðstoðarverkstjóri

Vélrás auglýsir eftir öflugum aðstoðarverkstjóra til þess að bætast við frábæran starfsmannahóp fyrirtækisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoða verkstæðisformann
- Skipulagning viðgerða
- Eftirfylgni með verkum
- Almennar viðgerðir
- Utanumhald og skráningar
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Frumkvæði og drifkraftur
- Góð þjónustulund og hæfni í samskiptum
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi
- Fagleg þekking á viðhaldi atvinnubifreiða
- Góð almenn tölvukunnátta
- Öryggisvitund
- Áhugi á að þróa spennandi vinnustað

Hjá Vélrás starfa um 100 starfsmenn við hin ólíku störf á tveimur starfsstöðvum, annarsvegar að Álhellu 4 í Hafnarfirði og hinsvegar í Klettagörðum 12 í Reykjavík.

Vélrás rekur eitt stærsta atvinnubifreiða og vélaverkstæði landsins

VélRás

Umsóknir sendist á velras@velras.is - Nánari upplýsingar í síma 552-6270

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Sérfræðingur
í greiningardeild ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum sérfræðingi til starfa í teymi greiningardeildar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur góða þekkingu á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum, reynslu af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna og hefur brennandi áhuga á að starfa í síkviku umhverfi. Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023.**

Hlutverk greiningardeildar er að samhæfa og samræma öflun og greiningu upplýsinga og stuðla að nýtingu þeirra við ákvörðunartöku innan löggæslustofnanna. Greiningardeild fer með stjórn rannsókna mála er lúta að landráðum og brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Greiningardeild framkvæmir áhættumat vegna skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka, þá tekur deildin jafnframt þátt í margvíslegu innlendu og erlendu samstarfi varðandi öryggismálefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Gerð áhættumats fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og önnur tilfallandi verkefni á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.
- Rannsóknir mála er kunna að varða við X. og XI. kafla almennra hegningarlaga.
- Aðgerðir til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og annarra skyldrar háttsemi.
- Önnur tilfallandi verkefni greiningardeildar.

Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt viðmót, hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi.
- Frumkvæði, lausnamiðuð nálgun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Aðlögunarhæfni, seigla og geta til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfni og ögguð vinnubrögð.

Hæfnikröfur

Menntun, þekking og reynsla

- Meistarapróf í fjármálaverkfræði, hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði eða frá öðrum stjórnvöldum sem og góð þekking á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
- Tölfræðiþekking, reynsla af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna.
- Reynsla af gerð áhættumats af einhverju tagi, og/eða menntun, þjálfun eða annars konar þekking á því sviði.
- Þekking og skilningur á margvíslegum eiginleikum mismunandi kerfa og ferla.
- Gott vald á íslensku, framúrskarandi enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Frekari upplýsingar um starfið

Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans.

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Styrkir VIRK 2023

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem auka fjölbreytni og framboð úrræða í starfsendurhæfingu og styrki til rannsókna sem stuðla að uppbyggingu og auka við almenna þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi.

Veittir eru styrkir til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna einu sinni á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum 15. febrúar n.k. inn á netfangið styrkir@virk.is.

Aðeins eru teknar til greina umsóknir sem uppfylla allar reglur um styrki VIRK.
Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir og umsóknareyðublöð má finna á **www.virk.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2023.

Open for grant applications

VIRK Vocational Rehabilitation Fund has started accepting grant applications for projects that will increase the diversity and availability of interventions in vocational rehabilitation and grants for research projects that promote development and greater general knowledge about vocational rehabilitation in Iceland.

Grants are offered once a year for activity projects, research projects and development projects and grant applications must be received by VIRK by 15th of February via the e-mail address styrkir@virk.is

Only applications that meet all regulations set forth by VIRK will be accepted. Further information regarding the application and about policies and rules as well as the application form can be found on VIRK´s web page **www.virk.is.**

The application deadline is end of day February 15th, 2023.

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**

Styrkir til samgönguleiða

Samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimilt í samgönguáætlun að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni. Sótt er um á „minarsidur.vegagerdin.is“ og skrá umsækjendur sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.
Umsóknum skal skilað eigi síðar en 17. mars 2023.

Nánari upplýsingar má finna á vef Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is/thjonusta

Framlög úr **Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2023**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2023. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins https://hrn.is og umsóknareyðublöðin á https://minarsidur.stjr.is.

Mikilvægt er að vanda til umsókna og skila nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjölum innan tilskilins frests. Ekki verður tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur er liðinn nema stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra óski sérstaklega eftir því.

Umsóknum ber að skila í síðasta lagi fyrir **kl. 16:00 mánudaginn 6. mars 2023.**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

Fasteignaleitin

SKANNAÐU KÓÐANN

Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga

frettabladid.is

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali



ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐI

Fremristekkur 13, 109 Reykjavík

Stærð: 242 m² **Bókið skoðun hjá Hafdísi í síma 820 2222**

Glæsilegt einbýlishús miðsvæðis í höfuðborginni. Einstakt útsýni er yfir Elliðaárdal, borgina, Esjuna og allt út á Snæfellsnes.

Húsið var byggt 1971 en hefur verið endurhannað og endurbætt frá A-Ö. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, Rut Káradóttir innanhússarktitekt hannaði allt innandyra, Logi Einarsson arkitekt teiknaði viðbygginu og Þráinn Haukson landslagsarkitekt hannaði lóðina. Lýsing innandyra og utan var unnin af Lumex og Smíðaþjónustan sá um smíði á innréttingum.

Húsið er skráð skv f.mr. 242 fm. og þar af er bílskúr 26,9 fm. Í húsinu eru m.a. tveir arnar, annar hefðbundinn í stofu en gas arinn í spa rými. Í spa rými og vinnustofu eru flísar úr indónesísku basalti. Vatnsgufa og heitur pottur í spa rými eru ennfremur lögð með sama basalt steini. Einstaklega góð staðsetning miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem örstutt er út á stofnbrautir og til allra átta.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir löggiltur fasteignasali
GSM 820 2222 - hafdis@fstorg.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Pågen
Bakað af alúð
Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna
Färsk Skärgårdskaka
18 st
Pågen
Hönö
Färsk Skärgårdskaka
SVENSKT MJÖL FRÅN EGEN KVARN
18 st
Pågen
Hönö

Brauð á franskan máta

elin@frettabladid.is

Frakkar eru brauðþjóð. Þeir borða brauðið á margvíslegan hátt. Til dæmis hið dæmigerða French toast – eða bakað franskbrauð. Þetta er einfaldur réttur sem gott er að hafa á köldum helgarmorgnum.

Eggjabrauð er vinsæll morgunverður í Frakklandi.

Eggjabrauð er uppáhalds

6 sneiðar franskbrauð
2 egg
2 msk. sykur
2 dl mjólk
0,5 tsk. kardimommur, þurrkrydd
1 tsk. kanill
1 msk. smjör til steikingar

Þeytið eggin létt saman með sykri, mjólk og kryddi. Leggið brauðsneiðarnar í vökvann á báðum hliðum. Þær eiga að vera gegnblautar.

Steikið í smjöri á pönnu við miðlungshita á báðum hliðum þar til brauðið hefur tekið fallegan lit.

Stráið flórsykri yfir og berið fram með góðri sultu. Einnig er gott að hafa bláber eða jarðarber með. ■

Leyndardómar Slippsins afhjúpaðir á Héðni Kitchen & Bar

sjofn@frettabladid.is

Hinn framúrskarandi og ástsæli matreiðslumeistari Gísli Matt og landsliðskokkar Héðins taka höndum saman og sameina visku og ástríðu sína fyrir matargerð helgina 10.–11. febrúar á Héðni Kitchen & Bar.

Matseðillinn verður í anda Slippsins, þar sem innblástur er sóttur til íslenskrar náttúru og hafsins. Gísli er eigandi veitingastaðarins Slippsins í Vestmannaeyjum, og hafa bæði Gísli og staðurinn notið mikilla vinsælda og vakið mikla athygli innanlands og erlendis.

„Við erum mjög spenntir fyrir þessu samstarfi. Gísli hefur verið að gera frábæra hluti og hlotið verðskuldaða athygli fyrir þá. Eldhúsið er hans þessa helgina og ég held mér sé óhætt að segja að gestir Héðins eigi alveg frábæra upplifun í vændum, “ segir Sindri Guðbrandur Sigurðsson, yfirkokkur Héðins.

Endurspeglar hafið og náttúruna

„Ég hlakka mikið til að koma og elda fyrir gesti Héðins þessa helgi. Matreiðsla er mín ástríða og matseðillinn mun endurspegla allt það besta sem hafið og náttúran gefa okkur og hversu gott hráefni við höfum í höndunum til að skapa einfalda en fágaða rétti. Bókin mín verður til sölu á staðnum, fyrir þau sem vilja kafa dýpra í mína sýn og nálgun á matargerð,“ segir Gísli.

Gísli Matthías Auðunsson ætlar að skipta um vinnuumhverfi um næstu helgi. MYND/AÐSEND

Matseðillinn er samsettur af sjö frumlegum og fáguðum réttum og vínpörun verður í boði fyrir þau sem vilja taka þetta alla leið. Einstök matarupplifun sem enginn sælkeri vill missa af.

Slippurinn í Vestmannaeyjum var opnaður árið 2012 og Næs 2022. Gísli á og rekur einnig Skál! við Hlemm Mathöll en sá staður hefur notið mikilla vinsælda og hlaut BIB-Gourmand-verðlaun frá Michelin Award árið 2019. ■

Sigríður Björk Bragadóttir, eða Sirrý, fékk margar hugmyndir að nýjum réttum í Frakklandi nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Syndsamlega ljúffeng Croque monsieur sem bráðnar í munni

Sigríður Björk Bragadóttir, matreiðslumeistari og annar eigenda Salts Eldhúss, jafnan kölluð Sirrý, er alfræðiorðabók þegar kemur að mat og kræsingum sem bræða sælkerahjörtu. Sirrý er annálaður matgæðingur og nýtur sín allra best þegar matarhjartað fær að njóta sín.

sjofn@frettabladid.is

Croque monsieur samlokur.

Á ferðalögum sínum er Sirrý iðin við að kynnast hefðum og siðum heimamanna í matargerð og læra að útbúa þá rétti sem vinsælir eru á hverjum stað fyrir sig og fá að heyra um uppruna réttanna sem hún fellur fyrir. Sirrý er nýkomin heim frá landinu sem oft er kallað matarkistan og sviptir hér hulunni af einum sínum uppáhaldsréttum sem er afar vinsæll á þessum árstíma hjá heimamönnum.

„Ég er nýkomin frá Frakklandi og þar eru allir að fá sér Croque monsieur á bistróum og veitingahúsum með léttan mat. Frakkar borða eftir árstíðum og nú eru súpur og bráðinn ostur vinsælt í kuldanum eins og hér heima. Brauðið eða samlokan er ekta bistro-matur og á sér langa sögu. Í byrjun árs 1900 var það kokkur á bistró-veitingahúsi í París sem gerði þessa samloku líklega fyrstur. Baguette-samlokur eru vinsælar á börum og bistróum en kokkurinn var búinn með baguette-birgðir í húsinu og ákvað að nota „pain de mie“ eða samlokubrauð í samloku og kallaði hana samloku dagsins. Síðan hefur svona samloka verið mjög vinsæl um allt Frakkland. Matarmeiri útgáfa er með spældu eggi ofan á og er kölluð Croque madam eða samloka frúarinnar,“ segir Sirrý.

„Hér er uppskrift að ekta Croque monsieur. Það þýðir að í henni er béchamel-sósa sem er jafningur sem við köllum gjarnan uppstúf. Ekki láta fæla ykkur frá þó það sé pínu fyrirhöfn að gera sósuna, aðferðin er undirstaða í svo margt í matreiðslu eins og plokkfisk, uppbakaðar súpur og sósur, uppstúf, tartalettur, lasagna og svo ótal margt fleira. Lítill vandi er að gera sósuna, bara passa að setja mjólkina ekki alla í einu út í smjörbolluna og vera með písk á kantinum. Með því að hafa sósuna með ostinum á brauðinu verður það sérlega djúsí og gott. Brauðið getur verið hvaða brauð sem er, súrdeig, gróft eða bara franskbrauð en Frakkarnir nota það og er það kallað „pain de mie“ og er örlítið sykrað hvítt brauð,“ segir Sirrý að lokum og veit ekkert dásamlegra en að njóta þessara syndsamlegu ljúffengu Croque monsieur með bræddum osti á köldum vetrardegi.

Croque monsieur
4 samlokur

8 sneiðar brauð
4 sneiðar góð skinka
200 g rifinn ostur, mjög gott að nota fullfeitan
1 uppskrift bécamel-sósa

Hitið ofninn í 220°C. Raðið brauðsneiðunum á borðið og skiptið béchamel-sósunni jafnt á þær. Það fer um það bil 1 góð matskeið á hverja. Smyrjið sósunni á brauðsneiðarnar og vel út á jaðrana. Dreifið rifna ostinum ofan á sósuna. Setjið nú sneið af skinku á 4 brauðsneiðar. Setjið þær sem ekki er skinka á ofan á skinkubrauðsneiðarnar svo þið fáið 4 samlokur. Setjið bökunarpappír á ofnplötu og samlokurnar á hann. Bakið í 15 mínútur, eða þar til þær eru gullnar og girnilegar. Berið fram með grænu salati með vinagrettu.

Béchamel-sósa

25 g smjör
25 g hveiti
3 dl mjólk
1 tsk. Dijon-sinnep
½ tsk. salt
Svartur pipar

Bræðið smjör í potti. Bætið hveiti út í og hrærið saman í smjörbollu. Bætið mjólk út í smátt og smátt (mikilvægt) og hrærið í allan tímann. Notið sleif og písk ef á þarf að halda til að fá kekkjalausan jafning. Sjóðið við vægan hita stutta stund til að fá hveitibragðið í burtu. Saltið og malið pipar yfir. Bætið sinnepi út í og hrærið allt vel saman. Smakkið og bætið salti ef þarf. Berið fram á fallegan hátt og njótið hvers munnbita. ■

BROSTU Í SKAMMDEGINU

D-vítamín & kröftug burnirót

Kröftug orku-blanda sem inniheldur **2000** einingar af D-vítamíni & íslenskri burnirót í einu hylki.

D-vítamín er mikilvægt sólarvítamín í skammdeginu. Orka og úthald í gegnum veturinn.

Burnirótin er íslensk ofurjurt sem eykur orku og minnkar slen. Frábær gegn álagi og streitu.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HÚSAVIÐHALD
1-2 smiðir geta tekið að sér viðhald í heimahúsum á höfuðborgarsvæðinu eða á Selfossi. Dagvinna, kvöldvinna, helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á elhúsinnréttingum ofl. S. 771 8013

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

job Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30- 19:00
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska III:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska V:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.

Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 6. febrúar og þriðjudaginn 7. febrúar og þeim lýkur svo fimmtudaginn 2. mars.

Verð á mann er 37.500 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott cbd.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Ennþá meira úrval af listavörum

AMSTERDAM dream × create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris DEPUIS 1795

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Nýtir sára reynslu til góðs

Þórunn Pálsdóttir er ein stofnenda Gleym mér ei, styrktarfélags til stuðnings við foreldra sem missa barn á meðgöngu og í eða eftir fæðingu. Hún segir eigin sára reynslu hafa kveikt viljann til að styðja foreldra í sömu sporum.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Gleym mér ei var stofnað árið 2013 og fagnar því tíu ára afmæli í ár. Það voru þær Anna Lísa Björnsdóttir og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir sem auk Þórunnar stóðu að stofnun félagsins en sameiginleg reynsla þeirra af missi á meðgöngu færði þær saman.

„Anna Lísa missti barn á meðgöngu og fannst skorta fræðsluefni fyrir foreldra í þeirri stöðu. Það var eitthvað til en henni fannst þörf á endurskoðun og uppfærslu. Þau hjónin giftu sig eftir að þau misstu barnið og báðu brúðkaupsgesti að gefa pening í stað gjafa sem þau hjónin gáfu síðan til Landspítalans með það að markmiði að þessi fræðsla yrði endurskoðuð," segir Þórunn aðspurð um upphafið

„Ég var þá að vinna á meðgöngu- og sængurlegudeild og Anna Lísa kom inn í vinnu að bæklingnum fyrir hönd foreldra sem var ótrúlega gott."

Þekki sorgina af eigin raun

Sjálf þekkir Þórunn af eigin raun þá djúpu sorg sem fylgir missi á meðgöngu en binda þurfti enda á fyrstu meðgöngu hennar þegar hún var gengin 20 vikur.

„Við tuttugu vikna sónar kom í ljós alvarlegur fósturgalli svo við ákváðum eftir viðtal við lækni að binda enda á meðgönguna. Minn drengur og drengurinn hennar Önnu Lísu voru báðir jarðsettir í duftreitnum fyrir fóstur í Fossvogskirkjugarði."

Þórunn segir þær hafa verið samála um að gera mætti endurbætur á reitnum og upp frá því hafi Gleym mér ei orðið til.

„Við sáum fljótt að við þurftum að stofna reikning, fá kennitölu og setja nafn á félagið svo við gætum safnað fyrir endurbótunum."

Um er að ræða valkost fyrir fólk sem missir börn á meðgöngu. Í duftreitnum er jarðað fjórum sinnum á ári í sameiginlegan reit og eru ekki sérstakar merkingar. Það tók þrjú ár að gera endurbætur á reitnum og er hönnuður þeirra Kristín María Sigþórsdóttir.

„Svo fer boltinn að rúlla, við byrjum að hafa minningarstund árlega þann 15. október sem er dagur missis á meðgöngu og barnsmissis," segir Þórunn en félagið og starfsemi þess hefur stækkað mikið.

Kælivöggurnar breyttu miklu

Eitt mikilvægt verkefni sem félagið hefur staðið fyrir var söfnun fyrir svokölluðum kælivöggum fyrir Landspítalann og fæðingardeildir á Akranesi og Akureyri.

„Þær eru hannaðar til að fólk geti haft barnið hjá sér fyrstu dagana. Þetta eru fallegar vöggur með kælibúnað sem heldur kulda að barninu. Það þarf að halda kulda að þessum krílum sem fara svo kannski í krufningu. Maður þarf að passa að allt varðveitist vel svo hægt sé að finna orsök fyrir því að barnið lést. Það þurfti því að fara með barnið í kalt herbergi eða í kæli yfir nóttina, en nú geta foreldrar haft barnið í þessari vöggu allan tímann sem þau eru inniliggjandi. Þetta breytti ótrúlega miklu," segir Þórunn með áherslu enda stuttur tími sem foreldrarnir fá með barni sínu í þessum erfiðu aðstæðum.

„Þetta eru kannski tveir – þrír dagar. Þá eru jafnvel systkini að koma og ömmur og afar. Það er svo gott að geta haft þennan tíma til að taka myndir og skapa minningar."

Gleym mér ei hefur jafnframt unnið bæklinga og gefið lítil föt á fæðingardeildir til að færa foreldrum í slíkri stöðu.

„Það eru konur um allt land að sauma föt og prjóna teppi, húfur og peysur."

Að fara með eitthvað heim

Þórunn segir ljósmæður gera sitt besta til að taka handa- og fótaför og hárlokk fyrir foreldrana að eiga til minningar ef börn fæðast andvana eða fósturlát verður.

„Árið 2017 fórum við átján ljósmæður á ráðstefnu um andvana fæðingar til Cork á Írlandi þar sem ýmis góðgerðarfélög kynntu jafnframt sína vinnu."

Þar sáu þær svokallaða minningakassa og strax við heimkomuna hófst Þórunn handa við að útbúa slíka kassa sem hægt væri að afhenda hér heima.

„Í honum eru tveir bangsar, einn ætlaður fyrir barnið og einn sem foreldrarnir eiga, svo eru armbönd frá Aurum, eitt fyrir barnið og annað fyrir foreldra, kertastjaki með gleym-mér-ei blóminu, gipsmót og bréf til foreldranna frá okkur."

Tvisvar til þrisvar á ári koma stjórn og félagsmenn saman og pakka í minningakassa og fara með á fæðingardeildir svo þeir séu til taks fyrir foreldra þegar á þarf að halda.

„Það er svo mikilvægt að skapa einhverjar minningar og að fólk geti farið með eitthvað heim af fæðingardeildinni því það er svo hræðilegt að lenda í þessu."

Gleym mér ei útbýr minningakassa sem eru til taks á fæðingardeildum. Þórunn segir mikilvægt að skapa einhverjar minningar og að fólk geti farið með eitthvað heim af fæðingardeildinni þegar gleðin breytist í sorg.

Þórunn Pálsdóttir ljósmóðir hefur sjálf upplifað þá sorg að missa barn á meðgöngu.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þórunn bendir á að ekki væri hægt að vinna þetta starf nema með styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum. „Það hafa ótrúlega margir hlaupið fyrir okkur í Reykjavíkurmaraþoninu og það er okkar helsta fjáröflunarleið."

Ótrúlega gefandi starf

Á téðri ráðstefnu í Cork var einnig fjallað um forvarnarvinnu og ákváðu stjórnarkonur í framhaldi að breyta aðeins markmiðum félagsins.

„Þá fórum við af stað með verkefnið Spörkin telja, í því hvetjum við konur til að fylgjast með hreyfingum og hafa samband ef þær eru eitthvað óóruggar og nýlega gerðum við bækling í samstarfi við heilsugæsluna um byrjun meðgöngu varðandi fyrirbyggjandi heilsufarslega þætti."

Spurð um fræðslu í þessum efnum til heilbrigðisstarfsfólks minnist Þórunn á að í apríl verði ráðstefna um missi í barneignarferlinu, ætluð því.

„Það eru ákveðnir ferlar sem fara af stað þegar kona missir, hún hittir ljósmóður og lækni og oft er kallaður til sálgæsluaðili. Konur sem missa eftir 22 vikur fá heimaþjónustu frá ljósmóður. Það er vel að því staðið og þau fá vitjanir heim."

Þórunn sem var starfandi á Landspítala í tíu ár og er þar enn í tímavinnu hefur lengi barist fyrir því að foreldrar sem missa fyrir 22 vikur fái einnig slíka þjónustu heim en það hefur ekki gengið.

„Það er ekki nógu vel haldið utan um foreldra sem missa fyrr. Þau fara bara heim og það er enginn skipulagður stuðningur, sem þyrfti svo sannarlega að vera. Það væri gott ef ljósmóðir kæmi heim því þessar konur fá líka mjólk í brjóstin og eru kannski með samdráttarverki og svo er það þessi andlega líðan foreldra sem þarf að sinna. Það er svo sorglegt að sjúkratryggingar hafa ekki viljað taka þátt í þessu. Ég er líka að reyna að ýta á heilsugæsluna, að ljósmæður sem voru með þessa foreldra í mæðraverndinni hringi

> Við fengum einhverjar minningar og það var dýrmætt að fá að sjá hann og taka af honum myndir.



Þórunn hér ásamt Awe, hjúkrunarfræðingi á heilsugæslunni í Gambíu. Awe missti fyrsta barnið sitt og Þórunn færði henni nokkra muni frá Gleym mér ei til minningar um litla drenginn hennar. MYND/AÐSEND

Þórunn segir kælivöggurnar hafa breytt miklu því þannig geta foreldrar haft andvana barn hjá sér fyrstu dagana eftir fæðingu. MYND/AÐSEND

Þórunn hefur nokkrum sinnum farið sem sjálfboðaliði til Gambíu og segir gott að geta hjálpað.

„Við fengum einhverjar minningar og það var dýrmætt að fá að sjá hann og taka af honum myndir.“

Sónar ekkert skemmtitæki

Þórunn segir þau hjónin hafa fengið góðan stuðning frá sínum nánustu en hefðu þegið meira frá heilbrigðisstarfsfólki. „Það var enginn sem hringdi frá mæðraverndinni en það hefði skipt miklu máli.“

Þórunn hafði lokið hjúkrunarfræðinámi árið á undan og starfaði á krabbameinsdeild. „Við vorum fimm barnshafandi á svipuðum tíma á deildinni og ég var ákveðin í að reyna aftur. Ég ætlaði ekki að sitja ein eftir ekki með lifandi barn. Fljótlega eftir að við fengum niðurstöður sem sýndu að ekki væru miklar líkur á að þetta gerðist aftur varð ég aftur ófrísk og náði að verða samferða þeim öllum.“

Þórunn viðurkennir að hafa verið óttaslegin á meðgöngunni.

„Ég var mjög hrædd og sónar fyrir mér er ekkert skemmtitæki. Sónar er bara til að athuga hvort það séu einhverjir alvarlegir gallar eða frávik á meðgöngunni. Þetta er ekki til að fá að vita hvort þetta sé stelpa eða strákur,“ segir hún ákveðin. „Ég var alltaf rosalega stressuð og við bæði. Maður varð ekki rólegur fyrr en maður fékk hann lifandi í fangið.“

Í þeim efnum rifjar Þórunn upp slík augnablik í starfi sínu.

„Þegar maður hefur upplifað að fólk missi barn er magnað að fá svo að vera viðstaddur þegar það fær lifandi barn í hendurnar. Það er ekkert sem toppar það.“

Sem ljósmóðir hefur Þórunn upplifað með fólki mestu gleði þess og dýpstu sorg og segist hún eðlilega taka hið síðarnefnda inn á sig.

„Við ljósmæður erum stundum í einu herbergi að sinna foreldrum sem eru að missa barnið sitt og förum svo í næsta herbergi að sinna fólki með lifandi barn. Það getur verið erfitt.“

Eigin sára reynsla hjálpar

Hún segir hugann vera hjá þeim sem eru að ganga í gegnum erfiðleika, líka þegar heim er komið.

„En maður verður að reyna að hugsa að maður sé að gera gott og hjálpa fólki á erfiðum stundum. Því miður getum við aldrei komið í veg fyrir allan missi. Eftir erfiða daga reyni ég að gera eitthvað fyrir sjálfa mig, fara í göngu eða annað, svo maður brenni bara ekki út.

Það hefur hjálpað mér ótrúlega mikið að hafa farið í gegnum þetta sjálf. Ef ég hefði ekki lent í þessu væri ég ekki búin að gera það sem ég er búin að gera í dag, stofna Gleym mér ei og sinna fólki í þessum erfiðu aðstæðum, með þessa reynslu held ég að maður geti gert það vel.“

í þá og athugi með líðan þeirra. Það er svolítið það sem ég vil fá út úr þessari ráðstefnu, að við bætum þjónustuna við þessa foreldra.“

Endi bundinn á meðgönguna

Í starfi sínu á meðgöngu- og sængurkvennadeild hefur Þórunn margoft sinnt foreldrum sem missa.

„Þetta er ótrúlega gefandi, fólk er svo þakklátt fyrir allt sem maður gerir og það þarf að gera þetta vel og vanda sig. Það er mikilvægt að gera þetta eins fallegt og hægt er í þessum erfiðu aðstæðum. Það gefur mér ótrúlega mikið. Ég hef sjálf verið í þessum sporum og veit hvað skiptir miklu máli að þetta sé gert vel.“

Á sinni fyrstu meðgöngu árið 2005 fór Þórunn í 12 vikna sónar þar sem allt kom vel út, en svo tveimur mánuðum síðar, í 20 vikna sónarnum, kom höggið.

„Þá kemur alvarlegur fósturgalli í ljós. Eftir að hafa talað við lækni tókum við þá ákvörðun að enda meðgönguna. Það var gríðarlegt áfall og erfitt,“ rifjar Þórunn upp og segir að skort hafi eftirfylgni.

„Við leituðum ekki til sálfræðings og það var engin eftirfylgni af hálfu spítalans. Það er svo sorglegt að þannig er staðan enn í dag, næstum 20 árum síðar. Við hefðum svo sannarlega þurft einhvers konar eftirfylgd.“

Þórunn segir að þótt ákvörðunin hafi verið mjög erfið hafi hún aldrei efast, enda voru syninum ófædda ekki gefnar góðar lífslíkur.

„Ég efaðist aldrei um ákvörðunina því þetta var það alvarlegt. Ég hefði aldrei viljað að hann hefði fæðst og þurft að vera á vökudeild og upplifa alls konar inngrip. Við hugsuðum að þetta yrði aldrei neitt líf fyrir hann.“

Þórunn þurfti að fara í gegnum fæðingu sonarins andvana. „Við fengum að hafa hann hjá okkur og fengum fótafar,“ segir Þórunn og bendir á fallega kúlu með agnarsmáum fótaförum inni í.

Aðspurð hvort hún leiði hugann að því hvort einhver æðri tilgangur hafi verið með hennar missi segir Þórunn það hafa læðst að sér.

„Þetta er alla vega búið að leiða til einhvers góðs, að vinna með Gleym mér ei gefur mér ótrúlega mikið.“

Fengu aldrei að sjá barnið sitt

Áratugur er frá stofnun Gleym mér ei sem hefur sannarlega lyft grettistaki í umræðunni um þennan sára missi. Mörg þekkjum við þó sögur frá eldri kynslóðum þar sem slíkur missir var vart settur í orð og fólk átti bara að halda áfram og bera höfuðið hátt. Þórunn þekkir slíkar sögur vel.

„Á minningarstundina kemur oft eldra fólk sem aldrei hefur fengið að vinna úr sinni sorg. Fólk sem fékk aldrei að sjá barnið sitt, á engar minningar um það og engar myndir, veit jafnvel ekki hvar það er jarðsett.

Í kringum 1950 missti amma mín tvíburadrengina sína, hennar fyrstu börn,“ segir Þórunn og viðurkennir að sár reynsla ömmu sinnar hafi verið henni mikil hvatning til frekari vinnu á þessu sviði.

„Þeir voru fullmeðgengnir en vegna langrar og erfiðrar fæðingar fæddust þeir andvana. Hún fékk aldrei að sjá þá. Hún á engar minningar um þá. Þeir voru bara teknir. Þetta sat í henni alla ævi. Hún hefur þó alveg talað um þetta og það hefur alltaf verið talað um tvíburana í fjölskyldunni. Þó að hún væri orðin gömul grét hún enn yfir þessu, hvernig staðið var að þessu. Þetta er bara hrikalegt.“

Þórunn segir algengt að fólk fari að ræða slíka reynslu á efri árum.

„Sem betur fer er þetta breytt í dag en hugsaðu þér, það eru bara tíu ár síðan Gleym mér ei var stofnað. Áður voru engin samtök, það er ótrúlegt að hugsa til þess.“

Óviðeigandi athugasemdir

Gleym mér ei heyrir undir Sorgarmiðstöð þar sem Þórunn hefur nú starfað í hlutastarfi undanfarið ár. „Þar hef ég boðið upp á samtöl fyrir foreldra sem hafa misst. Eins erum við með hópastarf þar. Við hittumst þá og fólk segir sína sögu. Það er ótrúlega gott að heyra hvað aðrir hafa gengið í gegnum og geta samsamað sig þeirri reynslu.“

Sumir eiga erfitt með að nálgast fólk eftir missi og segir Þórunn enga eina rétta leið en bendir þó á að margir hafi upplifað óviðeigandi orðalag, eins og: „Þú ert ung, þú getur reynt aftur,“ eða: „Kannski var þetta fyrir bestu.“

„Þess vegna gáfum við út bæklinginn: Þegar gleðin breytist í sorg: Nokkur orð til aðstandenda, en þar er farið yfir hvað er gott að gera og hvað ekki.“

Mikilvægt að sinna gleðinni líka

Þórunn er einn stofnenda Bjarkarinnar ljósmæðra en þar hefur nú verið starfrækt fæðingarheimili í sex ár. Hún kemur enn að þeirri starfsemi sem brjóstagjafarráðgjafi auk þess að starfa á Landspítala á meðgöngu- og sængurlegudeild og í afleysingum á heilsugæslunni í Vestmannaeyjum.

„Ég er frá Eyjum og á þar íbúð svo það er gott að geta farið þangað inni á milli.

Það er líka mikilvægt að sinna einhverju gleðilegu með starfinu hjá Gleym mér ei,“ segir hún.

Auk fjölbreyttra starfa hér á landi hefur Þórunn nokkrum sinnum farið í hjálparstarf til Gambíu.

„Bróðir minn og mágkona reka þar heilsugæslu. Þau eru með second hand-verslun í Eyjum sem heitir Kubuneh og allt sem kemur þar inn fer í að reka þessa heilsugæslu. Ég fór þangað tvisvar á síðasta ári og er á leiðinni aftur nú í apríl,“ segir Þórunn en bætir við að stór hluti starfsins í Afríku sé að kenna heimamönnum rétt handtök.

„Það er svo gott að geta gefið af sér og hjálpað,“ segir hún að lokum. ■

> Á minningarstundina kemur oft eldra fólk sem aldrei hefur fengið að vinna úr sinni sorg. Fólk sem fékk aldrei að sjá barnið sitt, á engar minningar um það og engar myndir, veit jafnvel ekki hvar það er jarðsett.

MERKISATBURÐIR

1902 Bandaríski flugmaðurinn Charles Lindbergh fæddist á þessum degi. Árið 1927 varð hann fyrstur til þess að fljúga einn síns liðs yfir Atlantshafið þegar hann flaug frá New York til Parísar.

1975 Ástralska tónlistar- og leikkonan Natalie Imbruglia fæddist á þessum degi og er því 48 ára í dag.

1976 Vetrarólympíuleikar hefjast í Innsbruck í Austurríki.

1984 Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar Hrafninn flýgur er frumsýnd. Áætlað er að um 70 þúsund manns hafi séð myndina í íslenskum kvikmyndahúsum.

2007 Þjóðverjar verða heimsmeistarar í handknattleik karla eftir sigur á Pólverjum í úrslitaleik.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ásta Jóhannesdóttir,

Nesvegi 41, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Seltjörn 30. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 15.

Adolf Bjarnason
Gunnar Þór Adolfsson **Irina Prokhorova**
Margrét Adolfsdóttir
Bjarni Adolfsson **Halla Dóra Halldórsdóttir**
Bjarni Þór, Adolf Smári, Daníel Þórarinn
Eva Sóley, Brynja og Birta

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

Er hægt að ráða inn hæfari einstakling en mann með 360 gráður? MYND/AÐSEND

Götumyndir í allar áttir

Götumyndir á kortavef Já.is verða uppfærðar á þriðjudaginn og segir talsmaður fyrirtækisins suma landsmenn hafa beðið uppfærslunnar í ofvæni.

arnartomas@frettabladid.is

Kortavefur Já.is er vinsæll hjá Íslendingum sem eru, rétt eins og aðrar þjóðir, misratvísir. Vefurinn býður einnig upp á 360 gráðu götumyndir þar sem hægt er að gera sér grein fyrir aðstæðum, en dágóður tími hefur liðið síðan myndirnar voru síðast uppfærðar. Það breytist hins vegar í byrjun næstu viku.

„Á þriðjudagsmorgun ættu allar myndirnar að vera uppfærðar og komnar inn á vefinn hjá okkur," segir Helgi Reynir Guðmundsson, sölustjóri hjá Já.is og bætir við að götumyndirnar séu mikið notaðar af landsmönnum. „Ég myndi segja alveg gríðarlega mikið. Eftir að við settum þetta í loftið þá eru þetta sirka 130 þúsund manns sem nota kortin í heild sinni á mánuði, eða um 60 þúsund manns sem smella á götumyndina í 360 gráðum."

Kúlumyndirnar svokölluðu eru um 629 þúsund á vefnum í dag en með uppfærslunni verða þær yfir 700 þúsund. Verkefnið er umfangsmikið og fer þannig fram að bíll keyrir um landið með áfasta 360 gráðu myndavél á þakinu. Öll myndagögnin eru með GPS-hnitum sem eru tengd kortavefnum.

„Þetta er einn aðili sem tók rúntinn og það fór meira og minna allt sumarið í þetta," segir Helgi Reynir. „Við vorum í samstarfi við Toyota sem lánaði okkur bíl. Bílstjórinn tók þetta svo í skömmtum því við erum að stíla inn á daga þegar veðrið er gott."

> Það er heljarmikil vinna sem fylgir þessu.

Helgi Reynir Guðmundsson, sölustjóri hjá Já.is

Þar á eftir þarf tæknideild Já.is að þræða myndirnar og afmá persónuupplýsingar á borð við bílnúmer og andlit.

„Það er heljarmikil vinna sem fylgir þessu."

Hvar er Valli?

„Hingað til höfum við gert þetta annað hvert ár en það datt eitt út vegna Covid svo það eru orðin fjögur ár síðan við uppfærðum síðast," segir Helgi Reynir. „Það var alveg kominn tími á nýjar myndir enda fullt af götum sem voru ekki til þegar við tókum síðast. Þörfin er þannig brýn."

Samfélagið fylgist greinilega líka mikið með myndunum.

„Það er oft haft samband við okkur með spurningar um hvenær við komum næst að taka myndir," útskýrir Helgi Reynir. „Fólk vill oft að það sjáist þegar það hefur málað eða gert upp húsin sín. Núna getur það fólk tekið gleði sína á ný."

Á vefnum er til samfélag fólks sem þræðir sambærilegar kúlumyndir frá Google Street View til að finna athyglisverða hluti sem kunna að leynast þar.

Hefur eitthvað áhugavert fundist á kúlumyndunum hjá Já?

„Já, þegar við gerðum þetta fyrst þá var einn sem vissi að við værum að koma svo að hann kom sér fyrir, uppklæddur eins og Valli úr Hvar er Valli? bókunum," svarar Helgi Reynir og hlær. „Það var mjög gott grín."

Kúlumyndirnar eru einnig grunnurinn að Flakk-leiknum svokallaða þar sem leikmenn lenda á fimm stöðum á landinu og þurfa að giska hvar myndin er tekin. Frá því að leikurinn fór í loftið hafa tæplega 200.000 leikir verið spilaðir og eru aðdáendur orðnir spenntir að fá að flakka um nýjar myndir. ■

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólrún Guðmundsdóttir

Galtalind 12, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 2. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Guðfinnur Magnússon
Guðm. Heiðar Guðfinnsson **Enikő Bali**
Guðrún Jóna Guðfinnsdóttir **Helgi R. Magnússon**
Magnús Grétar Guðfinnsson **Júlía Hrönn Möller**
Harpa Björg Guðfinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

Ólafur Bjarni Sigurðsson

Bláhömrum 2, Reykjavík,

lést á Fossheimum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, mánudaginn 23. janúar. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Bjarni Þór Ólafsson **Elva Björk Ævarsdóttir**
Guðrún Ýr Bjarnadóttir **Daníel Capaul**
Þórey Petra Bjarnadóttir
Dagmar Sara Bjarnadóttir

Ári kanínunnar fagnað

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stendur fyrir kínverskri nýárshátíð á Háskólatorgi í dag með fjölbreyttri dagskrá.

arnartomas@frettabladid.is

Ár kanínunnar gekk nýlega í garð samkvæmt kínverska tímatalinu. Í tilefni af því mun Konfúsíusarstofnunin Norðurljós halda upp á kínverska nýárið með nýárshátíð á Háskólatorgi í dag þar sem gestir geta kynnst kínverskri menningu betur.

„Við höfum verið að halda þessa hátíð síðan kannski 2009," segir Magnús Björnsson, forstöðumaður stofnunarinnar. „Það var auðvitað smá stopp á því í faraldrinum en við getum nú endurvakið hefðina eftir þrjú ár."

Magnús segir að hátíðarhöld í kringum kínverska nýárið hafi á undanförnum áratug verið að ryðja sér rúms í löndum utan Asíu.

„Eftir því sem Kínverjum fjölgar erlendis þá verður fólk meira vart við þessa hefð," útskýrir hann.

Gott og gjöfult ár í vændum

Kínverska nýárið, eða Vorhátíðin eins og hún er stundum kölluð, er stærsta hátíð Kínverja og er því mikið gert úr henni ár hvert.

„Ástæðan fyrir því að hún er haldin á þessum tíma er að þeir styðjast við tungldagatal og því er dagsetningin breytileg," segir Magnús um tímamótin sem stundum eru kölluð nýtt tunglár. „Þetta er fimmtán daga tímabil sem haldið er upp á þetta og við förum að nálgast endann á því núna."

Magnús segir ár kanínunnar boða eitt og annað.

„Ár kanínunnar er almennt talið nokkuð gott og gjöfult. Það er einnig talið friðsamlegt, sem er ágætt miðað við stöðuna í heiminum í dag. Fólk tekur til hendinni því að rétt eins og í kanínunni getur verið kraftur í fólki."

> Ár kanínunnar er almennt talið nokkuð gott og gjöfult.

Drekinn hættir sér líklega ekki út í gula veðurviðvörun. MYND/AÐSEND

Drekadans og tesmökkun

Hátíðin í dag stendur yfir milli klukkan 14 og 16 og hefst með dagskrá á sviði.

„Þetta byrjar á drekadansi innandyra en við sjáum til eftir veðri hvort hann fari eitthvað út. Við viljum síður að hann fjúki út í buskann," segir Magnús og hlær. „Síðan taka við kínversk tónlistaratriði. Við erum með kennslu á ýmsum stigum skólakerfisins og verðum til dæmis með grunnskólabörn sem syngja á kínversku."

Þá verður einnig boðið upp kínverskra skrautskrift, matarmenningu, tesmökkun og fleira. Magnús segist aðspurður hafa fundið fyrir auknum áhuga á kínverskri menningu á Íslandi á undanförnum árum.

„Þetta kemur auðvitað aðeins í bylgjum en ef maður horfir aftur í tímann þá er það ekki spurning," segir hann. „Kína er farið að taka meira pláss í fjölmiðlum og þá eykst áhugi fólks auðvitað." ■

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hefur staðið fyrir nýárshátíðinni frá árinu 2009. MYND/AÐSEND

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ásmundur Uni Guðmundsson

Sólmundarhöfða 5, Akranesi, Suðurgötu 124, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þriðjudaginn 31. janúar. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju, föstudaginn 10. febrúar kl. 13. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og góða umönnun. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju www.akraneskirkja.is

Halldóra Valfríður Elísdóttir
Guðmundur Pálmi Ásmundsson
Guðrún Ásmundsdóttir
Jón Magnús Björnsson
Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir
Gísli Kristján Kjartansson
Haraldur Ásgeir Ásmundsson
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Snjólaug Einarsdóttir

Norðurbrú 1, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 13. febrúar, kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi.

Sigurður Guðnason
Guðni Sigurðsson
Vigdís Pála Þórólfsdóttir
Hilmar Pétur Sigurðsson
Ester Benzaquen Vallejos
barnabörn

---

†

Okkar ástkæra

Brynhildur Lýðsdóttir

Hátúni 12, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítala þann 20. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hátúns 12 og Líknardeildar fyrir einstaka umönnun, alúð og virðingu.

Ólafur Ólafsson
Ásgeir Lýðsson
Sólveig Bára Guðnadóttir
Skúli Lýðsson
Áslaug Maríasdóttir
og fjölskyldur

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir og amma,

Þórunn K. Erlendsdóttir

lést á Landspítalanum 28. janúar. Útför hennar fer fram í Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 7. febrúar kl. 13.

Guðmundur Kristinsson
Þórir Guðmundsson
Erlendur Guðmundsson
Kristinn Örn Guðmundsson
Steinunn A. Björnsdóttir
Laufey Böðvarsdóttir
Berglind Guðmundsdóttir
Hafdís Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær eiginmaður og besti vinur minn, sonur, bróðir og mágur,

Grettir Kjartansson

Austurkór 65, Kópavogi,

lést 20. janúar á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 13.00.

Wenche Follaug
Margrét Grettisdóttir
Kjartan Örn Sigurðsson
Svanborg Matthíasdóttir
Sigurður Kjartansson
Tinna Dögg Kjartansdóttir
Atli Rafn Sigurðsson
Rakel Karlsdóttir
Matthías Kjartansson
Rúna Björg Vilhjálmsdóttir
Hjálmar Ingi Kjartansson
Anna Karen Richardson

---

†

Ástkær eiginkona mín og systir okkar,

Pálína Ellen Jónsdóttir

Réttarholtsvegi 43, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum mánudaginn 30. janúar. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

Örn Sævar Björnsson
Jóhanna G. Z. Jónsdóttir
Helgi Jón Jónsson

---

†

Okkar ástkæra

Sigrún Guðlaugsdóttir

Mávahlíð 19,

lést á heimili sínu 3. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Gunnlaugur Gunnarsson
Margrét Þóra Guðlaugsdóttir
Guðmunda Hrönn Guðlaugsdóttir

Fermingarhelgi

2023

Velkomin á fermingarhelgi
Blómavals í Skútuvogi
4. - 5. febrúar 2023

Blómaskreytingar



Borðskreytingar

Skrautskrifuð kerti

Merktar sálmabækur og heillaóskabækur

Áritaðar og merktar servíettur

30% afsláttur

af öllum vörum sem þú þarft fyrir ferminguna

Gildir 4. - 26. febrúar í verslunum okkar um land allt og vefverslun, blomaval.is

Fermingarleikur Blómavals

Allir sem kaupa árituð kerti, sálmabækur eða servíettur á fermingardögum, í verslun eða í vefverslun fara sjálfkrafa í lukkupott Blómavals og geta unnið glæsilega vinninga: Fjallahjól, HUE snjallýsingu í herbergið, sléttujárn, rakvél og fleira

Glaðningur fylgir öllum pöntunum á fermingarvörum

Allir sem versla fyrir ferminguna í Blómavali fá tilboðskort sem gildir hjá völdum samstarfsaðilum okkar

Samstarfsaðilar Blómavals á fermingarhelginni eru:
Veislan, Flash tískuverslun, Rent a Party, Baunin vegan veislutertur, Jack & Jones, Vera Moda, VILA, Skúbb ísgerð, Nomy veisluþjónusta, Kransakökunámskeið Blómavals, Húsasmiðjan og fleiri

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndaval. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

KROSSGÁTAN



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist fiskur (12).
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. febrúar “.

SUDOKU

7		6		2				
					1		9	5
	5			3			1	
6			3	9			8	
3	4		2				6	
		2	4	6				1
9	3	5	7					
							4	3
1	2					7		

			3					1
3	9			4	7			6
7		1		8	6	3		
	3					8		
	6	7					3	4
								2
	8	3		1			2	
		4				5	6	
	7		9	3			4	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRODE ØVERLI

LAUSNARORÐ SÍÐUSTU VIKU

KARTÖFLUSTRÁ

H	E	L	G	R	Í	M	A	N		H		F		Æ		A		S
A		E		Ú		I		Ú		Á	F	L	O	G	A	G	I	K	K
N	Ú	T	Í	M	A	K	O	N	U	R		O		I		A			Ú
D		U		L		I		I		L	É	T	T	M	Á	L	M	A	R
A	U	R	K	E	I	L	U	N	N	I		T		I		A			K
S		G		S		S		G		T	U	R	N	K	L	U	K	K	A
K	L	E	T	T	A	M	Y	N	D	A		Æ		L		S			
O		R		A		E		U		R	I	F	J	A	S	T	E	I	K
L	Ó	Đ	A	R	S	T	A	M	P			L			T		S		Ó
	T		F		A		T		Ú		B	A	K	F	I	S	K	U	R
V	I	S	T	A	G	E	Y	M	S	L	U		R		L		I		Ö
	L		A		G		R		T		R	A	U	N	L	Í	T	I	L
Æ	G	I	K	R	A	F	T	A	R		S		N		T		R		L
	R		A		B		U		A	L	T	E	K	N	U		É		U
H	E	I	L	A	L	Ó	M	U	N		U		A		M	Ó	Đ	U	M
	I		Í		E			R	A	M	M	A	R	I		S		R	
H	N	E	T	U	T	R	É	Đ		U		M		L	Í	K	N	I	Đ
	D		I		T			I	N	N	F	A	L	L		Ý		N	
O	R	Đ	L	A	U	S	A	N		U		N		A	U	R	I	N	N
	A		S		R			A	F	M	Á	N	A	R		A		A	

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Agnir fylla algeims byggð og hólma (11)
11 Svona stutt lagvopn þykja mér ekki merkileg (10)
12 Hér eru öll mín blöð nema þau sem föst eru á Kili (9)
13 Hvetja föl börn til að halda sig við próteinið (12)
14 Ljómandi bleikur bíll, bara eins og sítróna! (9)
15 Hretið bætir í hlaupið (9)
16 Heyra má hljóð eldstæðis óma um hlóðir þess (9)
17 Spýja á greyin og hreysin þeirra (11)
23 Fari það í röndótt ránd**ý**r pardusa hvað feldur þessara skepna er skrautlegur! (10)
28 Þetta er helsti galli slæms verks og illa gloppótts (11)
29 Nenni ekki glímu við slíkt heljarmenni í fjúkandi hellidembum (10)
30 Náum þessari rák af okkur við fallandi fljót fiska (7)
31 Kaldi kærir sig síst um nöfn á borð við Hlýr (8)
32 Barst þá rabb þeirra að því sem sagt var um þau (5)
35 Leita kana á strönd hafsjóar synda (8)
40 Það varð fuglunum til lífs að mikla ísrönd rak að eldum þessum (9)
42 Ég slátraði kollu sem ekill 1 og 2 skildu eftir (6)
43 Vil að þú fjarlægir fyrirheit um að þú neitir (7)
44 Greiði það sem hún hefur að geyma en fer dult með (9)
46 Held ég úrskurði að rétt væri að stoppa, lokaði einhver dyrunum (6)
47 Guð frægðar og fornrar sýslu (7)
48 Strandkrossar auðvelda heimför sæfara (9)
49 Hér er gengin snúin áreitni (6)
50 Gaf klink fyrir þetta skot og uppskar

LÓÐRÉTT

1 Skutlaði henni til síns heima – við hjara veraldar! (9)
2 Losnum kannski einhvern veginn við næðing haldi þessi þróun áfram (9)
3 Ben særðu bitur (9)
4 Tel brand áa tefja fráa (9)
5 Verum smart þegar Skagamenn eru án skarts og skrautmuna (7)
6 Þær Conga og Bongó framkalla alveg sérstakan seiðing (8)
7 Haldnar af landi brott, enda vel æfðar (8)
8 Grimm kjósa grimmd (8)
9 Af hverju nöldrum við út af því sem við lýstum með óvenjulegri stafsetningu? (8)
10 Kolaður við kelduna (8)
17 Léttgeggjuð amma með sál er á sömu línu (7)
18 Þessi skák er töpuð og borð og menn lent á götunni (7)
19 Svona kjarnyrt kona vill bara ávinning og umtal (7)
20 Sit í næði og syng mitt nið/sæll ég bærist ár og síð (6)
21 Þessi málaferli snúast um raka og reglubrot (7)
22 Lítum til stafs eftir styrk (6)
24 Mörgum verður hált á svelli tískunnar ekki síður en tungunnar (12)
25 Tek kjúkling af umsjónarmanni hans (9)
26 Þreytt á hinum eilífu endurtekningum á einstiginu (7)
27 Þau ortu eitthvað sundurlaust bull um að hafa gin á planinu (7)
33 Saga af fánýtu viðnámi gegn ofsaveðri (8)
34 Nú má síra söngla helstu raddir fyrir þetta fína fólk (8)
36 Greina bergmál orða reiðra manna en fárra (7)
37 Nú mun ég oftar eignast sjaldséðar gersemar (7)
38 Reykur rúgs og hafra hins heila brauðs (7)
39 Hér legg ég nú læsingu mína og lista (7)
41 Tunglsveit 1 leitar ferskra félaga (6)
45 Ísland farsældafrón, þigg mína gjöf þótt gölluð sé (4)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN



Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Systraklukkurnar, eftir Lars Mytting** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Einar G. G. Pálsson, Borgarnesi.**

Þrátt fyrir minnkandi sölu hjá Peugeot seldist Peugeot 208 afburðavel ef frá er skilinn nóvember-mánuður 2022. MYND/PEUGEOT

Peugeot 208 mest seldi bíll Evrópu

Þau tíðindi hafa gerst að Peugeot 208 er mest seldi bíll Evrópu 2022 en það er samkvæmt nýjum tölum sem Jato Dynamics hafa gefið út. Sá sem haldið hafði krúnunni sem mest seldi bíllinn síðan 2007 var Volkswagen Golf en hann seldist bara í 177.203 eintökum í stað 206.816 hjá Peugeot 208.

njall@frettabladid.is

Alls seldust 11,3 milljónir nýrra bíla á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og er Ísland þá meðtalið ásamt Bretlandi, Noregi og Sviss. Heildarsalan er minni en undanfarin ár og 29% minni er árið 2019. Markaðir hafa glímt við skort á nýjum bílum vegna heimsfaraldurs og skorts á efnum í íhluti, en einnig hefur stríðið í Úkraínu haft sín áhrif með hækkandi orkuverði.

Hjá Volkswagen var minni framleiðsla en venjulega en heildarsala merkisins á heimsgrundvelli var 4,56 milljónir bíla sem er 6,8 prósentum minna en árið á undan. Volkswagen varar við að skortur á íhlutum muni einnig hafa áhrif á sölutölur á þessu ári. Volkswagen glímir einnig við tafir við afhendingu pantana sem er meðal annars ástæða þess að Golf er nú í fimmta sæti í stað fyrsta eins og undanfarin ár.

Að sögn Jato er aukin sala á jepplingum áberandi eins og sést á bílum eins og VW T-Roc, Hyundai Tucson og Dacia Duster. VW T-Roc er nú í þriðja sæti yfir mest seldu bílana með 181.153 selda bíla en það er 3 prósenta aukning frá 2021. Hyundai Tucson er kominn í áttunda sæti með 150.803 bíla og Dacia Duster fór úr fimmtánda sæti í það níunda með 149.648 selda bíla 2022.

Af þeim bílum sem voru á topp tíu listanum var það Renault Clio sem fell mest niður um sæti, en hann fór úr fjórða sæti árið 2021 í það tíunda sem er 27 prósentum minni sala milli ára. Að sögn Jato vekur einnig athygli að sala í kínverskum bílum þrefaldast á milli ára. Árið 2021 seldust 66.100 kínverskir bílar en í ár rauk salan uppí 152.400 bíla. Þar var það MG-merkið sem stendur sér á parti með 114.000 bíla sem er söluaukning um 116 prósent, en það eru fleiri bílar en Honda seldi í Evrópu til að mynda. ■

Dacia Sandero er í öðru sæti enda ódýr valkostur í erfiðara efnahagsástandi en árin á undan. MYND/DACIA

Sæti	Bíll	Seld eintök	Aukning
1.	Peugeot 208	206.816	5%
2.	Dacia Sandero	200.550	1%
3.	VW T-Roc	181.153	-3%
4.	Fiat 500	179.863	3%
5.	VW Golf	177.203	-14%
6.	Toyota Yaris	175.713	4%
7.	Opel Corsa	164.358	-9%
8.	Hyunda Tucson	150.803	1%
9.	Dacia Duster	149.648	2%
10.	Renault Clio	143.561	-27%

Volkswagen T-Roc seldist betur en VW Golf enda hefur sala í jepplingum aukist á árinu. MYND/VW GROUP

Nýlegir tilraunabílar Audi eru Grandsphere, Skysphere og Urbansphere. MYND/AUDI

Audi áætlar 20 rafbíla á næstunni

njall@frettabladid.is

Samkvæmt framleiðsluáætlunum Audi sem nýlega voru kynntar er merkið með meira en 20 rafbíla á prjónunum á næstu þremur árum. Um er að ræða bíla sem eru hannaðir frá grunni sem rafbílar og byggja á nýja PPE-undirvagninum sem hannaður er í samstarfi við Porsche.

Eins og gefur að skilja er hér um að ræða nokkrar grunngerðir sem koma munu í fleiri en einni útgáfu. Fyrsti bíllinn sem kemur á markað er Q6 e-tron sem kemur einmitt með PPE-undirvagninum strax á þessu ári. Um er að ræða kúpulaga jeppling sem keppa á við Tesla Model Y. Næstur í röðinni er A6 e-tron sem einnig kemur seint á árinu, og svo í Avant-útgáfu á næsta ári. Lúxusbíllinn A8 e-tron mun svo byggja á Grandsphere-tilraunabílnum. Innan þessara 20 bíla eru einnig nokkrir hefðbundnari bílar Audi, sem einnig munu koma með brunahreyflum, en síðustu bílarnir með brunahreyflum fara í framleiðslu árið 2025. ■

Minni sala rafbíla í janúar hérlendis

njall@frettabladid.is

Sala nýrra fólksbíla í janúar dróst saman um 17,2 prósent miðað við janúar í fyrra, en alls voru skráðir 733 nýir fólksbílar nú en voru 885 í fyrra samkvæmt fréttatilkynningu frá Bílgreinasambandinu.

Ef skoðuð er breyting á sölu orkugjafa milli áranna 2022 og 2023 er aukning í sölu á bensín-, dísil- og hybrid-bílum en samdráttur í sölu á nýskráðum raf- og tengiltvinnbílum. Hlutfall rafbíla er hæst þegar við skoðum heildarsölu eftir orkugjöfum á árinu eða 26,9 prósent. Dísilbílar koma þar á eftir með 20,6 prósent, hybrid 20,5 prósent, bensín 16,6 prósent og tengiltvinn 15,3 prósent. Til einstaklinga seldust 369 nýir fólksbílar í janúar samanborið við 521 á sama tíma í fyrra og er því samdráttur í sölu til einstaklinga 29,2 prósent milli ára.

Í janúar voru skráðir 733 nýir fólksbílar en voru 885 í fyrra.

Ef skoðuð er breyting á sölu orkugjafa milli áranna 2022 og 2023 er aukning í sölu á bensín, dísil- og hybrid-bílum en samdráttur í sölu á nýskráðum raf- og tengiltvinnbílum. Ef við skoðum sölu til einstaklinga þá er aukning í sölu á dísil- og hybrid-fólksbílum milli ára en samdráttur í sölu á bensín-, raf- og tengiltvinnbílum.

Ökutækjaleigur keyptu 201 nýjan fólksbíl í janúar samanborið við 213 á sama tíma í fyrra og er því samdráttur slíkra skráninga 5,6 prósent. Hlutfall ökutækjaleiga er 27,4 prósent af heildarskráningum á móti 24,1 prósenti í fyrra. ■

Mercedes GLE fær tímabæra andlitslyftingu

njall@frettabladid.is

Á nokkurra ára fresti fá flestir bílar svokallaða andlitslyftingu án þess þó að um nýja kynslóð sé að ræða. Mercedes-Benz GLE fékk eina slíka í vikunni sem ekki er einskorðuð við útlit, heldur fékk hann einnig nýjar dísilútgáfur með 48 volta tvinnkerfi ásamt tengiltvinn-útgáfum.

Segja má að allar útgáfur GLE séu nú með rafmagni að einhverju leyti ásamt 4MATIC-fjórhjóladrifi. Í GLE 450 er vélin 375 hestöfl en 361 hestafl í 450d-gerðinni. Mercedes-Benz GLE 400 e tengiltvinnútfærslan er 276 hestöfl og með um 100 km drægi á rafhlöðu. Sama drægi er á dísilútgáfunni sem er 241 hestafl en hefur meira tog upp á 750 Nm. Varla þarf að taka fram að ný útgáfa fær MBUX-upplýsingakerfið en til viðbótar við það gerði Mercedes breytingar á bílnum til að bæta bæði torfærugetu og dráttargetu bílsins.

Innanrýmið fær MBUX-upplýsingakerfi og Apple CarPlay og Android Auto sem staðalbúnað.

Útlitslega er það aðallega framendinn sem fær endurnýjun, en ásamt endurhönnuðum stuðara er búið að bæta við krómi á grill og breyta dagljósabúnaði díóðuljósanna. Á GLE Coupe er AMG-útlitspakki staðalbúnaður með efnismeiri stuðara, demantsgrilli og breiðari hjólaskálum. Að innan er bíllinn kominn með nýja hönnun á stýri með nýjum snertitökkum og MBUX-kerfið er með 12,3 tommu upplýsingaskjá. ■

GLE Coupe fær endurhannaðan afturenda með nýjum afturljósum. MYNDIR/MERCEDES

LAUGARDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Frísk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
19.00 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu. **(e)**
19.30 Viðurkenningarhátíð FKA Þáttur um Viðurkenningarhátíð Félags kvenna í atvinnulífinu sem fór fram 26. janúar á Reykjavík Grand Hótel.
20.00 Bærinn minn Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaga. hringinn í kringum Ísland.
20.30 Frísk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
21.00 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu. **(e)**

RÚV SJÓNVARP

07.05 Smástund
07.06 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.21 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Ævar vísindamaður
10.25 Vegferð Attenboroughs
11.20 Gettu betur
12.25 Vikan með Gísla Marteini
13.25 Kastljós
13.40 Act Alone
14.35 Það sem lífið snýst um
15.35 Kiljan
16.15 Landinn
16.45 Fólkið mitt og fleiri dýr
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie Fótboltabaráttan heldur áfram og keppast Jamie og félagar um að gera liðið sitt sem sterkast. En með nýjum aðstoðarþjálfara og nýjum liðsmönnum koma ný átök. Bæði á vellinum og utan hans.
18.29 Maturinn minn
18.40 KrakkaRÚV - Tónlist
18.45 Bækur og staðir
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kanarí
20.10 Reykjavíkurleikarnir 2023 Bein útsending frá keppni í dansi á Reykjavíkurleikunum.
21.05 The Big Short
23.15 Serenity
00.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

10.40 Dr. Phil
12.43 The Block
13.41 Love Island
14.30 Man. Utd. - Crystal Palace BEINT
17.15 Survivor
18.00 Young Rock Gamanþáttaröð sem byggð er á skrautlegum uppvaxtarárum leikarans og hörkutólsins Dwayne Johnson eða „The Rock“. Sagan hans segir frá því hvernig hann fór frá því að vera bara venjulegur strákur yfir í að verða heimsfrægur.
18.25 George Clarke's Old House, New Home
19.10 The Block
20.10 Love Under the Olive Tree
21.30 Resistance
23.30 Thank You for Your Service
01.15 Z for Zachariah
02.50 Love Island Raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.

STÖÐ 2

08.00 Söguhúsið
08.05 Ungar
08.05 Sögur af svöngum björnum
08.15 Vanda og geimveran
08.25 Pipp og Pósý
08.30 Neinei
08.40 Strumparnir
08.50 Heiða
09.10 Taina og verndarar Amazon
09.25 Latibær
09.35 Ella Bella Bingó
09.40 Leikfélag Esóps
09.50 Tappi mús
10.00 Siggi
10.10 Rikki Súmm
10.20 Angelo ræður
10.30 Mia og ég
10.50 K3
11.05 Denver síðasta risaeðlan
11.15 Hunter Street
11.40 Bob's Burgers
12.00 Bold and the Beautiful
13.45 Tónlistarmennirnir okkar
14.25 Masterchef USA
15.05 Rax Augnablik
15.20 GYM
15.45 Franklin & Bash
16.25 Körrent
16.45 Idol
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Krakkakviss
19.30 The Angry Birds Movie Stórskemmtileg teiknimynd frá 2016 um fuglager í stríði við slóttug svín.
21.05 Can't Hardly Wait
22.40 The Mauritanian
00.50 Sorry to Bother You
02.35 Franklin & Bash
03.15 Masterchef USA

SUNNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. (e)
19.30 Útkall Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar. (e)
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Kúlugúbbarnir
07.39 Elías
07.50 Friðþjófur forvitni
08.13 Rán og Sævar
08.24 Mói
08.35 Hæ Sámur
08.42 Eðlukrúttin
08.53 Strumparnir
09.04 Bréfabær
09.15 Hvolpasveitin
09.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi
09.48 Rán - Rún
09.53 Millý spyr
10.00 Okkar á milli
10.25 Ímynd
11.00 Silfrið
12.10 Menningarvikan
12.35 Kveikur
13.15 Örlæti
13.35 Fréttir með táknmálstúlkun
14.00 Reykjavíkurleikarnir 2023
15.45 Reykjavíkurleikarnir 2023
17.50 Landakort
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.30 Frímó
18.46 KrakkaRÚV - Tónlist
18.50 Sögur frá Listahátíð
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn Þáttur um mannlífið í landinu. Landinn leitar uppi skemmtilegt fólk jafnt í borg sem sveit og skoðar áhugaverða staði.
20.15 Stormur
21.20 Veðmálahneykslið
22.05 Blístrararnir
23.40 Silfrið
00.40 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

10.45 Dr. Phil
11.25 Dr. Phil
12.05 The Bachelor
13.25 The Block
14.20 Love Island
15.05 Top Chef
16.00 Survivor
16.45 Amazing Hotels.
17.40 Jarðarförin mín Ljúfsár en alvörugefin þáttaröð með Þórhalli Sigurðssyni í aðalhlutverki. Hún fjallar um mann sem greinist með ólæknandi heilaæxli sama dag og hann kemst á eftirlaun. Hann hefur eytt síðustu áratugunum í tilgangslausa rútínu, fjarlægst fjölskyldu sína og ekki lifað lífinu sem skyldi.
18.10 Þær
18.40 Nýlendan
19.10 The Block
20.10 Solsidan
20.35 Killing It
21.00 Law and Order. Organised Crome
21.50 Love Island
22.35 The Handmaid's Tale
23.35 From
00.35 NCIS
01.20 NCIS. Los Angeles
02.00 The Rookie
02.45 Snowfall
03.30 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Barnaefni
11.45 Simpson-fjölskyldan
12.10 Ice Cold Catch
12.50 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir
13.20 Baklandið
13.50 Krakkakviss
14.25 Landnemarnir
15.00 Heimsókn
15.30 America's Got Talent. All Stars
16.55 The Good Doctor
17.40 60 Minutes
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Tónlistarmennirnir okkar Tónlistarmennirnir okkar er heimildar- og viðtalsþáttaröð þar sem Auðunn Blöndal hittir nokkra af ástsælustu skemmtikröftum landsins, fylgir þeim eftir í leik og starfi og rifjar upp ferilinn.
19.35 Grand Designs
20.20 A Friend of the Family
21.20 The Undeclared War
22.05 Vampire Academy
22.50 Masters of Sex
23.45 Insecure
00.10 Coroner
02.20 Pennyworth

MÁNUDAGUR

HRINGBRAUT

18:30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19:00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19:30 Nýsköpun Þáttur um nýsköpun í umsjón Páls Kr. Pálssonar.
20:00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20:30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá **(e)**
21:00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. **(e)**

Fáir hafa gleymt upplýsingafundum þríeykisins sem voru oft í viku.

Covid-stormur byggist upp á RÚV

birnadrofn@frettabladid.is

Annar þátturinn í heimildarþáttaröðinni Stormi er sýndur á RÚV klukkan 20.15 á morgun, sunnudag.

Um er að ræða heimildarþáttaröð um baráttuna við Covid-19 þar sem fylgst er með störfum þeirra sem stjórnuðu aðgerðum í faraldrinum. Í þáttunum er einblínt á mannlega hlið faraldursins og sagt frá sorgum og sigrum í baráttu þjóðarinnar við að hemja útbreiðslu veiru sem setti heimsbyggðina á hliðina. Þá fær áhorfandinn mikla innsýn í þá vinnu sem hið svokallaða þríeyki vann í faraldrinum.

Í þessum þætti er meðal annars rifjað upp þegar bakvörður á Bergi í Bolungarvík er handtekinn eftir að hafa villt á sér heimildir og uppnám verður á spítalanum á Ísafirði.

Í síðustu viku var fjallað um aðgerðir vegna faraldursins og það hvernig reynt var að hemja útbreiðslu og vakti þátturinn mikla athygli. ■

VIÐ TÆKIÐ

Þið þarna

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Kvikmyndin You People kom á Netflix þann 27. janúar síðastliðinn.

Myndin fjallar um ungan mann sem leikinn er af Jonah Hill. Hann er eins og svo margir aðrir í leit að ástinni en honum gengur ekkert svakalega vel til að byrja með. Hann kynnist svo Amiru, sem leikin er af Lauren London. Þau verða ástfangin og ákveða að gifta sig.

Hún er svört og hún er múslimi en hann er hvítur gyðingur. Fjölskyldur þeirra eru ólíkar og það eru hefðir þeirra og venjur líka. Ýmsir menningarlegir og samfélagslegir árekstrar verða á milli fjölskyldnanna og þeirra sjálfra. Á köflum er myndin virkilega fyndin og skemmtileg fyrir áhorfandann en hún fjallar á sama tíma um málefni sem vert er að fjalla um.

Það er okkur sem búum í frekar einsleitu samfélagi einstaklega hollt að horfa á myndina held ég. Minna okkur á okkar eigin forréttindablindu og það í hversu litlum tengslum við, hvíta fólkið á Íslandi, erum við veruleika margra. Fín leið til að gera það getur verið í gegnum fyndna mynd á Netflix. ■

> Á köflum er myndin virkilega fyndin og skemmtileg fyrir áhorfandann en hún fjallar á sama tíma um málefni sem vert er að fjalla um.

Tilvist og tilvistarleysi manneskjunnar

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Ný þýðing á sjálfsævisögu Virginiu Woolf eftir Soffíu Auði Birgisdóttur er tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna.

Soffía Auður Birgisdóttir, þýðandi og bókmenntafræðingur, þýddi sjálfsævisögu Virginiu Woolf sem ber heitið Útlínur liðins tíma. Soffía er vel kunnug Virginiu Woolf en hún hefur áður þýtt eftir hana skáldsöguna Orlandó og smásögu sem birtist í þýðingasafninu Smásögur heimsins.

„Hún er einfaldlega uppáhaldshöfundurinn minn. Ég skrifaði BA-ritgerð um hana fyrir þrjátíu og eitthvað árum," segir Soffía Auður og hlær.

Breska skáldkonan Virginia Woolf er einn þekktasti rithöfundur sögunnar en sjálfsævisaga hennar Útlínur liðins tíma (e. Moments of Being) kom ekki út fyrr en 1976, rúmum þremur áratugum eftir dauða hennar.

„Hún lýsir bernsku sinni og uppvaxtarárum, foreldrum og systkinum, átökum á milli kynslóða. Foreldrar hennar og sérstaklega faðir hennar voru svona dæmigerðir fulltrúar hins viktoríanska feðraveldis. En hún og systkini hennar, sérstaklega Vanessa systir hennar sem var listmálari og yngri bræðurnir, voru nútímafólk sem gjörbreyttu svo lifnaðarháttum sínum þegar þau losnuðu undan oki feðraveldisins þegar faðir þeirra dó," segir Soffía Auður.

Soffía Auður Birgisdóttir hefur þýtt tvær af bókum Virginiu Woolf, Orlandó og Útlínur liðins tíma. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Geðræn veikindi

Virginia Woolf átti erfitt líf og þjáðist nær alla ævi af geðrænum veikindum. Hún reyndi nokkrum sinnum að taka sitt eigið líf og lést 59 ára að aldri árið 1941 með því að drekkja sér í Ouse-fljótinu. Soffía Auður segir þessa erfiðleika koma glöggt fram í bókinni.

„Það er talið að hennar geðrænu vandamál eigi upptök í gríðarlegum áföllum í æsku sem byrja þegar hún er þrettán ára gömul og missir móður sína. Hún lýsir því náttúrlega mjög vel í bókinni, þeim áhrifum sem andlát móður hennar hafði á hana og allt fjölskyldulífið. Síðan tveimur árum seinna þá deyr systir hennar sem þá var nýgift, barnshafandi og mjög hamingjusöm, það var henni óskiljanlegur harmleikur. Nokkrum árum seinna deyr bróðir hennar 26 ára, þannig að þetta eru svona endurtekin áföll. Svo fléttast líka inn í kynferðisleg áreitni eða misnotkun sem hún lýsir þarna aðeins, sem stjúpbróðir hennar beitti hana."

Elskaði konur og karla

Mikið hefur verið rætt um kynhneigð Virginiu Woolf í gegnum tíðina. Hún giftist Leonard Woolf árið 1912, þá þrítug, en átti einnig í ástarsamböndum við konur, frægast þeirra við rithöfundinn Vita Sackville-West.

„Þótt hún hefði gifst og átt gott hjónaband þá var hún kannski meira hneigð til kvenna. Hennar helsta ástkona var Vita Sackville-West sem hún byggir karakterinn Orlandó að miklu leyti á, hún fléttar eiginlega saman sinn eigin karakter og karakter Vitu í Orlandó, finnst mér," segir Soffía Auður.

Eftir að Leslie Stephen, faðir Virginiu Woolf, lést árið 1904 flutti fjölskyldan frá Kensington í Bloomsbury-hverfið í vesturhluta Lundúna. Þar fékk skáldgáfa Virginiu að blómstra í hinum svokallaða Bloomsbury-hóp sem hún var partur af ásamt ýmsum öðrum listamönnum.

„Eftir að þau systkinin flytja í Bloomsbury-hverfið þá gerast þau bóhemar og stofna hóp listamanna og fræðimanna sem hittust heima hjá þeim. Þar var samkynhneigð bara eðlilegur hlutur, fullt af samkynhneigðu fólki og þótti ekkert mál. Það er mjög merkilegt að lesa það. Að mörgu leyti erum við íhaldssamari held ég en sumir voru á þessum tíma," segir Soffía Auður.

> Líf okkar allra líður að mestu leyti í því sem hún kallar tilvistarleysi. Svo koma það sem hún kallar tilvistaraugnablik.

Granít og regnbogi

Soffía Auður hefur fjallað töluvert um ævisögur og sjálfsævisögur á ferli sínum sem bókmenntafræðingur. Til að mynda fjallaði doktorsritgerð hennar um Þórberg Þórðarson og mörk skáldskapar og sjálfsævisögu í verkum hans.

„Í þessari bók er Virginia ekki bara að skrifa sjálfsævisögu eða endurminningar sínar heldur er hún sífellt að velta fyrir sér forminu og hvernig sé hægt að lýsa manneskju. Þetta er rit sem er mjög áhugavert í því samhengi. Hún talar um að það sé ekki hægt að lýsa manneskju, að það sé álíka mögulegt og að binda saman granít og regnboga, þar sem staðreyndirnar eru granítið. Hins vegar sé sú ævisaga einskis virði sem ekki reynir að nota liti regnbogans til að varpa ljósi á karakter," segir hún.

Tilvistaraugnablik lífsins

Útlínur liðins tíma fjallar að miklu leyti um eðli og gildi lífs hverrar manneskju.

„Annað sem hún er að velta fyrir sér, það er að líf okkar allra líður að mestu leyti í því sem hún kallar tilvistarleysi. Svo koma það sem hún kallar tilvistaraugnablik, eða moments of being á ensku, sem verða einhver svona uppljómunaraugnablik. Og hvernig á að vefa þetta saman? Hún er sífellt að velta þessu fyrir sér og ég held að lykilhugtakið hjá henni séu hughrif, þú getur kannski kallað fram ævi þína meira í hughrifum og kallað fram minningar í gegnum hughrif en líka í gegnum hljóð og lykt, sem er náttúrlega það sama og Proust talar um," segir Soffía Auður.

Breska skáldkonan Virginia Woolf (1882–1941) átti stormasama ævi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hún bætir því við að þessi lífspeki Virginiu Woolf sé ef til vill uppspretta þess af hverju hún gerðist rithöfundur.

„Svo tengir hún þessi tilvistaraugnablik og segir að alltaf þegar hún upplifi eitthvað svoleiðis finni hún svo sterka þörf hjá sér til að lýsa því og vinna úr því og þar liggi grundvöllurinn að því að hún sé rithöfundur. Hún verði að lýsa þessum augnablikum og gott ef hún talar ekki um heimspeki sína í þessu samhengi." ■

Draumaband Ragnars Kjartanssonar

tsh@frettabladid.is

Ragnar Kjartansson opnar sýningu á vídeóinnsetningu sinni The Visitors í Listasafninu á Akureyri í dag, laugardag, klukkan 15.

„Mér finnst svo gaman að það sé verið að sýna þetta verk í Listasafninu á Akureyri. Ég veit að þetta er búið að vera í undirbúningi lengi og þetta er alveg ótrúlega mikill heiður og ánægja að það sé verið að setja þetta upp þarna," segir Ragnar.

The Visitors er eitt þekktasta verk Ragnars og The Guardian valdi verkið besta listaverk 21. aldarinnar eftir að það var fyrst sett upp í Migrossafninu í Zürich 2012. Það hefur ekki verið sýnt á Íslandi síðan það var sett upp í Kling og Bang 2012.

Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður.

Hvernig er að koma aftur að verkinu rúmum áratug síðar?

„Ég er bara voða ánægður með það og þykir alltaf alveg afskaplega vænt um þetta verk og líka vænt um fólkið í þessu verki. Þetta er svo mikið portrett af tónlistarmönnunum og fólkinu í Rokeby-húsinu."

The Visitors var tekið upp í hinu sögufræga en hnignandi Rokeby sveitasetri í upphéruðum New York-fylkis Bandaríkjanna sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar síðan 1813. Fjöldi þekkta tónlistarmanna og listamanna kemur fram í verkinu, margir hverjir nánir samstarfsmenn Ragnars á borð við Kristínu Önnu og Gyðu Valtýsdætur, Davíð Þór Jónsson og Kjartan Sveinsson auk bandarísk-pakistanska listamannsins Shahzad Ismaily.

Úr The Visitors eftir Ragnar Kjartansson. MYND/AÐSEND

„Ég man að þetta var einhvers konar draumaband þannig séð, að búa til hljómsveit með þessu fólki. Þetta eru stórkostlegir tónlistarmenn af minni kynslóð og svolítið portrett af þessari senu," segir Ragnar. Hann hefur áður sýnt í Listasafninu á Akureyri og gerði til að mynda eftirminnilegt útilistaverk sem sýnt var á safninu 2021 og heitir Undirheimar Akureyrar. Spurður hvort hann sé hrifinn af Akureyri sem sýningarstað segir Ragnar:

„Þetta safn er orðið svo frábært og hann Hlynur Hallsson safnstjóri er að gera svo góða hluti. Þannig að þetta er bara einn af skemmtilegustu listáfangastöðum á landinu." ■

Leikskólarnir

Hér þarf lítið að segja. Leikskólar eru sums staðar í fínum málum og geta hlúð að yngstu borgurunum. En hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur Dags B. Eggertssonar virðist lítill sem enginn skilningur á grundvallarlögmálum dagvistunar barna. Þar reiknaði fólk sig að þeirri niðurstöðu að leikskólarnir væru ofmannaðir sem nemur 75 starfsmönnum á meðan leikskólastjórar í borginni sendu frá sér neyðarkall í fyrra um að 400 milljónir vantaði í reksturinn. Borgin á víst enga flugvél og spurning hvort hún eigi yfirleitt eitthvað eftir sem hægt er að selja?

Grunnskólarnir

Það eru ekki til kennarar til að kenna krökkum. Þau er flest búin að segja upp til að gerast flugfreyjur eða -þjónar. Þá eru myglaðir skólar um allt land, og í skýrslu frá 2019 kom fram að skólastjórnendur og skóla- og frístundasvið liti myglað menntakerfið ekki sömu augum og greindi á um hversu mikið fé þyrfti til þess að halda því gangandi sómasamlega. Ótrúlegt en satt þá var stofnaður stýrihópur til að vinna að réttlátari dreifingu fjármagnsins sem er eyrnamerkt málaflokknum.

Háskólarnir

Landssamtök íslenskra stúdenta lýstu í desember yfir þungum áhyggjum af langvarandi fjársvelti á háskólastigi og bentu á að Ísland væri eftirbátur samanburðarþjóða sinna þegar kemur að fjárfestingu í háskólamenntun. Heildartekjur á ársnema við Háskóla Íslands voru 2,9 milljónir árið 2019. Þetta ár, voru til samanburðar, meðaltekjur á ársnema við háskóla í Danmörku 5,5 milljónir og 4,8 milljónir í Noregi. Samt er þó enn talið raunhæft að koma Háskóla Íslands í fremstu röð háskóla á heimsvísu. En ekki hvað?

TF-Sif, TF-Gná og TF-Líf fljúga yfir borgina. MYND/AÐSEND

Besta land í heimi á útsölu

Neyðarlending dómsmálaráðherra á Landhelgisgæsluvélinni TF-Sif ofan í botnlaust skuldafen ríkisins er þrungin merkingu og enn ein staðfesting þess að þjóðin hefur ekki efni á því að standa undir lífseigri ranghugmynd sinni um að Ísland sé best í heimi.

benediktboas@frettabladid.is
toti@frettabldid.is

Íslendingar hafa löngum byggt sjálfsmynd sína á óbilandi trú á að hér sé allt best í heimi. Vatnið, loftið, lambakjötið og ekki síður norræna velferðarsamfélagið sem við byggðum upp af fádæma manngæsku og samkennd. Eða þannig.

Jón Gunnarsson, ráðherra dómsmála, og aðstoðarflugstjóri hans, Brynjar Níelsson, mátu fjárhagsstöðuna þannig að fljúga þyrfti Gæsluflugvélinni TF-Sif lóðbeint á íslensku skýjaborgina en komið var í veg fyrir það í gær.

Gæslan er þó síður en svo eina fjársvelta opinbera stofnunin.

Þær eru margar eins og allir sjá sem vilja. Hvert sem litið er vantar krónur og aura nema á RÚV. Sú stofnun getur leikið sér með skattfé og sótt auglýsingar ofan í þá átta milljarða sem stofnunni er úthlutað úr tómum ríkiskassanum árlega. ■

Lögreglan

Fyrir tíu árum kynnti innanríkisráðherra áfangaskýrslu á Alþingi þar sem fram kom að staða löggæslu í landinu væri grafalvarleg. Brugðist var við með auknum fjárframlögum en svo byrjaði ferðafólk að streyma til landsins í kjölfar makrílsins. Í ársbyrjun 2018 var fjöldi lögreglumanna 1,7 á hverja 1.000 íbúa en aðeins 0,3 þegar ferðamenn eru taldir með, samkvæmt skýrslu ríkislögreglustjóra.

Hafrannsóknastofnun

Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson er ekki nema 53 ára gamalt. Kom hingað nýtt árið 1970. Sama ár og Apollo 13 var þeytt út í geim í frægri ferð. Nýrra skipið, Árni Friðriksson, er um 23 ára og væntanlega tímabært að fara huga að endurnýjun því tækninni fleygir fram. En kannski telst það kostur að með úreltar og bilaðar ratsjár sést ekki meira en aðeins þessir örfáu toppar á ísjökum þrotaðs samfélags.

Íþróttir

Landsliðin í körfubolta fengu aðeins nokkrar krónur og aura frá Afrekssjóði ÍSÍ. Framtíð A-landsliða Íslands í körfuknattleik gæti verið í hættu vegna þessa. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, benti nýlega á þá staðreynd að iðkendur þyrftu að punga einhverju út í öllu landsliðastarfi nema knattspyrnu. Sem þýðir að ef barn eða unglingur stendur sig vel og kemst í landslið í annarri íþrótt en knattspyrnu þá fellur kostnaðurinn á foreldrana.

Íþróttamannvirki

Hér þarf ekki að hafa mörg orð. Þjóðarleikvangar landsins eru þeir elstu í álfunni.

Heilbrigðiskerfið

Án orða.

Gatnakerfið

Ef það snjóar á landi sem heitir Ísland fer allt í hnút og ekki tekur betra við þegar hlánar. Gatnakerfi landsins er að mestu leyti handónýtt. Sérstaklega í höfuðborginni með endalausum plásturviðgerðum svo lífi og limum er ógnað með holum og sleipu malbiki auk þess sem Teslum stendur stórkostleg ógn af stöðuvötnum á götum borgarinnar.

Lokahnykkur ferðalagsins í Iðnó í kvöld

lovisa@frettabladid.is

Í kvöld fara fram í Iðnó styrktartónleikar á vegum Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinist með krabbamein og aðstandendur. Um 70 ungir einstaklingar greinast á ári hverju og hefur það bæði áhrif á þau greindu sem og fjölskyldur og ástvini þeirra.

Tónleikarnir eru þeir síðustu í tónleikaferðalagi styrktarfélagsins um landið allt en tilefni þeirra er er alþjóðlegur baráttudagur gegn krabbameinum sem er í dag. Markmið tónleikanna er að fá fólk til að koma saman og njóta líðandi stundar því lífið er núna og styrkja gott málefni í leiðinni.

Tónleikaröðin hófst á þriðjudag á Höfn í Hornafirði en þaðan var farið í Neskaupstað, til Akureyrar og svo í Reykjanesbæ í gær. „Við erum búin að þræða landið og kynna boðskapinn," segir Stefán Magnússon framkvæmdastjóri styrktarfélagsins.

Að hans sögn er um að ræða fjölbreytta skemmtun sem hentar breiðu aldursbili.

Tónlistarfólkið sem kemur fram eru þau Anya, Elín Hall, Sycamore Tree, Langi Seli og skuggarnir, Unnsteinn og Hermigervill, Bríet og hljómsveit og Grunge rokkmessa og Stebbi Jak sem hefur ferðast með félaginu um landið allt.

„Þegar ég setti line-upið saman vissi ég ekki að Langi Seli og skuggarnir væru í Söngvakeppninni en það má fastlega búast við því að þeir taki Eurovision-lagið, og Breiðholtsbúgí," segir Stefán léttur.

Tónleikarnir í Iðnó í kvöld hefjast klukkan 19 og standa til 23 en húsið er opnað klukkan 18.

Hann segir að fólk geti komið og verið allan tímann eða litið við og hlustað á ákveðinn tónlistarmann.

Hægt er að tryggja sér miða með því að kaupa hann á tix.is eða við innganginn. „Síðustu miðarnir verða seldir við hurð," segir Stefán en miðinn kostar 3.500 krónur og rennur ágóði styrktartónleikanna til Krafts og starfsemi félagsins í þágu ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda. ■

Stefán Jakobsson söngvari Dimmu til vinstri og Stefán Magnússon framkvæmdastjóri Krafts hafa í vikunni ferðast saman um landið. MYND/AÐSEND

> Við erum búin að þræða landið og kynna boðskapinn.

VIVIAN ÓLAFSDÓTTIR JACK FOX ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON IAIN GLEN

NAPÓLEONSSKJÖLIN

KVIKMYND EFTIR ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

KOMIN Í BÍÓ

BYGGÐ Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRIÐASON

STJÓRN KVIKMYNDATÖKU ÁRNI FILIPPUSSON LEIKMYNDAHÖNNUN HEIMIR SVERRISSON TÓNLIST FRANK HALL BÚNINGAHÖNNUN SYLVÍA DÖGG HALLDÓRSDÓTTIR
GERVAHÖNNUN CARMEN BOTERMANN MARCUS MICHAEL KLIPPING GUNNAR B. GUÐBJÖRNSSON & KRISTJÁN LOÐMFJÖRÐ HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING &
SINDRI ÞÓR KÁRASON MEÐFRAMLEIÐENDUR JENS WOLF NESHE DEMIR DAGSKRÁRSTJÓRI ZDF DORIS SCHRENNER AÐSTOÐARFRAMLEIÐANDI FRANK SEYBERTH
FRAMLEIÐSLUSTJÓRI ERLINGUR JACK GUÐMUNDSSON YFIRFRAMLEIÐENDUR KJARTAN THOR THORDARSSON RALPH CHRISTIANS AÐALSTEINN JÓHANNSSON
BYGGT Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRIÐASON HANDRIT MARTEINN ÞÓRISSON FRAMLEIÐENDUR TINNA PROPPÉ HILMAR SIGURÐSSON ANITA ELSANI DIRK SCHWEITZER
LEIKSTJÓRN ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

FRÉTT VIKUNNAR

Glimmer, gleði, bankar og gulur blús

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

toti@frettabladid.is

„Þar sem ég er horfin inn í Eurovision-búbbluna fannst mér í fyrstu að frétt vikunnar hlyti að vera sú staðreynd að Íslendingar kepptust um að ná miðum á úrslit Söngvakeppninnar," segir Ragnhildur Steinunn, dagskrárgerðarkona hjá RÚV og einn kynna Söngvakeppninnar.

„En það er kannski engin frétt að þjóðina þyrsti í glimmer, gleði og glæný Söngvakeppnislög. Eða hvað?" segir Ragnhildur.

Veltir hún fyrir sér hvort þjóðin hafi ekki, upp til hópa, verið heltekin af júrógleði frá því að söngflokkurinn Icy söng um Gleðibankann 1986.

„Það er kannski viðeigandi að vísa í texta þess lags þegar litið er yfir liðna viku þar sem bankar, blús og að hnýta allt í hnút kom vissulega við sögu. Kvika bauð Íslandsbanka upp í dans, janúar-blúsinn helltist yfir marga eins og úr ískaldri regnfötu og kjaradeilan er einn stór rembihnútur þar sem allir stefna öllum.

Já, og svo gætu auðvitað allir gulu miðarnir verið ágætis myndlíking fyrir gulu viðvaranirnar sem hafa dúkkað upp nær daglega. Ég er hugsi. Frétt vikunnar fyrir mér er hversu hratt tíminn líður, hraðar sérhvern dag og sérhvert kvöld en þá er fullkomið að hlusta á kósí lítið lag frá stúlknasveitinni Flott sem minnir okkur á samstöðu. Leysum hnútinn og dönsum í takt, kæru landsmenn." ■

Gjafakörfur sem þessar hafa verið gefnar í Finnlandi í meira en öld. Skotar hafa einnig gefið körfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fagna nýjum krúttum með rausnarlegum gjafakörfum

Allir nýfæddir Hafnfirðingar hafa á liðnu ári fengið heimsendar hamingjuóskir frá heimabæ sínum ásamt táknrænni gjöf, Krúttkörfu sem bíður þeirra á bókasafni bæjarins.

toti@frettabladid.is

Nýbakaðir foreldrar í Hafnarfirði hafa tekið hamingjuóskum og táknrænni gjöf frá bænum fagnandi enda þykir krúttkarfan svokallaða sem bærinn fagnar nýinnfæddum bæjarbúum með afskaplega vegleg.

„Ég var eiginlega hissa hvað þetta var veglegur pakki. Ég var búin að lesa um krúttkörfurnar en vissi ekki að þetta væri svona flott," segir Sunna Magnúsdóttir sem er nýbúin að sækja körfu dóttur sinnar, sem verður gefið nafn á sunnudaginn, á bókasafnið.

Hún segir það óneitanlega gaman að bæjarfélagið skuli á þennan hátt taka virkan þátt í gleðinni sem fylgir því að koma heim með nýtt barn.

„Algjörlega. Ég hef eignast tvö börn áður og þetta var ekki þá og það var skemmtilegt að sækja þetta á bókasafnið."

Öll ný krútt fá kort

Bærinn hefur frá og með 1. janúar í fyrra sent hamingjuóskir og kort heim til allra nýfæddra Hafnfirðinga með skilaboðum um að þeirra bíði táknræn gjöf, svokölluð krúttkarfa, á barnadeildinni á Bókasafni Hafnarfjarðar.

Óhætt er að segja að vel hafi verið tekið í framtakið þar sem stór hluti foreldra hefur sótt gjöf til þeirra 347 barna sem hafa fengið kveðju frá bænum.

„Gjöfin er liður í því að efla Hafnarfjörð enn frekar sem fjölskylduvænt samfélag með fallegri gjöf og upplýsingum um þá þjónustu sem fjölskyldunni allri stendur til boða innan bæjarmarkanna," segir Árdís Ármannsdóttir upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

Krúttgjöf Hafnarfjarðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sunna Magnúsdóttir með litlu Hafnarfjarðarkrúttstelpuna sína sem verður skírð á sunnudaginn.
MYND/AÐSEND

Karfan þykir, eins og Sunna bendir á, ákaflega vegleg en valið er í hana með notagildi, kynhlutleysi og umhverfissjónarmið í huga. Í körfunni er fatnaður fyrir barnið: heilgalli, húfa, sokkar og smekkur með áletruninni Halló Hafnarfjörður.

> Í körfunni er fatnaður fyrir barnið: heilgalli, húfa, sokkar og smekkur með áletruninni Halló Hafnarfjörður.

Og það er ekki allt. Síður en svo því í körfunni eru einnig krúttbangsi og tvær bækur, önnur hugsuð fyrir foreldrana en hin til lestrar fyrir barnið.

Aukin atvinnutækifæri

Geitungarnir, nýsköpunar- og starfsþjálfun fyrir fólk með fötlun, spila stórt hlutverk í kringum krúttkörfurnar. Geitungarnir taka á móti innihaldi gjafar, sjá um pökkun í gjafakassa og afhendingu á gjöfunum til bókasafnsins þar sem starfsfólk safnsins tekur við og annast afhendinguna til foreldra. Mánaðarlega keyrir svo þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar út lista með nýfæddum Hafnfirðingum, póstleggur kort og kemur að vinnslu kynningarefnis, innkaupum og öðrum ákvörðunum í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið og þjónustu- og þróunarsvið bæjarins.

Krúttkarfan kallar þannig á gott flæði og samstarf á milli að minnsta kosti fimm starfsstöðva innan bæjarins og hefur ekki bara glatt nýbakaða foreldra heldur einnig skapað Geitungunum aukið tækifæri til atvinnu og fjölbreyttra verkefna. ■

VÖRULÍNAN INNIHELDUR
GÓÐGERLA (PROBIOTICS)
OG GÓÐGERLANÆRINGU
(PREBIOTICS)

ellen

HUGSAÐU VEL UM ÞÍNA ...

ELLEN – FYRIR KYNFÆRASVÆÐI KVENNA

Ellen vörulínan samanstendur af nýstárlegum og náttúrulegum gæðavörum sem stuðla að réttu pH-gildi fyrir kynfærasvæði kvenna, í gegnum öll stig lífsins. Vörur frá Ellen byggja á einstökum rannsóknum og vöruþróun þar sem áhersla er lögð á að bjóða vörur með nútíma vísindum sem geta hjálpað konum að ná og viðhalda jafnvægi á sýrustigi í leggöngum.

Jafnvægi á sýrustigi legganganna er nauðsynlegt til að viðhalda heilbrigði kynfæranna.

Á vissum tímabilum í lífi kvenna er meiri hætta á að sýrustigið fari úr jafnvægi. Þetta getur til dæmis gerst meðan á blæðingum stendur, á meðgöngu, eftir sýklalyfjakúra eða í tengslum við breytingaskeiðið.

FÆST Í APÓTEKUM OG FRÆINU FJARÐARKAUP

FINNUM RÉTTA PARKETIÐ SAMAN

Mikið úrval af umhverfisvænu Krono harðparketi, merkt Bláa englinum

Krono Original
High Quality
Made by Kronospan

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HVAÐA FLÍSAR DREYMIR ÞIG UM?

-25%
AF ÖLLUM FLÍSUM

-25%
AF ÖLLUM LUKTUM

-25-30%
AF VÖLDU LUNAWOOD

-30%
AF VÖLDU WOODMOOD

-20%
AF ÖLLUM OSRAM PERUM

OSRAM

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

VR
Mættu því óvænta

BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar

Dagsbrúnarárin

Það er svo langt síðan ég var verkamaður að ég var í Dagsbrún þannig að ef ég væri framreiknaður væri ég Eflingarfélagi. Samt auðvitað enn á sambærilegum skítalaunum og ég fékk fyrir að dæla bensíni hjá Essó gamla heitnum þegar ég þurfti reglulega að sækja mér kjarabætur í yfirdráttarheimild í Búnaðarbankann á snarsturluðum vöxtum.

Sprungurnar sem komu í sjálfsmynd mína á Dagsbrúnarárunum væru líka einnig á sínum stað. Það brýtur mann nefnilega smátt og smátt niður að ná aldrei endum saman og þurfa að keyra með króníska 500 kall á tankinum í Endurvinnsluna með dósir í skottinu til þess að eiga fyrir mat og bleyjum.

Líka glatað að þurfa ár eftir ár að skála í seigum og ógeðslegum landa aðfaranótt 1. maí vegna þess að maður hefur ekki efni á vodkanum í ÁTVR. Og ekki rís maður heldur hátt þegar eina ljósið í myrkrinu er að boðað fjárnám verður árangurslaust vegna þess að maður á ekkert sem er þess virði að taka af manni.

Samt er ég nú ósköp þakklátur fyrir Dagsbrúnarárin þótt þau hafi haft mótandi áhrif á mig sem þunglyndan alkóhólista og kvíðasjúkling þannig að svo skemmtilega [sic] vill til að ég er enn að vinna úr þeim með hjálp Sturlungsins sem fyllir þetta pláss aðra hvora viku.

Ég er þó allavegana nógu lífsreyndur til þess að vita að ég er í toppmálum á meðan ég hef efni á að sækja mér geðhjálp án þess að vera svo firrtur að finnast eðlilegt og sjálfsagt að þau sem halda tannhjólum tilveru manns gangandi, myrkranna á milli, eigi að gera það fyrir nánast ekki neitt. ■

Gautaborg

Frá **9.899** kr.

Hamborg

Frá **10.490** kr.

Kaupmannahöfn

Frá **10.005** kr.

Lissabon

Frá **20.900** kr.

London

Frá **8.499** kr.

París

Frá **16.900** kr.

Prag

Frá **14.699** kr.

Porto

Frá **17.900** kr.

Madríd

Frá **13.290** kr.

Malaga

Frá **19.900** kr.

Mallorca

Frá **18.900** kr.

New York

Frá **22.900** kr.

Stokkhólmur

Frá **10.990** kr.

Tenerife

Frá **18.499** kr.

Toronto

Frá **22.900** kr.



Varsjá

Frá **11.790** kr.

Washington DC

Frá **22.900** kr.

Takk!

Við erum í skýjunum...

...með 1. flugsætið

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

flyPLAY.is

PLAY